

Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis

***til aukinnar
samkeppnishæfni, sóknar
og alþjóðatengsla***



**Tillögur Verkefnisstjórnar
um byggðaáætlun
fyrir Eyjafjarðarsvæðið**

Mars 2004

Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis

***til aukinnar
samkeppnishæfni, sóknar
og alþjóðatengsla***

**Tillögur Verkefnisstjórnar
um byggðaáætlun
fyrir Eyjafjarðarsvæðið**

Mars 2004

Útgefandi: Lønðar- og viðskiptaráðuneytið
Umsjón og ábyrgð útgáfu: Verkefnisstjórn um byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð
Ritstjóri: Baldur Pétursson
Prentumsjón: Athygli
Prentun: Svansprent
Ljósmynd á forsíðu: Mats Wibe Lund
1. útgáfa
Upplag: 500 eintök
ISBN: 9979-871-46-6

EFNISYFIRLIT

<u>FORMÁLSORD</u>	5
<u>I. NIÐURSTÖÐUR OG MEGINTILLÖGUR</u>	6
<u>II. INNGANGUR</u>	7
II.1 ALMENNT YFIRLIT.....	7
II.2 STÖRF VERKEFNISSTJÓRNAR.....	7
<u>III. TILLÖGUR VERKEFNISSTJÓRNAR UM BYGGÐAÞRÓUN VÍÐ EYJAFJÖRD</u>	9
III.1 SVÆÐIÐ OG AFMÖRKUN ÞESS	9
III.2 HUGMYNDAFRÆÐI, FYRIRMYNDIR OG FORSENDUR	9
III.3 SÝN TIL FRAMTÍÐAR	10
III.4 VAXTARSAMNINGUR – SJÁLFBÆR FRAMKVÆMD TIL SÓKNAR.....	10
III.5 ÁHERSLA Á 4 KLASA / VAXTARKJARNA.....	12
III.6 ÁVINNINGUR AF STARFSEMI KLASA.....	14
III.7 EINSTAKA TILLÖGUR UM FRAMKVÆMDIR FLOKKAÐAR EFTIR SVIÐUM.....	16
<u>IV. STÖRF Á VEGUM RÍKISINS Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU</u>	19
<u>V. STAÐA, ÞRÓUN, SAMKEPPNISHÆFNI OG STARFSSKILYRÐI Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU</u>	21
<u>VI. ALÞJÓÐLEG ÞRÓUN, ALÞJÓÐAVÆÐING, HUGMYNDAFRÆÐI OG FYRIRMYNDIR</u>	25
VI.1 ÁHERSLUR Í RÍKJUM OECD.....	25
VI.2 ÁHERSLUR Í BYGGÐAMÁLUM Í FINNLANDI – OULU – VAXTAKJARNI / KLASI.....	27
VI.3 HVERNIG MÁ NÝTA KLASA TIL AUKINNAR SAMKEPPNISHÆFNI FYRIRTÆKJA OG SVÆÐA?	28
VI.4 ALÞJÓÐLEG VERKEFNI – NPP, NORA, EES/ESB, SP, OFL.....	29
<u>VII. TILLÖGUR STARFSHÓPA - SAMANTEKT</u>	31
<u>VIII. FYLGISKJAL I</u>	33
<u>EINSTAKA TILLÖGUR FLOKKAÐAR EFTIR STARFSHÓPUM</u>	33
<u>1 SAMKEPPNISHÆFNI, ATVINNUMÁL OG NÝSKÖPUN</u>	33
INNGANGUR.....	33
MEGINTILLÖGUR	33
TILLAGA 1: STYTTING Á AKSTURSLEIÐINI MILLI AKUREYRAR OG REYKJAVÍKUR SEM OG INNAN SVÆÐIS ..	33
TILLAGA 2: EYJAFJARÐARSVÆÐIÐ VERÐI ÖNDVEGISSTAÐUR VÍSINDA OG RANNSÓKNA Á ÁKV. SVIÐUM.....	34
TILLAGA 3: STÓRIÐJUUPPBYGGING VERÐI Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU OG /EÐA NORÐURLANDI	35
TILLAGA 4: EFLA FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ OG GERA ÞAÐ AÐ “STÓRIÐJU EYJAFJARÐARSVÆÐISINS”	35
TILLAGA 5: HÖFUÐSTÖÐVAR MATVÆLSTOFNUNAR ÍSLANDS Á AKUREYRI	36
TILLAGA 6: OPINBERAR AÐGERÐIR TIL BEINNAR LÆKKUNAR FLUTNINGSKOSTNAÐAR.....	37
<u>2 FERÐAMÁLAÞJÓNUSTA, MENNINGARMÁL OG FÉLAGSMÁL</u>	38
INNGANGUR.....	38
MEGINTILLÖGUR - FERÐAMÁLAÞJÓNUSTA, MENNINGARMÁL OG FÉLAGSMÁL.....	38
TILLAGA 1: SAMEIGINLEG MARKAÐSSKRIFSTOFA VERÐI STOFNUÐ Á NORÐURLANDI.....	38
TILLAGA 2: AKUREYRI VERÐI ÁKJÓSANLEGUR ÁNINGARSTAÐUR FYRIR FJÓLSKYLDUR OG FERÐATILBOÐ OG AFBREYINGARMÖGULEIKAR VERÐI MIÐAÐIR AÐ BÖRNUM T.D. MEÐ ÖFLUGUM SKEMMTIGARÐI.....	39
TILLAGA 3: SNJÓFRAMLEIÐSLUBÚNAÐUR VERÐI SETTUR UPP Í HLÍÐARFJALLI.....	40
TILLAGA 4: DEMANTSHRINGUR NORÐURSINS SKIPULAGÐUR – MÝVATN, ÁSBYRGI OG HÚSAVÍK MEÐ MERKTUM GÖNGULEIÐUM OG ÁNINGARSTÖÐUM. UNNIÐ VERÐI VANDAÐ LANDAKORT AF SVÆÐINU SEM DRAGI FRAM HELSTU PERLUR HRINGSINS.....	40
TILLAGA 5: TENGJA NORÐURLAND ALÞJÓÐLEGU SAMGÖNGUNETI MEÐ GÓÐU TENGIFLUGI Á MILLI AKUREYRAR OG KEFLAVÍKUR OG EINS BEINU FLUGI FRÁ AKUREYRI TIL ÚTLANDA.....	41
TILLAGA 6: TREYSTA REKSTRARGRUNÐVÖLL SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR NORÐURLANDS OG LEIKFÉLAGS AKUREYRAR.....	41

3 BYGGDATENGL OG SVEITARFÉLÖG	42
INNGANGUR	42
MEGINTILLÖGUR - BYGGDATENGL OG SVEITARFÉLÖG	42
TILLAGA 1: SAMRÆMD ATVINNUSTEFNA Á SVÆÐINU	42
TILLAGA 2: HEILDSTÆTT MARKAÐSÁTAK Í UPPBYGGINGU FERÐAÞJÓNUSTU FYRIR SVÆÐIÐ Í HEILD	43
TILLAGA 3: SÉRSTÖK ATHUGUN Á HVERNIG SAMGÖNGUBÆTUR GETA STYRKT FORSENDUR FYRIR TENGLUM BYGGÐARLAGANNA Á NORÐURLANDI	43
TILLAGA 4: GERÐ VERÐI SÉRSTÖK GREINING Á NORÐURLANDI SEM SVÆÐI, MEÐ ÁHERSLU Á ÍMYND ÞESS	43
TILLAGA 5: SÉRSTÖK ATHUGUN Á FORSENDUM OG SKILYRÐUM FYRIR FREKARI SAMEININGU SVEITARFÉLAGA Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU	44
4 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA	44
INNGANGUR	44
MEGINTILLÖGUR - HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA	44
TILLAGA 1: MIÐSTÖÐ NEYÐARÞJÓNUSTU FYRIR NORÐURSKAUTSSVÆÐIÐ	45
TILLAGA 2: GLOBODENT – ÞEKINGARFYRIRTÆKI Á SVIÐI TANNLÆKNINGA	45
TILLAGA 3: UPPBYGGING HEILBRIGÐISTENGDRAR UPPLÝSINGATÆKNI	46
TILLAGA 4: UPPBYGGING HEILSUTENGDRAR FERÐAÞJÓNUSTU	47
TILLAGA 5: ENDURHÆFING	48
5 SKÓLA OG FRÆDSLUMÁL	48
INNGANGUR	48
MEGINTILLAGA - SKÓLA OG FRÆDSLUMÁL	49
TÖLFRÆÐIN – EYJAFJARÐARSVÆÐIÐ Í DAG	50
FRAMHALDSSKÓLAR	51
HÁSKÓLAR	52
SÉRSKÓLAR	52
TILLAGA 1: SKIPULEG VINNA GEGN BROTTFALLI ÚR NÁMI	53
TILLAGA 2: AUKIÐ NÁMSFRAMBOÐ TIL EINSTAKLINGA MEÐ STUTTA FORMLEGA MENNTUN	53
TILLAGA 3: AUKIÐ FRAMBOÐ FORMLEGS FRAMHALDSSKÓLANÁMS	54
TILLAGA 4: EFLING NÁMS OG RANNSÓKNA Á HÁSKÓLASTIGI	55
6 SAMGÖNGUR	56
INNGANGUR	56
ALMENNT UM SAMGÖNGUR OG EYJAFJARÐARSVÆÐIÐ	56
TILLAGA 1: STYTTINGAR Á NÚVERANDI LEIÐ UM ÞJÓÐVEG 1	58
TILLAGA 2: NÝR VALKOSTUR Á VEGI MILLI EYJAFJARÐAR OG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS	58
TILLAGA 3: BÆTT SÍMASAMBAND Á ÞJÓÐVEGUM	60
TILLAGA 4: BÆTTAR MERKINGAR Á VEGUM Í ÖBYGGÐUM	60
TILLAGA 5: ALMENNINGSSAMGÖNGUR	61
TILLAGA 6: HAFNIR OG FLUTNINGAR Á SJÓ	62
7 ERLEND RÁÐGJÖF UM BYGGÐAMÁL	62
INNGANGUR	62
TILLAGA 1: AUKIN ALÞJÓÐAVÆÐING OG BREYTTAR AÐSTÆÐUR KALLA Á NÝJAR ÁHERSLUR	63
TILLAGA 2: OECD VERÐI FENGIÐ TIL AÐ VINNA AÐ ÚTTEKT UM SJÁLFBÆRA BYGGÐASTEFNU, ÞAR SEM EYJAFJARÐARSVÆÐIÐ VÆRI EINN AF MEGIN ÞÁTTUM ATHUGUNARINNAR, EN KÖNNUNIN MYNDI EINNIG NÁ TIL HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS OG LANDSINS ALLS, ÞAR SEM FJALLAÐ VÆRI UM SAMSPIL ÞÉTTBÝLIS OG DREIFBÝLIS SEM OG SAMSTARF OPINBERRA AÐILA OG EINKAÐILA Á SVIÐI BYGGÐAMÁLA	64
TILLAGA 3: AUKIÐ SAMSTARF VIÐ ERLENDA AÐILA Á SVIÐI BYGGÐAMÁLA	65
TILLAGA 4: AUKIN UPPLÝSINGAMIÐLUN UM ERLENDAR ÁHERSLUR Á SVIÐI BYGGÐAMÁLA	65
TILLAGA 5: TENGJA ÞARF Í AUKNUM MÆLI MÁLEFNI LANDSBYGGÐAR OG HÖFUÐBORGARINNAR	65
8 AÐRAR TILLÖGUR - VERKEFNISSTJÓRNAR	66
TILLAGA 1: HÁSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (HSÞ) STARFRÆKI SÉRSTAKAN SKÓLA Á SVIÐI AUÐLINDALÍFTÆKNI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI (HA)	66
TILLAGA 2: LÍFTÆKNINET Á AKUREYRI	66
TILLAGA 3: VESTNORRÆNT SAMSTARF - VERKEFNI MEÐ SKRIFSTOFU Á AKUREYRI	67
TILLAGA 4: STJÓRNSÝSLA FISKELDIS FLUTT TIL AKUREYRAR	67
TILLAGA 5: BÆTT GAGNAVINNSLA ER VARÐAR, VINNUMARKAÐ OG ATVINNULÍF Á EINSTAKA SVÆÐUM	68
TILLAGA 6: ÁHERSLA VERÐI LÖGÐ Á SAMEININGU OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA	68
TILLAGA 7: FJÖLGAÐ VERÐI STÖRFUM Á VEGUM RÍKISINS Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU, SKIPAN STARFSHÓPS	69

FORMÁLSORÐ

Hugmyndir fólks um þjóðir og lönd tengjast einnig rötum, menningararfi og jafnvel hollustu. Þjóðir hafa hins vegar átt misjafnlega auðvelt með að greina sig hverjar frá öðrum; landamerki eru víðast hvar óskýr nema ef til vill hjá eyþjóðum þar sem ein þjóð býr í einu landi. Íslendingar þekkja þá einangrun og hún hefur að mörgu leyti stýrt og skaðað byggðaumræðu á umliðnum áratugum.

Víðast hvar í þeim löndum Evrópu og norðanverðri Ameríku sem Íslendingar vilja helst bera sig saman við hefur byggðaumræða verið í vaxandi mæli hluti af umfjöllun um efnahags-, atvinnu- og skipulagsmál. Í þessum löndum snúast byggðamál að mestu leyti um að tengja saman svæði og skapa hverju þeirra sérstöðu og auka þannig samkeppnishæfni og vaxtarmöguleika. Svæði skipta æ meira máli en lönd og færarleg landamerki, ekki síst nú á tímum alþjóðavæðingar, þar sem breytingar gerast með sívaxandi hraða á öllum sviðum þar sem hvert svæði hefur sína sérstöðu.

Breyttar áherslur á sviði byggðamála má einnig sjá innan stofnana s.s. OECD, sem hefur aukið athuganir og ráðgjöf á þessu sviði. Þetta gefur sterka vísbendingu um að byggðamál eru ekki eitthvað sem er "úrelt eða gamaldags" - heldur er starf á þessu sviði mikilvægur hlekkur í samræmdri og skilvirkri efnahags-, skipulags- og hagþróun einstakra svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli.

Af þessum sökum er alþjóðleg skírskotun, upplýsingamiðlun og aukið alþjóðlegt samstarf afar mikilvægt, á hvaða sviði sem er. Sambærilega þróun má glögglega sjá á sviði atvinnulífs, þar sem alþjóðleg samvinna fer sífellt vaxandi, hvort sem um er að ræða vegna útrásar íslenskra fyrirtækja eða erlent samstarf á Íslandi. Sem dæmi má nefna EES-samninginn sem er eitthvert stærsta skref sem tekið hefur verið hér á landi á sviði alþjóðavæðingar og opnað fyrir alþjóðlegt samstarf Íslendinga á hinum margvíslegustu sviðum, s.s. á sviði rannsóknna, menntamála og atvinnulífs.

Segja má að byggðamál séu einnig m.a. skipulagsmál. Í þessari áfangaskýrslu Verkefnisstjórnar um byggðaaætlun Eyjafjarðar er horft til nýrra tíma í nýtingu landsins. Þar þarf landshugsun að víkja fyrir svæðishugsun; byggðakjarna verður að skipuleggja í ljósi styrkleika, þeirra tækifæra og samkeppnishæfni, innanlands sem á alþjóðavettvangi. Svæðið umhverfis Akureyri hefur ótal margt sem hægt er að nýta til frekari sóknar á innlendum sem erlendum vettvangi. Í þessum efnum skiptir ímynd svæðisins einnig sköpum og helst í hendur við framsækna og skarpa framtíðarsýn.

Sú sýn, verkfæri og markmið sem hér eru sett fram eru veigamikill grunnur að frekari árangri í framtíð varðandi uppbyggingu Eyjafjarðarsvæðisins. Byggðamál og árangur einstakra svæða má að vissu leyti líkja við fyrirtæki þar sem árangur byggist á raunhæfu stöðumati og því að taka tillit til breyttra aðstæðna, nýta ný vinnubrögð og tækni til sóknar.

Ábyrgð á byggðamálum er að færast í meira mæli til viðkomandi byggðarlaga, sem gerir kröfur um nýjar áherslur. Á sama tíma er mikilvægt að starfsskilyrði atvinnulífs og byggða séu hér samkeppnishæf miðað við okkar samkeppnislönd. Þetta gildir ekki síst þar sem samkeppnishæfni svæða byggist hvað mest á samkeppnishæfu atvinnulífi.

Til að treysta sem best byggðaðróun einstakra svæða er afar mikilvægt að skapa kraftmikið, sjálfbært og skapandi ferli, sem hefur ábyrgð á byggðamálum viðkomandi svæða. Tækifærin koma ekki og banka á dyrnar í byggðamálum frekar en en á öðrum sviðum, og því er skilvirkt starf á einstaka svæðum afar mikilvægt. Starfi á sviði byggðamála lýkur hinsvegar aldrei frekar en starfi innan fyrirtækja.

Verkefnisstjórn um byggðaaætlun Eyjafjarðar

I. NIÐURSTÖÐUR OG MEGINTILLÖGUR

NIÐURSTÖÐUR

Það er mat verkefnisstjórnar um byggðaaætlan Eyjafjarðar að Eyjafjarðarsvæðið eigi sér mikla möguleika til vaxtar og þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum og tækifærum sem fyrir hendi eru á svæðinu, sem og þeim áherslum og tillögum að aðgerðum sem hér eru kynntar. Það er jafnframt mat og framtíðarsýn verkefnisstjórnar að fyrir árið 2020 verði íbúatala Eyjafjarðarsvæðisins um 30.000, í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi með sterk alþjóðleg tengsl. **Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að íbúum svæðisins sem og atvinnutækifærum fjölgi árlega að meðaltali um 2,3%.** Tillögur um aðgerðir skiptast í tvo flokka, þ.e. 1. tillögur um vaxtarsamning og 2. forgangstillögur.

TILLÖGUR

1. Vaxtarsamningur

Gerður verði svokallaður vaxtarsamningur frá 2004 til 2007 sem byggist á nýjum aðferðum við að styrkja hagvöxt einstakra svæða. Samningurinn taki mið af sambærilegum aðferðum, sem best hafa tekist erlendis. Vaxtarsamningurinn miði öðru fremur að sjálfbæru framkvæmdaferli er hafi það að markmiði að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt, þróa og styrkja helstu vaxtargreinar þess og efla svæðisbundna sérþekkingu. Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Mennta- og rannsóknaklasi.
- 2) Heilsuklasi.
- 3) Ferðapjónustuklasi.
- 4) Matvælaklasi.

Beinn ávinningur vaxtarsamnings er að festa í sessi til langs tíma kraftmikið og skilvirkt starf sem miðar að auknum hagvexti svæðisins, auknum fjölbreytileika í atvinnulífi og fjölgun starfa. Starfsemi vaxtarsamnings hefjist á miðju ári 2004 og gildi til ársloka 2007. Árlega verði varið 40 m.kr. til verkefnisins, sem fjármagnað verði af ríki, sveitarfélögum, stofnunum og af atvinnulífi. Skipuð verði stjórn Vaxtarsamnings sem í eigi sæti fulltrúar frá helstu aðilum á Eyjafjarðarsvæði sem og frá ríki.

2. Forgangstillögur um beinar aðgerðir á einstaka sviðum

Samhliða því að starfsemi vaxtarsamnings komi til framkvæmda, er afar brýnt að ráðist verði í aðgerðir á einstaka sviðum. Forgangstillögum um aðgerðir er hér skipt í 5 megin flokka:

1. Mennta- og rannsóknaklasi:

- 1) Háskóli Sameinuðu þjóðanna í auðlindalíftækni,
- 2) Efling náms og rannsókna á háskólastigi,
- 3) Efling framhaldsskólanáms á verk- og tæknisviði

2. Heilsuklasi:

- 1) Efling endurhæfingar á svæðinu
- 2) Akureyri - miðstöð neyðarþjónustu Norðurskautssvæðisins
- 3) Uppbygging heilsutengdrar upplýsingatækni

3. Ferðapjónustuklasi:

- 1) Heilstætt markaðsáttak
- 2) Akureyri - fjölskylduvænn ferðamannastaður
- 3) Tengja Norðurland alþjóðlegum samgöngum

4. Matvælaklasi:

- 1) Stofnað verði líftækninet
- 2) Höfuðstöðvar Matvælastofnunar Íslands til Akureyrar
- 3) Flytja stjórnslu fiskiældismála til Akureyrar

5. Forgangstillögur á öðrum sviðum:

- 1) Stytting akstursleiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur sem og innan svæðis
- 2) Stóriðjuuppbygging verði á Eyjafjarðarsvæðinu og / eða Norðurlandi
- 3) Bætt gagnavinnsla er varðar vinnumarkað og atvinnulíf á einstaka svæðum landsins.
- 4) OECD verði fengið til ráðgjafar á sviði byggðamála er nái til dreifbýlis og þéttbýlis.
- 5) Kynningarráðstefna um klasamyndun með alþjóðlegri þátttöku
- 6) Almenningsamgöngur á Norðurlandi eflar
- 7) Áhersla verði lögð á sameiningu og samstarf sveitarfélaga
- 8) Fjölgað verði störfum á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu – skipan starfshóps

Þessum tillögum er öllum lýst aftar í skýrslu þessari, en þar er einnig að finna aðrar tillögur sem mikilvægt er talið að vinna að. Áhersla er lögð á að hraða framkvæmd þessara tillagna.

II. INNGANGUR

II.1 Almennt yfirlit

Þann 3. maí 2002 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 – 2005. Í III kafla þingsályktunarinnar eru settar fram tillögur um aðgerðir. Þar er m.a. lagt til að unnið verði að sérstakri byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð með það að markmiði að efla þetta öflugasta þéttbýlissvæði utan höfðuborgarsvæðisins sem byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland.

Í árslok 2002 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fimm manna verkefnisstjórn og var hlutverk verkefnisstjórnarinnar að gera tillögu til ráðherra um stefnumörkun byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð. Með stefnumörkuninni skyldi koma fram framkvæmdaáætlun tillagna, hver beri ábyrgð á framkvæmd einstakra verkefna, áætlun um kostnað þar sem það á við og tímasetning einstakra aðgerða. Að öðru leyti var óskað eftir að verkefnisstjórnin tæki mið af tillögum sem unnar voru fyrir ráðuneytið af sérfræðingum á sviði byggðamála sumarið 2002. Þá var óskað eftir að verkefnisstjórnin geri tillögur til ráðherra um skipan starfshópa til að vinna að stefnumótun á einstökum sviðum.

Í verkefnisstjórnina voru skipuð: Formaður Sigmundur Ernir Rúnarsson, ritstjóri, Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, Akureyri, Hilda Jana Gísladóttir, kennari og fjölmiðlamaður, Akureyri, Laufey Petrea Magnúsdóttir, aðstoðarskólameistari, Akureyri og Jón Helgi Pétursson, sparisjóðsstjóri, Grenivík. Starfsmenn verkefnisstjórnarinnar voru Baldur Pétursson, iðnaðarráðuneyti og Guðmundur Guðmundsson, Byggðastofnun. Gert var ráð fyrir að verkefninu lyki eigi síðar en við lok ársins 2004.

Kjarninn í starfi Verkefnisstjórnar hefur verið að virkja aðila á Eyjafjarðarsvæðinu og ná fram þeirri sérfræðipækkingu sem þar er á atvinnu- og byggðamálum samhliða því að tengja þær hugmyndir því nýjasta sem er að gerst á sviði byggðamála í okkar nágranna- og samkeppnislöndum. Segja má að uppbygging og kaflar skýrslunnar endurspegli þetta, en skýrslan skiptist í 5 megin kafla sem eru:

1. Formálsorð
2. Niðurstöður og megintillögur
3. Inngangur
4. Tillögur Verkefnisstjórnar um byggðaðróun við Eyjafjörð (VBE)
5. Störf á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu
6. Staða, þróun, samkeppnishæfni og starfsskilyrði á Eyjafjarðarsvæðinu
7. Alþjóðleg þróun og alþjóðavæðing – hugmyndafræði og fyrirmyndir
8. Tillögur starfshópa - samantekt

Segja má að þær tillögur sem hér eru birtar séu nýjung á sviði byggðamála hér á landi – þar sem farnar eru nýjar leiðir – sem m.a. byggjast á nýjum aðferðum í byggðamálum sem farnar hafa verið erlendis á síðustu árum og gefist vel. Tillögurnar miða að því að auka lífsgæði í Eyjafirði með Akureyri sem öflugan og áhugaverðan byggðakjarna á landinu. Samkeppnishæfni atvinnulífs og um leið svæðisins er lykill að árangri, en í því felst m.a. mun víðtækara og öflugra skólustarf á Akureyri en verið hefur, stórbætt skilyrði fyrir vísindasamfélag á staðnum, nýjar og áhugaverðar lausnir í heilbrigðisþjónustu og ferðaþjónustu og síðast en ekki síst, veruleg fjölgun atvinnutækifæra þar sem gerðar eru miklar menntunarkröfur til fólks.

Meginþunginn í tillögugerð VBE er að byggja enn frekar á helstu styrkleikum svæðisins á sviði matvælaframleiðslu, heilbrigðis-, skóla- og ferðaþjónustu. Á þessum fjórum stöðum byggir VBE helstu tillögur sínar, ásamt því að benda á umbætur í samgöngumálum og samskiptum sveitarfélaga sem geta styrkt umræddar stöðir. Markmið tillagnanna er fyrst og fremst að auka hagvöxt svæðisins, fjölga atvinnutækifærum á svæðinu svo það geti enn frekar sinnt því lykilhlutverki sínu að vera miðstöð atvinnu, menningar og þjónustu á öllu Norður- og Austurlandi. Samstillt átak sveitarstjórna, atvinnulífs og ríkisvalds er nauðsynlegt svo að góður árangur verði af byggðaáætlun Eyjafjarðar. Vaxtarsamningur þessara aðila, sem kynntur er hér á eftir, gæti markað Eyjafjarðarsvæðinu mikla sérstöðu og markað ný spor í byggðamálum hér á landi, sem aðferðafræði við eflingu byggðakjarna, byggða á aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða.

II.2 Störf verkefnisstjórnar

Vinna verkefnisstjórnar hefur nú tekið rúmlega eitt ár og hefur verið unnið ötullega að gagnasöfnun, viðtölum við heimamenn og aðra, á sama tíma og miðlað hefur verið til landsins erlendri ráðgjöf á sviði byggðamála. Með slíkum undirbúningi hefur verið reynt að leggja grunn að vönduðum vinnubrögðum sem miða að því að treysta sem best tillögugerð að uppbyggingu Eyjafjarðarsvæðisins sem sjálfbærum og samkeppnishæfum vaxtarkjarna á Norðurlandi.

Verkefnisstjórnin byggir starf sitt á stefnumótandi áætlunum ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 en þar er Eyjafjarðarsvæðisins sérstaklega getið og kveðið á um mikilvægi þess að Akureyri og nærsveitir geti haft fulla burði til þess á komandi árum að vera raunverulegur valkostur í byggðamálum við stærsta byggðakjarna landsins á suðvesturhorninu. Nefnt er sérstaklega í tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda í byggðamálum, (þskj. 843 – 538. mál) að “byggðakjarni við Eyjafjörð með a.m.k. 40-50 þús. manns mundi bæta umtalsvert búsetuskilyrði í nærliggjandi héruðum á Norðurlandi og Austurlandi” á svipaðan hátt og bæir af þessari stærð gera, t.d. í Noregi, Finnlandi, Skotlandi og á Nýfundnalandi.

Í starfi nefndarinnar hefur verið lögð áhersla á samspil og aukna samvinnu allra aðila, einstaklinga, samtaka, atvinnulífs, sveitarfélaga og opinberra aðila – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur verið lögð sérstök áhersla á samkeppnishæfni svæðisins á öllum sviðum með hliðsjón af þróun alþjóðavæðingar. Segja má að störf verkefnisstjórnar séu nýstárleg – þar sem m.a. er tekið mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði byggðamála.

Í megin atriðum má segja að áherslur í störfum verkefnisstjórnar megi skipta í 4 flokka

- Gagnasöfnun.
- Samstarf við helstu aðila á svæðinu.
- Upplýsingamiðlun frá erlendum aðilum.
- Skipuleg greining vinnuhópa á sóknarfærum svæðisins.

Vinna á áður nefndum áherslusviðum hefur síðan komið fram í margvíslegum verkefnum og samstarfi, við innlenda sem erlenda aðila. Helstu atriði í störfum nefndarinnar hafa verið eftirfarandi:

1. Fundir, viðtöl, gagnaöflun
2. Samstarf og viðtöl við fjölda aðila á svæðinu.
3. Upplýsingar, gagnasöfnun frá erl. aðilum, m.a. frá OECD, Finnlandi o.fl.
4. Ráðstefna um byggðamál á Akureyri – innlendir og erl. ráðgjafar – upplýsingamiðlun
5. Stuttur skýringarþættir í sjónvarpi – upplýsingamiðlun til almennings - heimasíða,
6. Námskeið um klasa / netsamstarf – fenginn erl. sérfræðingur
7. Greining á sóknarfærum - vinna 7 starfshópa: 1. Skóla- og menntamál, 2. heilbrigðismál, 3. atvinnumál, 4. byggðamál og sveitarfélög, 5. ferðapjónusta og menningarmál, 6. erlend ráðgjöf um byggðamál og 7. samgöngur.
8. Samantekt – gerð áfangaskýrslu

Á síðustu vikum hefur verkefnisstjórnin verið að vinna að skýrslu sem byggist á tillögum starfshópa og áherslum og gagnasöfnun verkefnisstjórnar frá innlendum og erlendum aðilum. Verkefnisstjórnin hefur haldið tugi funda í starfi sínu á rúmu ári. Í fyrstu var lögð höfuðáhersla á að kynna sér skýrslur og rannsóknir sem þegar hafa verið unnar á þessu sviði á undanförunum árum, ásamt því að ræða við fjölmarga lykilstjórnendur á meðal heimamanna, þar sem lögð var áhersla á að kynnast hugmyndum þeirra sem gerst þekkja til svæðisins, veikleika þess, styrkleika, ógnana og tækifæra. Að svo búnu voru fengnir til liðs við verkefnisstjórnina á fjórða tug margvíslegra sérfræðinga á nær öllum sviðum atvinnu-, félags- og menningarmála til að móta rökstuddar tillögur um aukna samkeppnishæfi landshlutans á öllum sviðum mannlífsins. Starfshóparnir voru þessir:

- Samkeppnishæfni, atvinnumál og nýsköpun
- Ferðamálapjónusta, menningarmál og félagsmál
- Bygðatengsl og sveitarfélög
- Heilbrigðisþjónusta
- Skóla- og fræðslumál
- Samgöngumál, og
- Erlend ráðgjöf um byggðamál

Hóparnir skiluðu allir af sér samtals á fjórða tug tillagna síðastliðið sumar. Stjórn verkefnisins hefur síðustu mánuði unnið að því að flokka og samþætta þessar tillögur og færa þær í búning stefnumarkandi byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð. Við þá vinnu hefur VBE notið liðsinnis Bygðarannsóknastofnunar Íslands á Akureyri og sérstaks starfshóps um atvinnumál á Akureyri.

Á vegum verkefnisstjórnarinnar hafa fimm liðsmenn hennar farið utan til Frakklands og Finnlands til að kynna sér nýja strauma og stefnur á sviði byggðamála svo sem frekar er getið aftar í þessari áfangaskýrslu. Þrír stjórnarmenn héldu utan til Parísar í janúar 2003 og sátu þar þriggja daga ráðstefnu OECD um byggðamál í nýju ljósi. Tveir menn á vegum stjórnarinnar héldu til Oulu í október 2003 og kynntu sér þar finnsku leiðina í byggðamálum sem þykir vera allt í senn nýstárleg, framsækin og árangursrík. Sú skýrsla sem hér er birt er unnin undir ritstjórn Baldurs Péturssonar, auk Sigmundar Ernis Rúnarssonar og Guðmundar Guðmundssonar, en verkefnisstjórnin hafði yfirumsjón með gerð skýrslunnar.

III. Tillögur Verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð

Umfjöllun um þær tillögur sem eru settar fram í þessum kafla er skipt í 6 flokka, en ekki er ætlunin að fara í ítarlega umfjöllun um þessa flokka hér þar sem þeim eru gerð skil hér á eftir – heldur er einungis verið að gera grein fyrir skipulagi umfjöllunarinnar. Flokkarnir eru þessir:


1. Svæðið og afmörkun þess
2. Hugmyndafræði, fyrirmyndir og forsendur
3. Sýn til framtíðar
4. Vaxtarsamningur – sjálfbær framkvæmd til sóknar
5. Áhersla á 4 klasa / vaxtarkjarna
6. Ávinningur af starfsemi klasa
7. Einstaka tillögur um framkvæmdir flokkaðar eftir sviðum

Þessum áherslum verður nú lýst nánar hverjum fyrir sig.

III.1 Svæðið og afmörkun þess

Þar sem talað er um íbúafjölda svæðisins er miðað við svæðið frá Ólafsfirði í vestri inn fjörðinn og út að austan til Grenivíkur og þjónar þessi skilgreining einungis tölfræðilegu hlutverki. Umfjöllun nefndarinnar sem og tillögugerð og áhrif þeirra ná til mun stærra svæðis.

Þrátt fyrir þessa skilgreiningu má ljóst vera að áhrif byggðaaðgerða í þessum kjarna ná verulega út fyrir þetta svæði til austurs og vesturs. Má þar sérstaklega nefna sveitarfélögin í Skagafirði og Þingeyjarsýslum.



Þessi nágrannasvæði byggðakjarnans í Eyjafirði munu án vafa hafa mikinn efnahagslegan, menningarlegan og félagslegan ávinning af styrkingu hans, ekki síst hvað alla þjónustu snertir.

Jafnframt má ljóst vera að um leið og ákveðin kjarnabyggð styrkist á Norðurlandi, hefur það ekki einungis jákvæð áhrif á nærliggjandi byggðarlög, heldur og einnig á þau byggðarlög sem fjær liggja á svæðinu. Öflugur þéttbýliskjarni sem er innan við 2 - 3 klst. akstursleiðar bætir grannsvæðum aðgengi að þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi, menntun, sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og þar með búsetuskilyrðum þeirra. Skilyrði til atvinnurekstrar batna einnig vegna nálægðar við þjónustu, þekkingu, stærri markað, og fleiri viðskiptatækifæri, auk þess sem ferðamannastraumur eykst til þessara svæða.

III.2 Hugmyndafræði, fyrirmyndir og forsendur

Í störfum nefndarinnar og mótun tillagna hefur verið lögð megin áhersla á samstarf og ráðgjöf við hina ýmsu aðila á svæðinu, einkaaðila sem opinbera aðila, atvinnulíf sem launþega – sem og aukíð samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur einnig verið lögð megin áhersla á nýjungar í vinnubrögðum um byggðamál og ráðgjöf erlendra sérfræðinga á sviði byggðamála – þar sem horft er til reynslu og þróunar, með hliðsjón af áhrifum alþjóðavæðingar á samkeppnishæfni atvinnulífs, svæða og einstakra landa. Segja má að forsendum þessara tillaga megi skipta í þrennt.

- Áhersla á sérstöðu og styrkleika Eyjafjarðarsvæðisins
- Samkeppnishæfni og starfsskilyrði – forsenda sóknar
- Alþjóðleg tengsl og reynsla

Þegar fjallað er um Eyjafjarðarsvæðið í þessari umfjöllun er átt við svæði sem hefur bein eða óbein áhrif á öllu Norðurlandi og til þess fallin að styrkja byggð innan svæðisins, á sama tíma og byggðakjarni á Akureyri er treystur.

Segja má að störf verkefnisstjórnar séu að nokkru leyti nýstárleg – og taki mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði byggðamála og því mótast tillögur af þessum áherslum. Í þessu sambandi hefur verið horft til reynslu Finna þar sem kjarnaupbygging byggðar og vaxtarsamningar hafa skilað góðum og markvissum árangri. Kjarni í öflugri byggðapróun er samkeppnishæfni svæða,

ekki einungis innan viðkomandi svæða og landa – heldur og ekki síður á alþjóðavettvangi. Jafnframt er í tillögum nefndarinnar stuðst við erlenda reynslu og ráðgjöf á sviði byggðamála, þar sem nýtt er það sem vel hefur tekist erlendis.

III.3 Sýn til framtíðar

Það er mat aðila að Eyjafjarðarsvæðið eigi sér mikla möguleika til vaxtar, þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, samhliða nýjum áherslum og aukinni sókn í þau tækifæri sem hægt er að nýta. Það er mat aðila að sýn til framtíðar byggist á þeim styrkleika og þeim miklu tækifærum sem framundan eru og mælt með því að hún verði eftirfarandi:

Fyrir árið 2020 verði íbúatala Eyjafjarðarsvæðisins um 30.000, í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi með sterk alþjóðleg tengsl.

Kjarninn í þessari sýn er fjölbreytt, framþróað, sérhæft og samkeppnishæft atvinnulíf með sterk alþjóðleg tengsl. Þetta verði grunnur að eftirsóttu og fjölskylduvænu samfélagi, vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma. Fyrir árið 2020 verði íbúatala Eyjafjarðarsvæðisins komin í um 30.000.

Umfjöllun um markmið, fjölgun íbúa og starfa til 2020 og til 2007

Í þessari skýrslu Verkefnisstjórnar er gert ráð fyrir að íbúum Eyjafjarðarsvæðisins muni fjölga um 9000 fram til ársins 2020, eða frá um 21.000 í 30.000 og er þá miðað við svæði frá Ólafsfirði í vestri til Grenivíkur í austri. Þetta þýðir að árleg fjölgun íbúa sem og vinnuafls yrði um 2,3% á ári að meðaltali. Sé miðað við 65% atvinnuþátttöku á vinnumarkaði þýðir þetta fjölgun starfa um 6000 fram til 2020, eða frá 13.600 í um 19.600.

Sé horft til fyrsta tímabils vaxtarsamnings, þ.e. 2004 – 2007, þýðir þetta fjölgun íbúa um 1500, eða frá 21.000 í 22.500 og fjölgun vinnuafls um 1000 eða frá 13.600 í 14.600.

III.4 Vaxtarsamningur – sjálfbær framkvæmd til sóknar

Til að tryggja framgang þessara áherslna verði slíkt gert með sérstöku skipulegu samstarfi einkaaðila og opinberra aðila - sem hér er kallað vaxtarsamningur – einskona sjálfbæru stjórnunar- og framkvæmdarferli. Í tillögum verkefnisstjórnar er lagt til að vaxtarsamningur gildi frá miðju ári 2004 til ársloka 2007. Stefnt skal að því að hann verði þá tekinn til endurskoðunar á sama hátt og gert hefur verið t.d. í Finnlandi.

Framkvæmdin miðar að frekari uppbyggingu viðkomandi kjarna með klasafyrirkomulagi og samstarfsneti aðila um slíka uppbyggingu, þar sem byggt verði á vinnuaðferðum er því tengjast, m.a. með öflugum ráðgjafa- og stuðningsferli á þessu sviði, sjá nánar kafla um klasa. Kostnaður vegna þessa samstarfs verði borinn af þátttökuaðilum, ríki, bæjarfélagi, stofnunum og atvinnulífi.

Kjarni í þessu starfi er uppbygging klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum sem og öðrum sviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Víða erlendis hefur starfsemi klasa færst verulega í vöxt, ekki síst til að tryggja aukna samkeppnishæfni viðkomandi starfsemi atvinnulífs og svæða. Klasar geta því átt við hvort sem um er að ræða starfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, þó að í báðum tilvikum sé æskilegt að ákveðnar forsendur í atvinnulífi séu til staðar, s.s. fjöldi fyrirtækja o.fl. Aukið mikilvægi klasa er ekki síst hluti af þróun alþjóðavæðingar og þeim breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi á seinustu árum, ekki síst með auknu frjálsræði á öllum sviðum s.s. innan EES-samningsins.

Sterka klasa í atvinnulífi og byggðum má víða sjá á Vesturlöndum sem öðrum hlutum heimsins, innan Evrópu sem annarstaðar. Verkefnisstjórnin hefur m.a. fengið hingað til lands alþjóðlega sérfræðinga á sviði klasa og kynnt sér slíkt fyrirkomulag erl. eins og t.d. á Oulu svæðinu í Finnlandi,

en þar hefur tekist að byggja upp alþjóðlegan klasa fyrirtækja á rafeindasviði á undanförunum árum, ekki síst á grunni klasa vaxtarsamninga eins og hér er byggt á.

Einkenni Vaxtarsamnings

- Sameiginleg stefnumörkun fyrir vaxtargreinar á svæðinu
- Tengir saman helstu aðila á viðkomandi sviði á svæðinu í skipulegt netsamstarf

Samanstendur af 4 vaxtarklösum sem og stuðningsverkefnum

Eins og fram kemur hér eru einkenni vaxtarsamnings tengd sameiginlegri stefnumörkun og samstarfi helstu aðila er miða að uppbyggingu 4 vaxtarkjarna tengslaneta er það varðar, eftir efnun og aðstæðum á hverjum stað.

Markmið Vaxtarsamnings

- Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Að fjölga samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum. Styrkja Eyjafjarðarsvæðið sem alþjóðlega miðstöð sérþekkingar.
- Að laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu

Markmið samningsins er að auka samkeppnishæfni svæðisins byggða á styrkleikum og tækifærum og efla þannig hagvöxt. Þetta verði gert með því að þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu sem fjölgi um leið samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum. Jafnframt er mikilvægt að nýta með skilvirkum hætti möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum og tengslum og styrkja þannig Eyjafjarðarsvæðið sem alþjóðlega miðstöð sérþekkingar og laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Sérstök áhersla verði á hina margvíslegu aðferðafræði er treysti samkeppnishæfni atvinnulífs og þar með svæðisins. Eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að vinna að eru nýting á innlendum sem erlendum samanburðarrannsóknnum á atriðum er varða samkeppnishæfni svæðisins við höfuðborgarsvæðið sem og samkeppnissvæði erlendis. Í þessu sambandi er mikilvægt að efla markvissa umfjöllun um samkeppnishæfni, s.s. með fundum og ráðstefnum, þar sem fengnir verða innlendir og erlendir sérfræðingar á þessu sviði, þar sem samkeppnishæfni er grundvallar forsenda árangurs til lengri tíma lítið.

Framkvæmd Vaxtarsamnings

- Efla uppbyggingu klasa á 4 kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast
- Veita ráðgjöf um klasa - er nái einnig til aðila utan kjarnasviða, sé þess óskað.
- Einstaka klasaverkefni verða sjálfstæð og óháð.

Starfsemi einstakra klasa byggist á starfi sem þekkt er í klasaverkefnum.

Vaxtarsamningur nái frá 2004 til ársloka 2007, en verði þá endurmetinn.

- Aðild að Vaxtarsamningi verði frá ríki, Eyjafjarðarsvæði, atvinnulífi og stofnunum.
- Ráðinn verði framkvæmdaraðli og ráðgjafi er sinni þessum störfum.

Skilgreina markmið og starfsemi, m.a. vöxt og fjölda starfa eftir klösum.

- Áhersla verði lögð á samkeppnishæfni, samanburðarrannsóknir, verkefni o.fl.

Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum og verkefnum þeim er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Þetta verði gert með áherslum sem byggjast á starfslýsingum sem þekktar eru í klasaverkefnum og einstaka klasaverkefni verði sjálfstæð og óháð og starfi á forræði viðkomandi aðila. Einnig verði sinnt ráðgjöf um aukið samstarf á sviðum utan kjarnasviða verði þess óskað. Mikilvægt er að í upphafi starfstíma verði veitt upplýsingamiðlun s.s. í forni námskeiðs með innlendum og erl. aðilum um framkvæmd klasa. Vaxtarsamningur, staða, aðgerðir og áhrif - verði einnig metin árlega.

Til að annast framkvæmd þessa verði gerður vaxtarsamningur opinberra aðila og einkaaðila er nái frá 2004 til 2007. Ráðinn verði framkvæmdaraðli og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Meðal verkefna þeirra verði að skilgreina vöxt og fjölda starfa innan klasanna.

Það skal áréttað að vaxtarsamningur og uppbygging klasa er eingin töfralausn – enda engar töfralausnir til í byggðamálum, eða áherslum er miða að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Árangur byggist á langtímaáherslum og vinnu hinna ýmsu aðila, sem að málinu koma.

Fjármögnun og kostnaður vaxtarsamnings

- Fjármögnun samningsins verði frá opinberum aðilum og einkaaðilum
- Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður verði um 40 milljónir kr¹., sem skiptist þannig: Ríki 30 mkr., sveitarfélög 5 mkr. og einkaaðilar og stofnanir 5 mkr.
- Meginkostnaður felst í útgjöldum vegna starfsmanna sem jafnframt eru ráðgjafar á sviði klasaupbyggingar og veita viðkomandi aðilum á markaði ráðgjöf gegn gjaldi um uppbyggingu og rekstur klasa.
- Kostnaður vegna rekstrar einstakra klasa verður borinn af viðkomandi aðilum.

Gert er ráð fyrir að fyrst um sinn verði fjármögnun að mestu frá ríkinu, þar sem um byrjunarverkefni er að ræða. Á síðari stigum verði hlutur einkaaðila, stofnana og sveitarfélaga á svæðinu hærri. Kostnaður vegna rekstrar og ráðgjafar einstakra klasa er hinsvegar borinn af viðkomandi aðilum. Í því sambandi er í meginatriðum gert ráð fyrir að í upphafi vinnu á sviði klasa geti viðkomandi aðilar fengið ráðgjöf gegn vægu gjaldi, en síðar verði greitt fyrir slíka ráðgjöf á markaðsverði.

Samstarfsaðilar vaxtarsamnings

Verkefnisstjórnin hefur ekki fjallað ítarlega um það hverjir kæmu að samstafi um vaxtarsamning, en hins vegar er ljóst að æskilegt er að helstu aðilar á svæðinu sem málið varðar komi að slíku samstarfi. Það er því æskilegt að eftirfarandi aðilar komi t.d. að slíku samstarfi. Ríkið, Akureyrarbær, fulltrúi annarra sveitarfélaga, Háskólinn á Akureyri, samtök atvinnurekenda, samtök launþega og Útflutningsráð.

Tekið skal fram að ekki hefur verið rætt við fulltrúa þessara aðila um slíkt samstarf að neinu marki, þó lauslega hafi verið minnst á slíka tillögu sem möguleika. Það er enda í verkahring stjórnvalda að ákveða framhald þessa máls.

III.5 Áhersla á 4 klasa / vaxtarkjarna

Klasar vaxtarsamnings

Á umliðnum árum hefur vöxtur Eyjafjarðarsvæðisins verið að þróast og byggst í meira mæli en áður á aukinni sérhæfingu á ákveðum sviðum sem um leið hefur byggst á styrkleikum svæðisins. Það er því tillaga verkefnisstjórnar að byggst verði á þessum styrkleikum og þeim tækifærum sem þeir um leið skapa með því að styrkja enn frekar þessa 4 kjarna með því að byggja upp og styrkja klasamyndun á þessum sviðum sem eru:

- Mennta- og rannsóknaklasi
- Heilsuklasi
- Ferðaþjónustuklasi
- Matvælaklasi.



Atvinnustarfsemi á þessum fjórum sviðum á Akureyri byggir þegar á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru og hafa byggst upp á umliðnum árum. Ekki er því verið að “búa til” eitthvað nýtt – enda ekki mögulegt að byggja upp klasa frá grunni – þar sem kjarni í slíku ferli myndast af þróun í


¹ Rekstrarkostnaður í þessu sambandi inniheldur m.a. aðkeypta sérfræðipjónustu, ferðakostnað, laun framkvæmdastjóra og ráðgjafa, sem og allan annan rekstrarkostnað. Gert er ráð fyrir að starfsemin verði vistuð innan fyrirtækja sem fyrir eru s.s. Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar – þó að stjórn verkefnisins verði sérstaklega skipuð.

atvinnulífínu sjálfu. Hinsvegar er hægt – og afar mikilvægt að stuðla að vexti þeirra klasa/kjarna sem fyrir eru - eins og þeirra fjögurra sem hér hafa verið nefndir – þar sem þeir hafa sterkustu einkenni af klasa í atvinnulífi á svæðinu. Atvinnulíf og starfsemi á þessum sviðum hefur þegar sannað gildi sitt eins og flestir þekkja. Þetta ber hinsvegar ekki að taka sem svo að starfsemi á öðrum sviðum eigi ekki kost á svipuðum aðgerðum verði eftir slíku óskað.

Einstaka þáttum vaxtarsamningsins verður nú lýst nánar.

Klasar – framkvæmdir - aðgerðir

- Skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu
- Skapa aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði
- Auka samvinnu aðila í rannsóknum og þekkingariðnaðarfyrirtækjum
- Nýta mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun
- Stuðla að innlendum sem erl. tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum
- Bæta samhæfingu aðgerða sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á sínum sérsviðum



Framkvæmd vaxtarsamnings er að skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu og aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði, með öflugum samstarfi aðila. Þetta verði gert með skilvirku samstarfi aðila í rannsóknum og þekkingariðnaðarfyrirtækjum til að nýta sem best mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun.

Með samstarfinu verði ekki síður stuðlað að svæða- lands og alþjóðlegum tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum. Einnig verði stuðlað að samhæfingu og aðgerðum sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á viðkomandi sérsviðum.

3. stoðir vaxtarsamnings

Til viðbótar því að efla klasastarfsemi og tengslanet byggir starfsemi vaxtarsamnings á þrem megin stoðum, þ.e.

- Hagstæðu starfsumhverfi og góðum samgöngum,
- Framkvæmd tillagna og alþjóðlegum samskiptum
- Stoðstarfsemi við atvinnulíf

Í **fyrstu stoð** er átt við almenn starfsskilyrði atvinnulífs hér á landi og að þau séu samkeppnishæf miðað við það sem erlendis gerist, þar sem það er afar mikilvæg forsenda fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Þessu til viðbótar koma svo starfsskilyrði sem aðilar á Eyjafjarðarsvæðinu geta boðið í samkeppni við önnur svæði hér á landi sem erlendis. Þetta er mikilvægt þar sem atvinnulíf er orðið mjög hreyfanlegt og alþjóðlegt. Hluti af starfsskilyrðum eru góðar samgöngur milli Eyjafjarðarsvæðisins og höfuðborgarsvæðisins sem og til jaðarsvæða, en í skýrslunni er að finna tillögur Verkefnisstjórnar á þessu sviði.

Í **annarri stoð** er átt við tillögur þær sem í skýrslunni er að finna og verði með einhverjum hætti komið í framkvæmd, en þeim er skipt í forgangstillögur og aðrar tillögur, flokkaðar eftir áherslusviðum – sjá kafla III.7. Það er því eitt af þeim verkefnum sem stjórn vaxtarsamnings þarf að sinna, að vinna að því við viðeigandi aðila að þessum tillögum verði komið í framkvæmd, eftir því sem aðstæður og möguleikar gefa tilefni til. Annar hluti þessarar stoðar er að teysta sem best og auka alþjóðleg samskipti aðila á svæðinu. Þetta er mikilvægt til að treysta sem best vaxtamöguleika svæðisins – þar sem þeir styrkleikar og tækifæri sem nýta má til vaxtar byggja m.a. á auknum alþjóðlegum verkefnum og tengslum sem sífellt fara vaxandi á tímum alþjóðavæðingar.


Í **þriðju stoð** er átt við stoðstarfsemi við atvinnulíf, s.s. þá þjónustu sem til staðar er hjá ráðgjafaraðilum á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, en nefna má aðila s.s. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Impru, Iðntæknistofnun sem og aðila á einkamarkaði. Þjónusta og ráðgjöf slíkra aðila er mikilvæg s.s. hvað varðar ráðgjafastarfsemi er varðar klasa og netsamstarf aðila, sem og alla aðra þjónustu við atvinnulíf.

III.6 Ávinningur af starfsemi klasa

Ávinningur svæðisins – aukinn hagvöxtur

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur gert verulega auknar kröfur til fyrirtækja – en ekki síður til einstakra byggða og svæða um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála.

Á umliðnum árum hefur orðið ótvíræð þróun frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy), þar sem uppruna hagvaxtar má í vaxandi mæli rekja til byggða- og vaxtarkjarna, frekar en einstakra atvinnugreina. Þetta má m.a. sjá á mörgum svæðum innan hinna ýmsu landa bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Aukið hlutverk og ábyrgð á þessu sviði kemur því í vaxandi mæli í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. Sjá nánar umfjöllun í kafla um klasa.



Breyttar aðstæður og þessi þróun byggir ekki síst á aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða, vegna kjarnamyndunar, netsamstarfs og klasa í atvinnulífi. Af þessum sökum er afar mikilvægt fyrir hagvöxt og framþróun viðkomandi svæða að styrkja netsamstarf og klasastarf atvinnugreina sem kostur er. Verulegur árangur hefur orðið af klasamyndun víða erlendis, s.s. kringum Silicon Valley í

Kaliforníu, Oulu í Finnlandi og fjölmörgum svæðum N-Ítalíu, en þar hefur þróast mikil sérhæfing einstakra svæða, þar sem atvinnulíf er leiðandi á alþjóðamörkuðum á viðkomandi sviðum – sjá meðfylgjandi mynd. Sem dæmi um vöxt klasa má nefna Oulu svæðið í Finnlandi en þar hefur tekist að byggja upp klasa hátæknifyrirtækja sem er leiðandi á alþjóðamörkuðum – en innan þessa klasa er m.a. fyrirtækjarisinn Nokia,

Ávinningur atvinnulífs – bætt afkoma

Hver er hins vegar ávinningur atvinnulífsins af vaxtarkjörnum? Af hverju ættu fyrirtæki að huga að netsamstafi eða klasamyndun? Og er það þess virði? Á sama hátt og það hefur verið ávinningur svæða að styrkja starfsemi klasa og netsamstarf til að efla samkeppnishæfni svæða og hagvöxt þeirra – er það ekki mögulegt nema að vöxturinn komi fyrst frá atvinnulífinu.

Sá árangur sem einstök svæði hafa náð á grunni klasa og netsamstarfs hefur því byggst á auknum vexti fyrirtækjanna – og um leið bættri afkomu og auknum hagnaði. Það er sá ávinningur sem atvinnulíf getur átt von á, takist verkefni á sviði netsamstarfs og klasa í viðkomandi tilfellum.

Á einstaka svæðum, s.s. Akureyri, eru þegar fyrir hendi ákv. kjarnamyndum í atvinnulífi, en “kjarni” málsins er einfaldlega að beita þeim vinnubrögðum sem skila árangri til vaxtar, sóknar og aukinnar samkeppnishæfni, m.a. auknu netsamstarfi fyrirtækja.



Ef fyrirtæki vilja kanna möguleika á auknu netsamstarfi á ákveðnu sviði - geta þau einfaldlega óskað eftir aðstoð ráðgjafa sem aðstoða þá fyrirtæki við að greina möguleika og valkosti - óháð því í hvaða starfsemi fyrirtækið er – verði þessar tillögur að veruleika. Gert er ráð fyrir að byrjunaraðstoð verði gegn vægu gjaldi upp að vissu marki, en þá verði um hefðbundna ráðgjafabjónustu að ræða. Þetta á þó eftir að útfæra nánar.

Aukið netsamstarf hefur ekki síst skilað auknum árangri í ýmsu markaðsstarfi fyrirtækja. Netsamstarf getur þó orðið með ýmsu móti og tengst ýmsum þáttum í starfsemi, allt frá rannsóknum til markaðsmála.


Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að árangur af starfsemi klasa einkennist m.a. af miklu netsamstarfi og trausti - samkeppni og samstarfi - miklum hreyfanleika og markvissri upplýsingaöflun - landfræðilegri nálægð - sérhæfðri opinberri fjárfestingu og stefnumótandi forystu og nánú bandalagi aðila. Sjá ennfremur umfjöllun í kafla um klasa.

Starfsemi klasa - Dæmi

Þegar fjallað er um klasa er mikilvægt að fram komi í hverju klasa og netsamstarf felast. Í megin atriðum má segja að aðilar og helstu atriði í starfsemi klasa megi skipta í 3 flokka. Þessi flokkar eru: 1. Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði. 2. Tengsl þeirra við helstu þjónustu- og aðfangasala. 3. Starfsskilyrði og þjónustu á viðkomandi svæði.

1. Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði. Í fyrsta lagi er um að ræða þau kjarnafyrirtæki sem mynda viðkomandi klasa. Ef um væri t.d. að ræða klasa í ferðaþjónustu væri um að ræða þau fyrirtæki sem hann myndaði, sem gætu verið ferðaskrifstofur, samgöngufyrirtæki s.s. flugfélög, fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu o.fl. Um væri að ræða leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði. Á milli þessara aðila væri samstarf sem byggði á gagnkvæmum ávinningi um aukna samkeppnishæfni, vöxt og frekari þróun á einstaka sviðum rekstrar og markaðsmála, sem aðilar koma sér saman um.

2. Nettengsl þjónustu- og aðfangasala. Í öðru lagi er um að ræða tengsl þessara kjarnafyrirtækja við helstu þjónustu- og aðfangasala. Markviss tengsl og samstarf við þessa aðila geta treyst og eft samkeppnishæfni og rekstrarskilyrði klasans. Þetta samstarf er mikilvægt til að hraða þróun og vexti fyrirtækjanna, með sameiginlegum áherslum á þá þætti sem skipta mestu máli fyrir viðkomandi klasa. Í þessu sambandi geta áherslur verið þess eðlis að það borgi sig að vinna að sameiginlegum áherslum í samstafi aðila, þar sem slík vinna væri tæplega á færi eins fyrirtækis.



3. Starfsskilyrði og þjónusta. Grunnurinn að árangursríkum rekstri fyrirtækja og klasa er að fyrir hendi sé samkeppnishæft starfsumhverfi. Í því sambandi er átt við atriði s.s. mannlegar auðlindir, aðgengi að menntuðu og þjálfðu vinnuafli, aðgengi að fjármagni, starfsskilyrði atvinnulífs almennt, tækni- stig á svæðinu, sem og öll önnur innri gerð svæðisins. Þar er átt við atriði s.s. samgöngur innan sem og til og frá svæðinu.

Kjarni málsins í starfsemi klasa er einfaldlega að nýta kosti skipulegs samstarfs til að auka samkeppnishæfni viðkomandi fyrirtækja og um leið svæðisins. Með aukinni alþjóðavæðingu og aukinni samkeppni innanlands og erlendis, er nauðsynlegt að beita öllum þeim atriðum sem fyrir hendi eru og gefist hafa vel til að ná auknum árangri.

Á tímum alþjóðavæðingar og breyttra aðstæðna er það einfaldlega meir og meir undir einstaka svæðum komið hvornig þeim tekst að spila úr þeim styrkleikum og tækifærum sem eru til staðar. Á sama tíma hafa kjarnasvæði vaxandi hlutverki að gegna í hagþróun viðkomandi landa, af ástæðum sem rekja má til breyttra aðstæðna, opunar markaða og aukins frelsis á öllum sviðum sem og aukinni alþjóðlegri samvinnu og alþjóðavæðingu, eins og glögg má sjá m.a. með EES-samningnum. Allt þetta eru breytingar á aðstæðum og starfsskilyrðum sem krefjast um leið breyttra vinnubragða, til að auka samkeppnishæfni og hagvöxt. Eitt af þeim atriðum sem gagnast geta í þessari baráttu er starfsemi klasa - þrátt fyrir að slíkt kunni ekki að henta í öllum tilvikum.

Í lokin er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað sé klasi. Nokkrar skilgreiningar eru til á því, en sú sem er hvað þekktust er skilgreining Michael Porters, prófessors við Harvard háskóla í Bandaríkjunum, en hann skilgreinir klasa á eftirfarandi hátt: **“Klasi er hópur fyrirtækja, þjónustuaðila, stofnana og tengdra aðila á sama svæði og á ákveðnu sviði sem keppa hver við annan – en hafa einnig með sér náið samstarf.**

III.7 Einstaka tillögur um framkvæmdir flokkaðar eftir sviðum

Tillögur þær sem hér eru settar fram skiptast í meginatriðum í tvo flokka. Annars vegar tillögur sem þegar hefur verið gerð grein fyrir um sjálfbæra framkvæmd vaxtarsamnings og hins vegar einstaka tillögur flokkaðar eftir sviðum. Eins og áður hefur verið vikið að er mikilvæg forsenda framkvæmda, að byrjað verði að gera vaxtarsamning og að síðan verði unnið að einstaka tillögum í kafla II hér á eftir eins og kostur er.

I. SJÁLFBÆR FRAMKVÆMD – VIÐVARANDI STARFSEMI

1. Vaxtarsamningur

- Vaxtarsamningur verði gerður á milli opinberra aðila og einkaaðila um ráðgjöf og uppbyggingu klasa

2. Starfsemi 4 vaxtakjarna / klasa sett af stað

II. EINSTAKA TILLÖGUR FLOKKAÐAR EFTIR SVIÐUM

1. Mennta- og rannsóknaklasi

Forgangstillögur

- Háskóli Sameinuðu þjóðanna í auðlindalíftækni
- Efling framhaldsskólanáms s.s. verk- og tæknimenntun
- Efling náms og rannsókna á háskólastigi

Aðrar tillögur

- Vinna gegn brottfalli úr námi
- Aukið námsframboð til einstaklinga með stutta formlega menntun

2. Heilsuklasi

Forgangstillögur

- Efling endurhæfingar
- Akureyri - miðstöð neyðarþjónustu fyrir Norðurskautssvæðið
- Uppbygging heilbrigðistengdrar upplýsingatækni

Aðrar tillögur

- Efla Fjóruöngssjúkrahúsið
- Globodent – þekkingarfyrirtæki á sviði tannlækninga.
- Uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu

3. Ferðaþjónustuklasi

Forgangstillögur

- Akureyri fjölskylduvænn ferðamannastaður
- Heilstætt markaðsátak
- Tengja Norðurland alþjóðlegu samgönguneti

Aðrar tillögur

- Snjóframleiðslubúnaður settur upp í Hlíðarfjalli
- Demantshringur Norðursins
- Treysta rekstur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar

4. Matvælaklasi

Forgangstillögur

- Höfuðstöðvar Matvælastofnunar Íslands til Akureyrar
- Stofnað verði líftækninet
- Flytja stjórnsýslu fiskeldismála til Akureyrar

Aðrar tillögur

- Samræmd atvinnustefna á svæðinu

5. Aðrar megin tillögur

Forgangstillögur


- Stytting á aksturleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur sem og innan svæðis
- Stóriðjuuppbygging verði á Eyjafjarðarsvæðinu og / eða Norðurlandi
- Bætt gagnavinnsla er varðar vinnumarkað og atvinnulíf á einstaka svæðum landsins.
- OECD verði fengið til ráðgjafar á sviði byggðamála, er nái til dreifbýlis og þéttbýlis
- Kynningarráðstefna um klasamyndun með alþjóðlegri þátttöku
- Almenningsamgöngur á Norðurlandi eflar
- Áhersla verði lögð á sameiningu og samstarf sveitarfélaga
- Fjölgað verði störfum á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu – skipan starfshóps

Aðrar tillögur

- Tengja þarf í auknum mæli málefni landsbyggðar og höfuðborgarinnar
- Athugun gerð á því hvernig samgöngubætur geti styrkt byggðapróun á Norðurlandi
- Gerð verði sérstök greining á Norðurlandi með áherslu á ímynd þess
- Nýr valkostur í samgöngum á landi milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins
- Bætt símasamband og merkingar á þjóðvegum
- Vestnorrænt samstarf - verkefni með skrifstofu á Akureyri
- Bætt verkaskipting hafna og flutninga á sjó
- Aukin alþjóðavæðing krefst meira erlends samstarfs, m.a. á sviði byggðamála

Gerð er grein fyrir öllum þessum tillögum í fylgiskjali I með skýrslu þessari, og því er ekki ástæða að fjalla ítarlega um þær hér. Sú flokkun á tillögnum sem hér birtist byggist á flokkun í þau 4 kjarnasvið sem áður hefur verið fjallað um, en í kafla VII og VIII eru tillögur flokkaðar eftir starfshópum. Tillögurnar eru þó þær sömu þó uppsetning sé mismunandi á hvorum stað fyrir sig.


Tillögur að framkvæmd einstakra verkefna flokkaðar eftir forgangi og áherslusviðum



- Forgangstíllögur**
- Stytting á akstursleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur sem og innan svæðis
 - Stóriðjuuppbygging verði á Eyjafjarðarsvæðinu og / eða Norðurlandi
 - Bætt gagnavinnsla er varðar vinnumarkað og atvinnulíf á einstaka svæðum landsins.
 - OECD verði fengið til ráðgjafar á sviði byggðamála, er nái til dreifbýlis sem þéttbýlis
 - Kynningarráðstefna um klasamyndun með alþjóðlegri þátttöku
 - Almenningssamgöngur á Norðurlandi eflar
 - Áhersla verði lögð á sameiningu og samstarf sveitarfélaga
 - Fjölgað verði störfum á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu, skipan starfshóps.
- Aðrar tíllögur**
- Tengja þarf í auknum mæli málefni landsbyggðar og höfuðborgarinnar
 - Vestnorrænt samstarf - verkefni með skrifstofu á Akureyri
 - Athugun gerð á því hvernig samgöngubætur geti styrkt byggðapróun á Norðurlandi
 - Gerð verði sérstök greining á Norðurlandi með áherslu á ímynd þess
 - Nýir valkostir í samgöngum á landi milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins
 - Bætt símasamband og merkingar á þjóðvegum
 - Bætt verkaskipting hafna og flutninga á sjó
 - Skrifstofa V-Norrænna mála á Akureyri
 - Vaxandi alþjóðavæðing krefst aukins erlends samstarfs, m.a. á sviði byggðamála



IV. STÖRF Á VEGUM RÍKISINS Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU

Nýlega birti Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar athyglisverða skýrslu² sem ber heitið Staðsetning starfa á vegum ríkisvaldsins - Höfuðborgarsvæðið og Eyjafjörður. Megin niðurstaða skýrslunnar er að ef jafnvægi væri á milli íbúafjölda og fjölda starfa á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu annarsvegar (7,6% af íbúafjölda) og höfuðborgarsvæðisins hins vegar (62,4%) af íbúafjölda), þá þyrfti að fjölga störfum ríkisins um 380 á Eyjafjarðarsvæðinu. Þetta jafngildir 3 Seðlabönkum eða tveggja stofnana eins og Háskólans á Akureyri. Þennan mun verður að telja nokkuð mikinn.



Á meðfylgjandi mynd má sjá hlutfall starfa hjá ríkinu skipt eftir ráðuneytum, á höfuðborgarsvæðinu annarsvegar og Eyjafjarðarsvæðinu hins vegar. Athygli vekur að í sumum tilvikum er enginn starfsmaður á sviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þeirra á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í skýrslunni segir m.a. "Opinber störf eru 1.153 á Eyjafjarðarsvæðinu samkvæmt skýrslu AFE og skiptast á milli 33 ríkisstofnana. Athyglisvert er hversu lítil dreifingin er á atvinnusviðinu því tæplega 850 af þessum störfum eru í heilbrigðisstofnunum, framhaldsskólum og Háskólanum á Akureyri."



Sérstaka athygli vekur að t.d. er enginn starfsmaður Hagstofunnar utan höfuðborgarsvæðisins, þrátt fyrir að eðli þeirra starfa, s.s. gagnavinnsla og tölfræði, ætti að geta verið með þeim hætti að auðvelt væri að vinna slík störf utan höfuðborgarsvæðisins með þeirri tækni sem nú er fyrir hendi. Einnig vekur athygli að starfsmenn rannsóknarstofnana atvinnuveganna eru einnig afar fáir á



² Staðsetning starfa á vegum ríkisvaldsins - Höfuðborgarsvæðið og Eyjafjörður. <http://afe.is/files/2004031112130062.pdf>

Eyjafjarðarsvæðinu, þrátt fyrir að það svæði sé eitt mesta matvælaframleiðslusvæði landsins, og einnig rótgróið iðnaðarsvæði.

Svo virðist sem Eyjafjarðarsvæðið nái einungis að halda sínu hlutfalli af störfum ríkisins á einu sviði, þ.e. á sviði heilbrigðis- og tryggingarráðuneytis. Þar skiptir mestu starfsemi Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar.

Í skýrslu AFE segir einnig m.a. *“AFE telur að helstu möguleikar til fjölgunar opinberra starfa á Eyjafjarðarsvæðinu séu á sviði rannsókna tengdum sjávarútvegi og annarri matvælavinnslu. Þekking í sjávarútvegi á Eyjafjarðarsvæðinu er mjög góð og aukning ríkisstarfa á því sviði myndi bæði styrkja atvinnugreinina á svæðinu og auka áhrif þeirra starfa á greinina í heild umfram það sem nú er. Störf í eftirliti með öðrum matvælum og rannsóknum myndi einnig henta vel í ljósi mikilvægis svæðisins sem matvælaframleiðslusvæðis fyrir landið. Þau störf myndu hafa mikil áhrif á svæðið, einnig í ljósi tengingar við Háskólann á Akureyri.”*

Verkefnisstjórn um byggðapróun Eyjafjarðarsvæðisins tekur undir þessi sjónarmið AFE, og telur mikilvægt að áhersla verði lögð á að fjölga störfum á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu. Hlutfall starfa þessara stofnana á Eyjafjarðarsvæðinu 3,8% og 3,0% er langt undir hlutfalli íbúa á svæðinu sem er 7,6%. Sérstök áhersla er lögð á fjölgun starfa á vegum ríkisins á svæðinu þegar um er að ræða skipulagsbreytingar, nýráðningar og ný verkefni á viðkomandi sviði og stofnunun. Dæmi um þetta er t.d. breytingar vegna nýrrar Matvælastofnunar Íslands. Um það mál er m.a. að finna sérstaka tillögu í þessari skýrslu, sem og störf er tengjast stjórnsýslu fiskeldis o.fl.




Þegar litið er á starfsemi ríkisstofnana á sviði umhverfis- og skipulagsmála svo og á sviði menningarmála, kemur svipuð mynd í ljós, þ.e. að hlutfall starfa þessara stofnana á Eyjafjarðarsvæðinu, 4,9% og 1,6%, er langt undir hlutfalli íbúa á svæðinu sem er 7,6%. Veruleg tækifæri eru því á að auka hlut þessarar starfsemi á svæðinu, sé þess nokkur kostur.

V. STAÐA, ÞRÓUN, SAMKEPPNISHÆFNI OG STARFSSKILYRÐI Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU

Í skýrslu þessari verður ekki fjallað í smáatriðum um alla þá þætti er snerta stöðu, þróun, samkeppnishæfni og starfsskilyrði á Eyjafjarðarsvæðinu. Hins vegar verður fjallað um nokkra þætti er þetta varðar. Við þá umfjöllun verður stuðst við svokallaða SVOT greiningu, en það eru atriði er varða styrkleika, veikleika, tækifæri og hættur er varðar atvinnulíf og efnahagsstarfsemi svæðisins. Þó ekki sé fjallað um þessa þætti í smáatriðum er talið mikilvægt að helstu atriði séu dregin fram í dagsljósið, þar sem aðgerðir þær sem lagðar eru til í skýrslunni byggja á þeim grunni sem fyrir hendi er á svæðinu. Þau atriði sem hér er fjallað um snerta því ekki bara efnahagsstarfsemi og atvinnulíf heldur jafnframt á sama tíma svæðið sjálft, þar sem efnahagsvöxtur svæðisins byggist á stöðu, möguleikum og starfsskilyrðum þess atvinnulífs sem þar er.

Búsetuþróun

Þegar horft er á búsetuþróun Eyjafjarðarsvæðisins á seinustu árum, kemur fram að á árunum 1998 - 2003 hefur íbúum Eyjafjarðarsvæðisins fjölgað um 800 manns, eða frá 20.750 – í 21.550. Sú fjölgun er að mestu borin uppi af fjölgun á Akureyri en þar hefur íbúum fjölgað um u.þ.b. 1000, eða frá 15.100 – 16.100. Á á sama tíma hefur íbúum nágrannabyggðanna fækkað um 150 eða frá 5.650 – 5.500.³



Um 75% af íbúum Eyjafjarðarsvæðisins býr á Akureyri en 25% í nágrannabyggðarlögum,⁴ Nágrannabyggðir eru hér skilgreindar frá Ólafsfirði í vestri til Grenivíkur í austri. Það kemur heldur ekki á óvart að hlutur Akureyrar er svo stór sem raun ber vitni, eða 75%.

Atvinnuskipting, efnahagur og þróun

Ef skoðuð er atvinnuskipting Eyjafjarðarsvæðisins á umliðnum árum, kemur í ljós að hlutföll á milli frumframleiðslu og þjónustu hafa breyst mikið á umliðnum árum. Skipting vinnuafis á milli atvinnugreina var þannig að í landbúnaði og sjávarútvegi fækkaði störfum hlutfallslega um 7% frá 1980 - 2001 eða úr 25% vinnuafisins 1980 í 18% árið 2001. Mun meiri fækkun varð í iðnaði, veitum og mannvirkjagerð, þar sem fækkunin var enn meiri eða 17%, úr 36% í 19% yfir sama tíma. Fjölgun hefur hinsvegar orðið í þjónustu þar sem þær greinar hafa vaxið um 24%, úr 39% í 63%.⁵


Þessar breytingar lýsa vel þeirri þróun sem átt hefur sér stað á Akureyri, þar sem megin breytingin er fólgin í fækkun sem orðið hefur með samdrætti í iðnaði og rekstri stórra iðnfyrirtækja sem áður voru á Akureyri, s.s. á sviði textíliðnaðar, skipasmíða o.fl. Ástæður þessarar þróun eru af mörgum rótum, sem bæði má rekja til þróunar sem tengist alþjóðavæðingu, en einnig til innlendra atriða, m.a. atriða er varðar starfsskilyrði atvinnulífs. Þannig hafa t.d. gengissveiflur og þróun raungengis á árunum um 1987-1989 haft mikil áhrif, en þær sveiflur komu afar illa við atvinnugreinar sem voru í mikilli verðsamkeppni á innlendum og erlendum mörkuðum. Slíkar sveiflur réðu í sumum tilvikum úrslitum um þróun viðkomandi greina hér á landi á þessum tíma, s.s. textíliðnaðar, en sú iðngrein

³ Heimild: Landsbanki Íslands Akureyri, Hagstofa Íslands, Byggðarannsóknarstofnun á Akureyri.

⁴ Eyjafjarðarsvæðið er hér skilgreint frá Ólafsfirði í vestri til Grenivíkur í austri.

⁵ Heimild: Landsbanki Íslands Akureyri, Hagstofa Íslands

var afar umfangsmikil á Akureyri á þessum árum.⁶ Á þetta er bent sem dæmi um mikilvægi þess að starfsskilyrði séu sem stöðugust og samkeppnishæf miðað við það sem erlendis gerist.



Þrátt fyrir þetta er það almennt þróun í hinum vestræna heimi að þjónusta er að aukast innan hagkerfa, á kostnað iðnaðar og frumvinnslu. Ef borin er saman hlutfall þjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar, kemur í ljós að hlutfall þjónustu er mun hærra á höfuðborgarsvæðinu, eða um 78%, á meðan það er einungis um 63% á Eyjafjarðarsvæðinu. Á mörgum stöðum á landsbyggðinni er hlutfall þjónustu enn lægra, þar sem hlutur frumvinnslu, samkeppnis- og útflutningsgreina er á sama hátt hærra.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að þessi munur á atvinnuskiptingu á milli landshluta þar sem hlutur þjónustu er hærri á höfuðborgarsvæðinu, en hlutur útflutnings- og samkeppnisgreina hærri á landsbyggðinni, hefur mismunandi áhrif þegar kemur að áhrifum gengissveiflna á atvinnulíf og svæði í þessum landshlutum. Þannig skaðar hátt gengi verðsamkeppni útflutnings og samkeppnisgreina, þar sem innflutningur verður ódýrari og útflutningur dýrari. Þar sem hlutfall þessara greina er mun hærra á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu, hefur slíkt því mun neikvæðari áhrif á landsbyggðinni. Þetta kemur síðan fram í verri afkomu og fækkun starfa, sem og áhrifa á fasteignamarkað á því svæði, sé slíkt viðvarandi.

Hins vegar hefur hátt gengi ekki eins slæm skammtímaáhrif á höfuðborgarsvæðinu þar sem hlutfall þjónustu af heildarstarfsemi er mun hærra en á landsbyggðinni og hátt gengi er hagstætt þjónustustarfsemi í mörgum tilvikum, s.s. í verslun vegna lægra innflutningsverðlags. Hvort gengi er talið of hátt eða lágt, er oft umdeilanlegt, en vísbending í þá veru kemur oft fram í viðskiptajöfnuði, þar sem mikill viðskiptahalli er sterk vísbending um of hátt skráð gengi. Til lengri tíma er þó ljóst að "ekki er hægt að eyða um efni fram" og því eru það einnig hagsmunir þjónustugreina að útflutnings- og samkeppnisgreinar búi við samkeppnishæf starfsskilyrði m.a. gengisþróun sem er í samræmi við það sem gerist í okkar nágranna- og samkeppnislöndum og stuðlar að jöfnuði í viðskiptum, að öðru óbreyttu. Miklar gengissveiflur eru því afar óæskilegar og skaðvaldar fyrir atvinnulíf. Á þetta er einungis bent hér þar sem starfsskilyrði svæða sem atvinnulífs er eitt af því sem afar mikilvægt er að greina og meta, ef takast á að treysta þær undirstöður sem byggja verður á þegar ætlunin er að efla samkeppnishæfni og vöxt einstakra svæða eins og Eyjafjarðarsvæðisins.

Gengissveiflur og raungengissveiflur hér á landi, er eitt af því sem afar mikilvægt er að forðast með öllum ráðum, með þeim stjórnþækjum ríkisfjármála og peningamála sem tiltæk eru, en bent hefur verið m.a.á að slíkar sveiflur kunni að tengjast að einhverju leyti smæð og einsleitni hagkerfisins og gjaldeyrissvæðisins. Dæmi um þetta er þegar framkvæmdir einstakra aðila s.s. virkjanaf framkvæmdir á Austurlandi, hafa mikil áhrif á gengis- og vaxtamál, eins og glöggf hefur komið fram í ýmissi umfjöllun um efnahagsmál að undanförmu. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á sambúðarvanda sjávarútvegs og iðnaðar, vegna sveiflna í afkomu og afla sjávarútvegs, sem komið hafa síðan fram í gengissveiflum. Í skýrslu nefndar um Tengsl iðnaðar og sjávarútvegs frá 1995 segir m.a. að iðnaðinum sem og öllum fyrirtækjum stafi viss ógn af óstöðugleika í sjávarútvegi. "Efnahagslegur óstöðugleiki getur aldrei verið af hinu góða og því hlýtur ætíð að vera

⁶ Heimild: Samkeppnisstaða textíliðnaðar, Rit 96-4.Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 1996, bls. 18 – 20. . http://idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/SKTEXT_9.pdf

markmið ábyrgðar hagstjórnar að stuðla að stöðugleika". Skoðanir geta hinsvegar verið skiptar að slíku marki.⁷ Opnun markaða, frelsi á fjármálamörkuðum sem og aukin alþjóðavæðing hefur einnig á sama tíma gjörbreytt aðstæðum frá því sem áður var, þar sem umrót og áhrif alþjóðlegra strauma gætir nú í meira mæli en áður á fjármálamörkuðum sem öðrum mörkuðum, áhrif sem flæða frá einu landi til annars á örskammri stundu.

Samkeppnishæfni svæða og atvinnulífs

Þegar talað er um samkeppnishæfni, má fjalla um það út frá mörgum hliðum, allt eftir því um hvaða aðila er að ræða. Við umfjöllun um samkeppnishæfni ef afar mikilvægt að slíkt sé gert með markvissum hætti, hvort sem verið er að fjalla um samkeppnishæfni og –stöðu Íslands á alþjóðavettvangi, Eyjafjarðarsvæðisins, atvinnulífs almennt, einstakra klasa eða fyrirtækja.

Þegar verið er að fjalla um samkeppnishæfni Eyjafjarðarsvæðisins, byggist slíkt á því að fyrir liggja greinargóðar upplýsingar um samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegum samanburðarrannsóknnum, s.s. innan World Economic Forum sem og innan IMD (Institute for Management Development). Ísland er aðili að þessum samanburðarrannsóknnum á samkeppnisstöðu landa en þær sýna hvor á sinn hátt samkeppnisstöðu og þróun einstakra landa, þó á mismunandi hátt sé. Á grunni slíkra upplýsinga er mun auðveldara fyrir einstök svæði að gera sína samkeppnisgreiningu og hvað það er í starfsskilyrðum viðkomandi svæðis eða starfsemi fyrirtækja sem æskilegt er að lagfæra. Slíkar greiningar eru því afar mikilvægar sem grunnupplýsingar varðandi stöðumat, stefnumótun og aðgerðir. Einn þáttur í aðgerðum til að styrkja samkeppnishæfni er að fjalla um slík atriði, innan fyrirtækja, klasa, atvinnulífs, svæða sem og einstakra landa. Benda má m.a. á að slík umfjöllun var á dagskrá ráðstefnu sem haldinn var á Akureyri á vegum Verkefnisstjórnar og iðnaðarráðuneytis vorið 2003. Til að ná árangri á þessu sviði þarf því að fjalla um slík atriði og halda þeim reglulega í umræðunni. Að öðrum kosti er afar líklegt að áherslur á samkeppnishæfni og samkeppnisstöðu fái alls ekki þann sess, sem nauðsynlegt er til efla þróttmikið starf innan svæða og fyrirtækja til aukinnar samkeppnishæfni.

Við umfjöllun og samkeppnishæfni á Eyjafjarðarsvæðinu verður ekki farið í nákvæma greiningu heldur einungis minnst á helstu atriði og þá horft til svokallaðrar SVOT greiningar þ.e. styrkleika, veikleika (þættir innan fyrirtækja og svæðisins í heild) - og svo tækifæri og hættur, (atriði utan fyrirtækja og svæðisins). Við þessa umfjöllun er stuðst við ábendingar og umfjöllun, fjölda viðmælenda, sem verkefnisstjórnin og starfshópar á hennar vegum hafa haft viðtöl við, sem og önnur gögn er þetta varðar. Til að treysta tillögugerð sem best, er mikilvægt að stöðumat helstu samkeppnisþátta svæðisins sé sem gleggst, á sama hátt og árangursríkar aðgerðir í fyrirtækjum byggjast á raunhæfu stöðumati. Einnig er ljóst að vöxtur atvinnulífs og um leið svæðisins mun byggjast í framtíð á samkeppnis- og útflutningsgreinum. Starfsskilyrði atvinnulífsins verða því að vera samkeppnishæf miðað við að sem erlendis gerist. Sé ekki svo er hætt við að aðrar aðgerðir og áherslur skili litlu. Þetta stafar af þeirri miklu alþjóðlegu samkeppni sem hvarvetna ríkir og fer vaxandi, þar sem hvert atriði í ytra sem innra umhverfi atvinnulífs getur skipt sköpum í rekstri fyrirtækja.

Styrkleikar

Helstu styrkleikar sem komið hafa fram í umfjöllun og vert er að geta, eru taldir eftirfarandi:

1. Öflugasta matvælaframleiðslusvæði landsins, sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður.
2. Öflugir framhaldsskólar og háskóli.
3. Stöðugt og gott vinnuafli.
4. Skemmtilegt og fjölbreytt ferðamannasvæði.
5. Öflug heilsugæsla.
6. Gott að búa á svæðinu – fjölskylduvænt.
7. Lægra fasteignaverð en á höfuðborgarsvæðinu – fyrir atvinnulíf sem íbúa.
8. Meiri nálægð – persónulegri tengsl.
9. Góð þjónusta á svæðinu.

Eins og sést á þessari upptalningu, er atvinnustarfsemi s.s. matvælaiðnaður, menntastarfsemi, ferðamannaiðnaður og heilsugæsla þær atvinnugreinar sem eru hvað sterkastar, þó einnig sé önnur öflug starfsemi. Það sem einnig kemur fram er að til staðar er gott vinnuafli, persónuleg tengsl, sem og góðar aðstæður fyrir búsetu á svæðinu, samhliða því að verðlag, s.s. á fasteignum, er lægra en á höfuðborgarsvæðinu. Allt þetta gerir styrk svæðisins mikinn. Tillögur skýrslunnar byggja á þessum styrkleikum sem nefndir hafa verið og er ætlað að treysta þessi atriði enn frekar.

⁷ Tengsl iðnaðar og sjávarútvegs, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 1995. bls 35.
http://www.viðskiptaraduneyti.is/media/Acrobat/Lok_te_2.pdf

Veikleikar

Ef horft er á veikleika svæðisins þá eru það eftirfarandi atriði sem helst ber að nefna:

1. Fjarlægð - flutningskostnaður afurða á markað höfuðborgarsvæðisins.
2. Ekki nægjanlegt frumkvæði á svæðinu.
3. Fábreytt atvinnulíf.
4. Ímynd svæðisins má vera skýrari og sterkari.
5. Fjarlægð frá stjórnslu og ýmissi þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
6. Erfiðara að fá fjármagn (áhættufjármagn) en á höfuðborgarsvæðinu.
7. Smærra samfélag – minni markaður.
8. Ónóg starfsemi ríkisins á svæðinu.

Þegar þessir veikleikar eru skoðaðir má greina kjarna þeirra í eftirfarandi atriði: óhagræði vegna flutningskostnaðar á markaðssvæði höfuðborgarsvæðisins, ekki nægjanleg gróska í atvinnulífi sem og skortur á frumkvæði og ímynd. Jafnframt er erfiðari aðgangur að áhættufjármagni. Sum þessara atriða eru á valdi viðkomandi aðila að lagfæra, s.s. skortur á frumkvæði og bættri ímynd, en önnur atriði, s.s. skortur á opinberri stjórnslu á svæðinu og fjarlægð frá mörkuðum og flutningskostnaður til stærra markaðssvæðis, tengist úrbótum í samgöngumálum og falla í verkahring ríkis í samvinnu sveitarfélaga. Önnur atriði eru sameiginlegt úrlausnarverkefni ýmissa aliða. Þær áherslur sem og tillögur sem settar eru fram í þessari skýrslu, er ætlað að vinna gegn þeim atriðum sem nefnd eru sem veikleikar og ógnanir, þó að fleira þurfi einnig að koma til.

Ógnanir

Á sama hátt og á öðrum sviðum eru hér nefnd helstu atriði er varða ógnanir en þau eru þessi:

1. Sterk staða krónunnar, skaðar samkeppnishæfni samkeppnis- og útflutningsgreina s.s. sjávarútvegs, iðnaðar og ferðaþjónustu og getur torveldað vöxt.
2. Fólksfækkun í nágrennabyggðum Akureyrar.
3. Lítil vöxtur – á sviði fjárfestinga og opinberra framkvæmda.
4. Alþjóðleg samkeppni um sérhæft vinnuafli sem er hreyfanlegt á milli landa.
5. Neikvæð og misskilin viðhorf í byggðamálum - skaða tækifæri svæðisins.
6. Yngri kynslóðin leitar til þéttbýlisins.
7. Neikvæð viðhorf gagnvart flutningi opinberra stofnana út á land.
8. Hætta á stöðnun, takist ekki að styrkja stöðu og vöxt atvinnulífsins.

Þau atriði sem hér eru nefnd sem ógnanir tengjast ýmsum þáttum, innlendum sem alþjóðlegum. Hvað innlendu atriðin varðar, varða þau atriði s.s. þróun gengis, en sterk staða krónunnar hefur verið nefnd sem ógnun við samkeppnis- og útflutningsgreinar og getur skaðað samkeppnisstöðu þeirra og torveldað vöxt. Við þessum atriðum eru ekki til einhlít svör. Þannig er sterk staða krónunnar atriði er varðar almenna hagstjórn, ríkisfjármál og peningamál, tímabundnar umfangsmiklar framkvæmdir, sem og þau áhrif sem innlendar eða alþjóðlegar sveiflur hafa á gengi krónunnar m.a. vegna smæðar hagkerfisins. Einnig hefur komið fram að neikvæð og misskilin viðhorf á byggðamálum hafi skaðað svæðið á ýmsan hátt og því er brýnt að efla markvissa og faglega umfjöllun um byggðamál. Í umræðu kom einnig fram að það sé ákveðin hætta á stöðnun, takist ekki að styrkja stöðu og vöxt atvinnulífsins.

Tækifæri

Tækifæri svæðisins eru margvísleg, sem mikilvægt er að nýta markvisst, en þau eru m.a.:

1. Uppbygging HA eykur möguleika á flutningi sérhæfðra fyrirtækja til svæðisins.
2. Ýmis sóknarfæri á sviði háskólanáms.
3. Ýmsir möguleikar á sviði ferðaþjónustu.
4. Möguleikar á framþróun í matvælaíðnaði - sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði
5. Ýmsir möguleikar hvað varðar heilsugæslu.
6. Innkoma nýrra fjárfesta á svæðið gefur aukna fjölbreytni og kraft.
7. Möguleikar er varða alþjóðleg verkefni.
8. Eyjafjarðarsvæðið - góður valkostur - annar stærsti byggðakjarni landsins.
9. Fjölskylduvænt umhverfi - eftirsótt til búsetu.

Eins og fram kemur á þessari upptalningu eru fjölmörg tækifæri sem blasa við atvinnulífi og Eyjafjarðarsvæðinu í heild. Þessi tækifæri eru á mörgum sviðum en ekki síst á þeim 4 megin sviðum sem varða háskólann, matvælaíðnað, heilsugæslu og ferðamennsku. Einnig varðar þetta atriði eins og alþjóðleg verkefni, en ekki síst að svæðið er eftirsótt til búsetu vegna þeirra kosta sem þar er að finna. Við umfjöllun verkefnisstjórnarinnar og starfshópa hefur verið höfð hliðsjón af aðstæðum og starfsskilyrðum, s.s. veikleikum, styrkleikum, tækifærum og hættum. Sú umfjöllun endurspeglar þær áherslur sem finna má í skýrslunni – ekki síst hvað varðar þær tillögur sem þar eru settar fram.

VI. ALÞJÓÐLEG ÞRÓUN, ALÞJÓÐAVÆÐING, HUGMYNDAFRÆÐI OG FYRIRMYNDIR

VI.1 Áherslur í ríkjum OECD

Í byrjun árs 2003 átti hluti verkefnisstjórnar þess kost að sitja alþjóðlega ráðstefnu OECD um byggðamál. Helstu atriði og áherslur sem þar komu fram er hér stuttlega lýst.⁸

Á umliðnum árum hafa einstök svæði og byggðir hvarvetna fengið aukið hlutverk og ábyrgð á sviði sveitarstjórna- og byggðamála, þar sem víða í heiminum, m.a. í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna á sviði byggðamála verið í vaxandi mæli færð frá opinberri stjórnarsýslu s.s. ráðuneytum - til svæðanna sjálfra. Þessi þróun hefur gert auknar kröfur um aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, innan og utan viðkomandi svæða, opinberra sem einkaaðila, þar sem grunnur að skilvirkri byggðastefnu byggir á fjölmörgum samverkandi efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Í þessu sambandi má helst líkja skilvirku starfi á sviði byggðamála við starfsemi fyrirtækja, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum innan og utan þeirra, á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja.

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur einnig gert verulega auknar kröfur á hendur einstökum byggðum og svæðum, (eins og fyrirtækjum) um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála. Innan OECD hefur verið í auknum mæli lögð áhersla á rannsóknir, athuganir og ráðgjöf á sviði byggðamála á umliðnum árum, sem kemur m.a. fram í vaxandi og fjölmörgum athugunum OECD á byggðamálum einstakra svæða og landa. Þessar athuganir byggja á fjölmörgum, efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum og tengslum viðkomandi svæða og landa, sem miða að því að treysta og efla sjálfbæra þróun byggða, sem taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa á umliðnum árum.

Á nýlegri ráðstefnu OECD taldi framkvæmdastjóri OECD, *Donald Jonston*, að byggðastefna einstakra svæða og landa hafi ekki skilað nægjanlegum árangri. Hann taldi hinsvegar að þróun á þessu sviði væri ótvírætt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta.

Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði, þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. Hann minnti einnig á LEED verkefnið innan OECD, sem sérlega áhugaverðan vettvang í þessu sambandi, þar sem einstakir aðilar, stofnanir, einkaaðilar og háskólar eru aðilar, en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli svæða og landa á þessu sviði með margvislegum aðferðum, rannsóknum og verkefnum. Á ráðstefnu OECD var sérstaklega fjallað um eftirfarandi málaflökka:

- **Samkeppnishæfni einstakra svæða**
- **Hlutverk einstakra ríkja við setningu reglna á sviði byggðamála**
- **Ábyrgð atvinnulífs varðandi byggðapróun viðkomandi svæða**
- **Einkenni og ímynd svæða – áherslur og verkefni**
- **Stefna varðandi endurbyggingu þeirra svæða sem eiga í vanda**
- **Hvað geta svæðastjórnir gert á sviði skipulagsmála**

Ekki verður fjallað um hvern þessara þátta í smáatriðum heldur einungis rakin þau megin atriði sem til umfjöllunar voru. Niðurstöður ráðstefnunnar má flokka í eftirtalin atriði:

- **Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða**
- **Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring**
- **Mikilvægi samstarfs á milli hinna ýmsu hópa um byggðamál**
- **Mikilvægi samstarfs innan sem og á milli svæða og landa um byggðamál**
- **Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna**
- **Aukið sjálfstæði svæða, kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra**
- **Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til**

Helstu atriði hvers þáttar um sig verða nú nefnd.

⁸ Sjá einnig vef Verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð. http://www.brsi.is/brsi/brsi_pr_byggdaeyja.htm

Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða

- Opnun markaða og hagkerfa hefur aukið samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, fyrirtækjum, svæðum og byggðarlögum, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
- Byggðastefna er ótvírætt að þróast frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið er tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði, þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. (*Framkvæmdastjóri OECD, Donald Jonston*).
- Samkeppnishæfni einstakra svæða byggist í vaxandi mæli á öllum þeim atriðum sem varða viðkomandi svæði, s.s. samgöngur, fjarskipti, innri gerð, umhverfi, rannsóknir, nýsköpun o.fl.
- Alþjóðavæðing hefur í mörgum tilvikum breytt þeim leikreglum sem áður giltu á þessu sviði varðandi samkeppnishæfni einstakra svæða. Taka verður mið af nýjum og breyttum leikreglum ef árangur á að nást.
- Byggða- og skipulagsstefna í Kaliforníu byggir á að skapa samkeppnishæft starfsumhverfi og þegar því er náð þá draga opinberir aðilar sig út.
- Í umræðum kom m.a. fram að í vaxandi mæli kepptu einstök svæði við hvert annað í stað einstakra landa. Þannig kepptu svæði eins og París, London, New York og Kalifornía um fólk og fyrirtæki, í mun meira mæli en áður.
- Almennt var talið að einstök svæði ættu meiri möguleika vegna alþjóðavæðingar – þar sem markaðssetja mætti sérstöðu einstakra svæða á markvissari og betri hátt en áður.

Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring

- Í Kaliforníu er nú í fyrsta skipti State Plan fyrir Kaliforníu – einskona byggða- og svæðaskipulag fyrir fylkið. Þetta skýrist af vaxandi þörf á skipulögðum vinnubrögðum á þessu sviði til að tryggja árangur og samkeppnishæfni einstakra svæða sem og atvinnulífs.
- Aukin ábyrgð og hlutverk svæða, krefst markvissari vinnubragða ef tryggja á vöxt.
- Í Bretlandi hafa stjórnvöld aukið valddreifingu til mikilla muna og minnkað að sama skapi miðstýringu á sviði sveitarstjórnar- sem og byggðamála. Þannig hefur verulegt vald verið fært til einstakra svæða, s.s. Skotlands.
- Í umræðum kom fram að dreifstýring hefði aukist til mikilla muna í Frakklandi á sviði byggða- og sveitarstjórnarmála. Núverandi stjórnvöld í Frakklandi munu leggja enn frekari áherslu á þetta atriði, en þau sem fyrir voru. Til að Frakkland geti eftt sína samkeppnishæfni – þá byggist það ekki síst á samkeppnishæfni einstakra svæða.

Mikilvægi samstarfs á milli hinna ýmsu hópa um byggðamál

- LEED verkefnið innan OECD er sérlega áhugavert, sem vettvangur þar sem einstakir aðilar, stofnanir, einkaaðilar og háskólar eru aðilar, en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli hópa, svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum, rannsóknum og verkefnum.

Mikilvægi samstarfs innan sem og á milli svæða og landa um byggðamál.

- Alþjóðavæðing hefur gert það að verkum að samstarf á milli svæða – ekki síst stórra og smárra er mun mikilvægara en áður – þar sem þau stærri virka oft sem aðgangur þeirra smærri að enn stærri markaði – á sama tíma og þau smærri eru mikilvæg undirstaða þeirra stærri.
- Aukið samstarf, samskipti sem og aðgangur er því bæði mikilvægur innvið innan einstakra svæða og landa – en ekki síður útvið. Mikilvægt er að greina stöðu og þróun einstakra svæða ef stefnumörkun á að bera árangur – á sama hátt og í hverju öðru fyrirtæki.

Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna

- Varðandi uppbyggingu á klösum kom fram að mikilvægt væri að fjalla um þetta atriði, ekki síst til að gera það sýnilegra fyrir aðilum á markaði – þar sem þetta væri ekki mjög þekkt – en hinsvegar afar mikilvægt atriði.
- Í Kaliforníu er framhaldsmenntun og rannsóknir og nýsköpun undirstaða að klasamyndun á einstaka svæðum, t.d. í Silicon Valley.
- Erfitt eða ómögulegt er fyrir opinbera aðila að búa til klasa, en hægt er að stuðla að því að örva myndun klasa með hagstæðum skilyrðum. Klasarnir sjálfir myndast með frumkvæði og starfsemi fyrirtækjanna sjálfra – lausnin kemur ekki að utan – hún verður að koma frá aðilum innan svæðisins sjálfs.

Aukið sjálfstæði svæða, kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra

- Umræður um einkenni og ímynd svæða hafa verið vanræktar sem viðfangsefni og vinna þarf mun markvissara að þessum málum. Segja má að einkenni svæða séu að nokkru svipuð og einkenni eða vörumerki fyrirtækja eða einstakra afurða og eru sem slík mikilvæg atriði í markaðssetningu svæða og þeirri vöru og þjónustu sem þar er í boði.
- Um leið og sjálfstæði svæða innan Evrópu voru brotin niður á tímum Napoleóns, minnkuðu sérkenni þessara svæða. Þetta er nú að snúast við, sem er sífellt betur að koma í ljós - með auknu sjálfstæði svæða verður ímynd þeirra sterkari, s.s. með sérstöku vörumerki fyrir Bretagne. Svæðaeinkenni eru því hvarvetna að aukast.

Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til

- Varðandi byggðapróun verður að hafa í huga að það eru engar töfralausnir til – árangur á þessu sviði eins og ýmsum öðrum kemur í skrefum með árangri á mörgum sviðum, sem byggir á breiðum grunni frekar er fáum og afmörkuðum atriðum. (*Elisabeth Helander, framkvæmdastjóri byggðastefnusviðs ESB*)
- Byggðamál þurfa í mörgum tilvikum að breytast frá því að vera “viðbrögð við áföllum og vandræðum” til þess að verða “stuðningur við aðlögun og breytingar”. (*Michel Delebarre, borgarsjóri Dunkerque og fyrrum ráðherra sveitarstjórnarmála í Frakklandi*)
- Kalifornía er mesta einstaka landbúnaðarsvæði í heiminum, með miklum fjölbreytileika afurða og er sem svæði með efnahagsstarfsemi sem er það 5. stærsta í heiminum.

VI.2 Áherslur í byggðamálum í Finnlandi – OULU – vaxtakjarni / klasi

Verkefnisstjórn kynnti sér byggðamál í Finnlandi og þær aðferðir sem þar hefur verið beitt með athyglisverðum árangri. Sérstaklega var skoða hvernig framkvæmd byggðaaðgerða hefur verið á Oulusvæðinu, en það hefur vaxið mjög ört m.a. vegna velgengni fyrirtækisins Nokia.

Byggðamál

Búferlaflutningar í Finnlandi hafa svipuð einkenni og við þekkjum hér. Fólk flyst úr dreifbýli í þéttbýli og frá norðurhéruðum til Helsinki og nágrennis sem er syðst í landinu. Ástandið er hins vegar ólíkt að því leyti að nokkrir aðrir kjarnar hafa byggst upp, svo sem Tampere, Turku, Espoo og Oulu, en markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu byggðakjarna í Finnlandi. Mikilvægasta viðfangsefni finnsku byggðastefnunnar á árunum eftir 1990 var að aðlaga framleiðslugreinar alþjóðlegri samkeppni og finna leiðir til að mæta mjög miklu atvinnuleysi, sem var allt að 20% og á sumum svæðum enn hærra. Höfuðáhersla var lögð á að byggja upp greinar sem byggðu á þekkingu fremur en þær hefðbundnu atvinnugreinar þar sem samdráttur hafði orðið. Umfangsmikið net háskóla og tækniskóla skapaði góðan grunn fyrir þessar áherslur, ásamt vísindagörðum og svæðisbundnum rannsóknamiðstöðvum og endurmenntunarmiðstöðvum, en saman mynda þessir aðilar landsnet sem gengur undir nafninu **Centre of Expertise (CoE)**. Kerfið er aðlagð reglum ESB og byggir á ákveðnum prógrömmum sem eru í gangi á hverjum tíma. Vinna við að þróa þessar miðstöðvar var megináhersla í lögum um byggðastefnu, sem sett voru 1994.

CoE var upphaflega hrint í framkvæmd með byggðaaætlun sem samþykkt var fyrir árin 1994-1998. Samkvæmt henni var landinu skipt upp í 11 CoE miðstöðvar, sem hverri um sig voru settar megináherslur í uppbyggingu á afmörkuðum sviðum. Að fenginni góðri reynslu var ákveðið að halda áfram með áætlunina og í núgildandi áætlun fyrir árin 1999-2006 eru 14 miðstöðvar og tvö landsnet miðstöðva.

Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)

Segja má að kjarninn í **vaxtarsamningi** sé samkomulag borgaryfirvalda og annarra aðila á viðkomandi svæði og opinberra aðila um að efla vaxtargreinar á ákveðnum sviðum atvinnulífsins. Þau svið sem lögð er áhersla á í OULU eru upplýsingatækni, líftækni, velferðartækni, margmiðlun og fjölmiðlun og umhverfistækni. Samkomulagið felur einnig í sér að sett eru upp tvö stuðningsverkefni, viðskiptaþjálfun og vörustjórnun og flutningatækni. Oulu svæðið stefnir að því að til verði örvandi umhverfi fyrir fyrirtæki, en einnig aðlaðandi aðstæður og góð lífsskilyrði fyrir íbúa svæðisins.

Meginmarkmið **GA 2006** er að efla klasa á afmörkuðum sviðum sem að ofan greinir. Í hverjum klasa er starfandi ákveðinn fjöldi fyrirtækja og þeim tengjast menntastofnanir, rannsóknarstofnanir fleiri aðilar. Saman mynda þessir aðilar þétt samstarfsnet sem tengja saman fyrirtækjarekstur, rannsóknir og þjálfun starfsfólks, faglært starfslið og stjórnun á iðnaðarferlum á ýmsum sviðum.

Markmiðið er að árið 2006 hafi orðið til 150 ný fyrirtæki í Oulu, 6.000 ný störf og velta fyrirtækja hafi aukist um 1,5 milljarða Evra.

VI.3 Hvernig má nýta klasa til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða?


Eins og þegar hefur verið rakið í kafla 3.5 er mikilvægt að vinna að auknum vexti og samkeppnishæfni atvinnulífs og byggða með öllum þeim leiðum sem hægt er, m.a. með aukinni starfsemi klasa og netsamstarfs. Fjöldmörg dæmi eru um árangur á einstaka svæðum með starfsemi klasa, og jafnframt hefur verið rannsakað hvaða þættir það eru sem eru hvað mikilvægastir við uppbyggingu klasa og netsamstarfs í atvinnulífi. Það módel sem hvað helst er horft til í þessari skýrslu er það starf sem unnið hefur verið á þessu sviði á Oulu svæðinu í Finnlandi og hefur þegar verið lýst.

Einnig og ekki síður hefur verkefnisstjórnin unnið að því að fá til landsins erlenda þekkingu er varðar uppbyggingu og ráðgjöf við atvinnulíf til að efla starfsemi klasa og auka netsamstarf á milli fyrirtækja. Þess er þó að geta að ekki er um einhverjar töfralausnir að ræða heldur um langtíma starf sem skilar árangri í þeim tilvikum sem slíkt hentar og þar sem unnið er að málum á markvissan og faglegan hátt til lengri tíma.

Námskeið um uppbyggingu, rekstur og nýtingu klasa til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða

Þann 9. – 10. september 2003 var fengin hingað til lands Mr Ifor Flowcs-Williams frá Nýja Sjálandi, til að halda námskeið um uppbyggingu og eflingu klasa og hvað er hægt að gera til auka samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða með markvissum aðgerðum á þessu sviði. Námskeiðið er hluti af starfi Verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð, en að því stóðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, löntæknistofnun Íslands, Útflutningsráð Íslands, Byggðastofnun og Rannís.

Ifor hefur haldið fjölda námskeiða um þessi mál víða um heim fyrir fyrirtæki, opinbera aðila og alþjóðastofnanir s.s. OECD og Alþjóðabankann. Námskeiðið var ætlað fyrirtækjum, stofnunum, opinberum aðilum, sveitarfélögum, bæjum, samtökum, atvinnuráðgjöfum og öðrum er fást við að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, m.a. með markvissri uppbyggingu klasa og tengslaneta í atvinnulífi.



Námskeiðið miðaði að því að efla þekkingu innlendra ráðgjafa og fyrirtækja á þessu sviði og tókst það afar vel. Fjöldi aðila sótti námskeiðið, ekki síst atvinnuráðgjafar, og það lagði grunn að frekari ráðgjöf og störfum innlendra aðila á þessu sviði, sem geta miðlað þessari þekkingu áfram til atvinnulífsins.

Á námskeiðinu var farið í helstu atriði sem skipta máli við aukið netsamstarf og uppbyggingu og var því skipt í 12 flokka, sjá meðfylgjandi box.

Varðandi nánari umfjöllun og ráðgjöf er vísað á ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfa sig á þessu sviði, en nánari upplýsingar má fá hjá löntæknistofnun Íslands o.fl.

Klasar og Netsamstarf 12 þrep til vaxtar og þróunar

- 1. Kynning á notagildi**
Kynning á notagildi klasa fyrir mögulegum þátttakendum og þýðingu þeirra fyrir hagþróun viðkomandi svæða.
- 2. Skilgreingin á klösum innan svæða**
Skilgreining á frumklösum og þróuðum klösum og forgangshlutverki þeirra í þróun. Þetta varðar m.a. skilgreiningu á viðfangsefni, umfang, fyrstu skref og þróun.
- 3. Greining á klasa**
Söfnun upplýsinga er varða klasa innan svæðisins. Markmið og ferli skilgreind, umfang, samanburðargreining, fyrstu rannsóknir, tengsl við aðila í atvinnulífi, flokkun og áætlunargerð.
- 4. Stofnun stjórnar og hlutverk leiðtoga**
Stjórn klasa og hlutverk, samstarf opinberra aðila og einkaaðila, aðkoma hagsmunaaðila, hlutverkaskipting – aðkoma ráðgjafa.
- 5. Stefnumótandi áætlun**
Mótun á sýn klasa til framtíðar, þróun á stefnu og áætlunum.
- 6. Skilgreining á áföngum**
Skilgreining á megin viðfangsefnum og framkvæmdaratriðum, tímasetning aðgerða.
- 7. Aðgerðaráætlun**
Forgangsatríði til skamms tíma, fyrstu aðgerðir og áherslur, stofnun vinnuhópa, styrking tengsla, fjölbreytileiki aðgerða, hlutverk verkefnisstjóra.
- 8. Kynning á klasa**
Kynningu á viðkomandi klasa, hverjir standa að samstarfinu, helstu áherslur o.fl.
- 9. Þróun klasa**
Frekari uppbygging og styrking í klasastarfi, með skipulegu starfi og verkferlum.
- 10. Frekari útfærsla stefnunnar**
Útfærsla á stefnu til lengri tíma - samkeppnisgreining, samanburður og frekari þróun. Tengsl við tengda klasa og fyrirtækjahópa, markaðssetning “branding” klasans, árlegir kynningarfundir á svæðinu o.fl.
- 11. Endurmat á starfinu**
Reglulegt mat á starfseminni, samkeppnishæfni klasans, endurmat á verkefnum og áherslum.
- 12. Aukið umfang og vöxtur**
Frekari skref til aukins vaxtar og samkeppnishæfni klasans. Sambætting klasastarfs við efnahagsstarfsemi á svæðinu, tenging við aðra klasa innan og utan svæðis sem og alþjóðlega starfsemi. Aukið hlutverk menntastofnana, rannsóknarstofnana o.fl., miðlun þekkingar og reynslu. Klasar og erlend fjárfesting – klasar sem sjálfbært þróunarferli.

Heimild: Cluster Navigation Ltd.

VI.4 Alþjóðleg verkefni – NPP, NORA, EES/ESB, Sp, ofl.

Á umliðnum árum hafa þjóðfélagsbreytingar, og þeir alþjóðlegu straumar og öfl sem nú eru ráðandi í hagkerfum þjóða og alþjóðaverslun, gerbreytt lögmálum, áherslum og vinnubrögðum fyrirtækja og þjóðfélaga í viðskiptum, verðmætasköpun og staðsetningu á framleiðslueiningum.

Verslun er drifkraftur í efnahagslegri framþróun og grunnur að alþjóðlegum viðskiptum og tækni sem breytist með sífellt vaxandi hraða. Á sama tíma hafa tæknibreytingar og framþróun í flutningum og fjarskiptum auðvaldað og margfaldað viðskipti og samskipti þjóða og stuðlað að útbreiðslu hnattvæðingar fyrirtækja sem og hagkerfa.

Alþjóðavæðing hefur breytt þeim lögmálum innan fyrirtækja og þjóðfélaga sem áður giltu í alþjóðaviðskiptum sem leitt hefur til opnari markaða samhliða verulega aukinni samkeppni jafnt innan sem á milli einstakra landa. Alþjóðavæðing hefur þannig skapað bæði nýjar og breyttar ógnanir og tækifæri fyrir fyrirtæki, samtök, sveitarfélög, stjórnvöld og einstök lönd. Vaxandi

alþjóðavæðing krefst aukins mannafla og fjármagns til alþjóðlegs samstarfs, eigi að vera mögulegt að bregðast við breyttum aðstæðum, nýta tækifæri og forðast ógnir sem þessari þróun eru samfara. Vegna þessa er talið mikilvægt að einstök svæði taki aukinn þátt í þróun alþjóðavæðingar, með aukinni þátttöku útávið sem innávið, þ.e. með þátttöku í erlendum verkefnum eða samstarfi eða að fá slík verkefni til viðkomandi svæðis. Slík nálgun skapar ýmis sóknarfæri þar sem sérhæfing og þekking fær sín notið í auknu alþjóðlegu samstarfi. Vegna þessa er ekki úr vegi að nefna verkefni s.s. NPP, EES/ESB, NORA, SP o.fl. Þessum verkefnum verður ekki lýst nánar hér en tekið dæmi.

Sem dæmi um alþjóðleg verkefni á sviði byggðamála má nefna að vorið 2002 gerðust Íslendingar aðilar að Norðurslóðaáætlun ESB NPP (Northern Periphery Programme) með samþykkt Alþingis á þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 - 2005. Framlag Íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar eru 25 milljónir á ári til ársins 2006 og eru þau verkefni sem Íslendingar taka þátt í styrkt af þessu framlagi, en verkefnin njóta einnig framlaga og þátttöku samstarfsaðila frá öðrum löndum áætlunarinnar. Heildarfjármagn áætlunarinnar er um 5 milljarðar íslenskra króna fyrir árin 2001–2006. NPP byggðaáætlunin er rekin á svipuðum forsendum og rannsóknaráætlanir innan EES-samningsins, þ.e. byggja verður á hagnýtum hugmyndum og rannsóknum. Einstök verkefni fá síðan stuðning, eftir mat sérfræðinga í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur einnig háður a.m.k. 40% - 50% mótframlagi umsóknaraðila.

Norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands ásamt Færeyjum, Grænlandi og Íslandi eiga aðild að áætluninni. Norðurslóðaáætluninni er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum norðurhéraða. Áherslur verkefna geta verið af þrennum toga. Í fyrsta lagi verkefni tengd samgöngu- og fjarskiptamálum, í öðru lagi verkefni tengd atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda og í þriðja lagi verkefni tengd eflingu samfélaga á norðurslóðum. Með aukinni alþjóðavæðingu sem og aukinni ábyrgð einstakra svæða, fyrirtækja og einstaklinga í þeirri þróun, eru verkefni sem NPP telur líkleg til að skila aukinni samkeppnishæfni og árangri á sviði byggðamála.

Nú þegar eru íslenskir aðilar þátttakendur í sjö verkefnum af átján innan áætlunarinnar sem telja verður afar góðan árangur og sýnir um leið þá grósku og möguleika sem íslenskum aðilum bjóðast með byggðaverkefnum sem þessum. Fyrir utan fyrrnefnd verkefni eru Íslendingar einnig aðilar að eftirfarandi verkefnum:

1. *Development by branding the trade mark* (BRANDR) er samstarfsverkefni milli fjögurra sveitarfélaga á norðurslóðum. Markmið þess er að skoða leiðir til markaðssetningar og ímyndarsköpunar sveitarfélaga t.a.m. með því að þróa „vörumerki“. Akureyrarbær tekur þátt í þessu verkefni.
2. „*Young Entrepreneur Factory*“ (YEF) er verkefni sem miðar að því að virkja unga frumkvöðla á norðurslóðum. IMPRA–Nýsköpunarmiðstöð tekur þátt í verkefninu og einnig munu nokkur atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni eiga aðild að verkefninu.
3. „*Rural Business Information Exchange Systems*“ (RUBIES) er verkefni um upplýsingatækni í dreifbýli. Gagnasöfnun um stöðu upplýsingatæknimála í dreifbýli ásamt þróun hugbúnaðar eru meðal aðgerða í verkefninu. Íslenska verkefnið Upplýsingatækni í dreifbýli og löntæknistofnun eiga aðild að verkefninu.
4. Háskólinn á Akureyri tekur þátt í símenntunar- og fjarkennsluverkefni sem kallast „*Community Learning Networks*“ - <http://edge.ramk.fi>
5. Þróunarstofa Austurlands ásamt nokkrum sveitarfélögum á Austurlandi tekur þátt í verkefninu „*Small Town Networks*“ sem miðar að sameiginlegri stefnumótunarvinnu sveitarfélaga. <http://www.smalltownnetworks.com>
6. Byggðastofnun ásamt sex íslenskum þátttakendum taka þátt í Víkingaverkefninu „*Destination Viking - Sagas & Storytelling*“ sem varðar uppbyggingu á menningarferðapjónustu í tengslum við sögu víkinganna. Íslensku aðilarnir eru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða með verkefni um Gísla sögu, Dalabyggð með Eiríksstaði og Leifsverkefnið, Safnahús Vesturlands með Egilsstofu, Grettistak sf. í Húnaþingi vestra, Reykjanesbær með víkingaskipið Íslending og uppsveitir Ánessýslu með verkefni um Þjórsárdal og Þjóðveldisbæinn. Þetta er jafnframt fyrsta Norðurslóðaverkefnið sem er undir stjórn Íslendinga.
7. Verkefnið „*Rural Business Women*“ sem snýr að atvinnusköpun kvenna í dreifbýli. Atvinnu- og jafnréttisráðgjafar í Norðaustur og -vesturkjördæmi koma að verkefninu fyrir Íslands hönd.

Á heimasíðu Byggðastofnunar má finna nánari upplýsingar um áætlunina: <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NPP> Einnig má finna upplýsingar um NORA áætlunina á síðunni <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NORA>

VII. TILLÖGUR STARFSHÓPA - SAMANTEKT

Í þessu yfirliti eru teknar saman tillögur starfshópa, en hverri tillögu er síðan nánar lýst í fylgiskjali I hér fyrir aftan. Ekki verður hér fjallað um einstaka tillögur, þar sem sú umfjöllun er í næsta kafla, en tillögurnar eru í sama formi og þær komu frá viðkomandi starfshópum, sem störfuðu á vegum verkefnisstjórnar vorið og sumarið 2003.

Hér er að finna á fjórða tug tillagna sem komu fram í markvissri vinnu 7 starfshópa á vegum Verkefnisstjórnar, en þar unnu á fjórða tug margvíslegra sérfræðinga á nær öllum sviðum atvinnu-, félags- og menningarmála til að móta rökstuddar tillögur um aukna samkeppnishæfi landshlutans. Starfshóparnir voru þessir:

- Samkeppnishæfni, atvinnumál og nýsköpun
- Ferðamálaþjónusta, menningarmál og félagsmál
- Byggðatengsl og sveitarfélög
- Heilbrigðisþjónusta
- Skóla- og fræðslumál
- Samgöngumál, og
- Erlend ráðgjöf um byggðamál

Hóparnir skiluðu allir af sér samtals á fjórða tug tillagna síðastliðið sumar. Stjórn verkefnisins vann síðan að því að flokka og samþætta þessar tillögur og færa þær í stefnumarkandi búning byggðaaáætlunar fyrir Eyjafjörð, þar sem þeim var ráðað í áhersluröð og flokkaðar eftir áherslum á klasa – sjá kafla um niðurstöður.

1. Samkeppnishæfni, atvinnumál og nýsköpun

1. Stytting á akstursleiðinni milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins sem og innan svæðis
2. Eyjarfjarðarsvæðið verði öndvegisstaður vísinda og rannsókna á tilteknum sviðum.
3. Stóriðjuuppbygging verði á Eyjafjarðarsvæðinu.
4. Efla Fjórðungssjúkrahúsið og gera það að “stóriðju Eyjafjarðarsvæðisins”.
5. Höfuðstöðvar Matvælastofnunar Íslands á Akureyri.

2. Ferðamálaþjónusta, menningarmál og félagsmál

1. Sameiginleg markaðsskrifstofa verði stofnuð á Norðurlandi.
2. Akureyri verði ákjósanlegur áningarstaður fyrir fjölskyldur og ferðatilboð og afþreyingarmöguleikar verði miðaðir að börnum t.d. með öflugum skemmtigarði.
3. Snjóframleiðslubúnaður verði settur upp í Hlíðarfjalli.
4. Demantshringur Norðursins skipulagður – Mývatn, Ásbyrgi og Húsavík með merktum gönguleiðum og áningarstöðum. Unnið verði vandað landakort af svæðinu sem dragi fram helstu perlur hringisins.
5. Tengja Norðurland alþjóðlegu samgönguneti með góðu tengiflugi á milli Akureyrar og Keflavíkur og eins beinu flugi frá Akureyri til útlanda.
6. Treysta rekstargrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar.

3. Byggðatengsl og sveitarfélög

1. Samræmd atvinnustefna á svæðinu
2. Heildstætt markaðsáttak í þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu með svæðið sem heild í huga
3. Sérstök athugun á hvernig samgöngubætur geta styrkt forsendur fyrir tengslum byggðarlaganna á Norðurlandi
4. Gerð verði sérstök greining á Norðurlandi sem svæði, með áherslu á ímynd þess, sérstök athugun á forsendum og skilyrðum fyrir frekari sameiningu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu

4. Heilbrigðisþjónusta

1. Miðstöð neyðarþjónustu fyrir Norðurskautssvæðið.
2. Globodent – þekkingarfyrirtæki á sviði tannlækninga
3. Uppbygging heilbrigðistengdrar upplýsingatækni.
4. Uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu
5. Endurhæfing

5. Skóla og fræðslumál

1. Skipuleg vinna gegn brottfalli úr námi
2. Aukið námsframboð til einstaklinga með stutta formlega menntun
 - Bjóða styttri námsbrautir með “brúm”
 - Stofnað verði námsver til eflingar fjarnáms
 - Stofna Lýðháskóla á Eyjafjarðarsvæðinu
3. Aukið framboð formlegs framhaldsskólanáms
 - Sérstakt átak til að auka framboð starfsnáms
 - Framhaldsnám við utanverðan Eyjafjörð
 - Átak í fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Kennsluaðferðir og nemendapjónusta
4. Efling náms og rannsókna á háskólastigi
 - Þróa nýtt nám á háskólastigi
 - Efla framhaldsmenntun við Háskólann á Akureyri
 - Efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri

6. Samgöngur

1. Styttingar á núverandi leið um Þjóðveg 1
2. Nýr valkostur á vegi milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins
 - Jarðgöng og breytingar á Þjóðveginum í Bakkaselsbrekku og á hábungu Öxnadalshéiðar
 - Þar sem Þjóðvegurinn liggur um þéttbýli verði hjáleiðir skoðaðar til að bæta umferð
 - Þjóðvegur 1 uppfylli þær hönnunarkröfur sem gerðar eru til vega með 90 km hámarkshraða.
 - Lögð er áhersla á gildi Sundabrautar til þess að gera aðkomu að höfuðborgarsvæðinu betri.
 - Kannaðir verði kostir til að tengja betur byggðirnar vestan Tröllaskaga við Eyjafjarðarsvæðið.
 - Fagnað er uppbyggingu hálendisvegarins milli Norður- og Austurlands.
 - Veginum milli Norður- og Austurlands verði haldið opnum alla daga í stað sex daga nú.
 - Auðveldari aðkoma á norðan- og austanverðu landinu að Eyjafjarðarsvæðinu.
 - Áfram verði unnið að undirbúningi Vaðlaheiðarganga.
3. Bætt símasamband á Þjóðvegum
 - Bættar merkingar á vegum í óbyggðum, s.s. milli Mývatnssveitar og Jökuldals.
4. Almenningsamgöngur
 1. Almenningsamgöngur á landi: gerð verði tilraun með almenningsamgöngukerfi s.s. frá Siglufirði til Húsavíkur og Mývatnssveitar.
 2. Flugsamgöngur, miðstöð innanlandsflugs verði áfram staðsett í Reykjavík og aðstaða bætt.
 - fagnað er millilandaflugi frá Akureyri og lögð verði áhersla á að yfirvöld tryggi framhald þar á.
 - Akureyrarflugvöllur verði bættur hvað varðar tæki, öryggisbúnað og móttöku stærri hópa.
 - Lögð er áhersla á að áætlunarflug verði áfram frá Akureyri til minni staða á norðanverðu landinu.
5. Hafnir og flutningar á sjó
 1. Bættar landssamgöngur verði nýttar til að auka samstarf og verkaskiptingu hafna á Norðurlandi.
 2. Við flutningsjöfnun á vörum milli landshluta verði jafnræði hvort sem um er að ræða flutninga á sjó eða landi.

7. Erlend ráðgjöf um byggðamál

1. Auka almennt ýmsa starfsemi vegna áhrifa alþjóðavæðingar
2. OECD verði fengið til ráðgjafar á sviði byggðamála, er nái bæði til dreifbýlis sem þéttbýlis.
3. Auka samstarf við erlenda aðila á sviði byggðamála.
4. Auka upplýsingaöflun um erlendar áherslur á sviði byggðamála.
5. Tengja þarf í auknum mæli málefni landsbyggðar og höfuðborgarinnar.

8. Aðrar tillögur

1. Háskóli Sameinuðu Þjóðanna starfræki útibú á sviði auðlindalíftækni við Háskólann á Akureyri
2. Stofnað verði líftækninet á Akureyri
3. Vestnorrænt samstarf - Verkefni með skrifstofu á Akureyri
4. Flytja stjórnslu fiskeldismála til Akureyrar
5. Bætt gagnavinnsla er varðar vinnumarkað og atvinnulíf á einstaka svæðum landsins.
6. Áhersla verði lögð á sameiningu og samstarf sveitarfélaga

VIII. FYLGISKJAL I

EINSTAKA TILLÖGUR FLOKKAÐAR EFTIR STARFSHÓPUM

1 SAMKEPPNISHÆFNI, ATVINNUMÁL OG NÝSKÖPUN

Inngangur

Skýrsla þessi er unnin af starfshóp sem skipaður var af iðnaðar og viðskiptaráðuneyti. Hópurinn fékk það skilgreinda verkefni að koma með tillögur að uppbyggingu Eyjafjarðarsvæðisins undir titlinum “Samkeppnishæfni, atvinnumál og nýsköpun”. Hópurinn hélt alls 9 sameiginlega fundi þar sem nefndarmenn komu undirbúnir með skilgreind verkefni á fundina.

Hópurinn skipaðu :

Sigmundur Ófeigsson, formaður, framkvstj. Norðlenska, Akureyri
Sveinn Heiðar Jónsson, byggingam. SH verktakar, Akureyri
Björn Snæbjörnsson formaður Einingar - lóju, Akureyri
Jón Hallur Pétursson, fjármálastjóri, ÚA, Fiskitanga, 600 Akureyri
Hólmur Svansson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Akureyri
Ragnar Sverrisson, kaupmaður, Akureyri
Valgerður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Fóðurstöðvarinnar Laxár hf.
Baldur Guðnason, framkvæmdastj. Hörpu – Sjafnar hf. Akureyri
Karl Friðriksson, löntæknistofnun, Reykjavík

Megintillögur

1. Stytting á akstursleiðinni milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins sem og innan svæðis
2. Sérákvæði vegna úthlutunar úr vísinda- og tæknisjóði.
3. Eyjafjarðarsvæðið verði öndvegisstaður vísinda og rannsókna á tilteknum sviðum.
4. Stóriðjuuppbygging verði á Eyjafjarðarsvæðinu.
5. Efla Fjórðungssjúkrahúsið og gera það að “stóriðju Eyjafjarðarsvæðisins”.
6. Höfuðstöðvar Matvælastofnunar Íslands á Akureyri.

Aðrar ábendingar: Opinberar aðgerðir til beinnar lækkunar flutningskostnaðar.

Tillaga 1: Stytting á akstursleiðinni milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins sem og innan svæðis

Megin hugmynd:

Stytting leiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur er grunnþáttur í að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja á starfssvæðinu.

Markmið:

Iðnaður og fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni á undir högg að sækja. Fjarlægð frá stærsta markaðssvæðinu ásamt flutningskostnaði aðfanga og fullunninna vara dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja á svæðinu.

Stytting leiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur hefði mjög jákvæð fjárhagsleg áhrif fyrir öll fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu hvort sem um framleiðslu-, matvæla-, ferðaþjónustu- eða þjónustufyrirtæki er að ræða.

Ástæður og ávinningur:

Með því að ríkisvaldið stuðli að uppbyggilegum samgöngubótum sem tengjast styttingu á hringveginum skapast ný sóknarfæri á landsbyggðinni. Stórauka þarf rannsóknarfé til hugmynda sem fram hafa komið um tillögur á styttingu leiðarinnar milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Eftirfarandi eru allt tillögur sem þarf að skoða á heildrænan hátt burtséð frá þröngum hagsmunum dreifbýlli byggðarlaga:

- Stytting um 69-80 km með uppbyggðum heilsársvegi (gjaldskyldum) yfir Stórasand.

- Styttingar / hagræði af göngum frá Hörgárdal til Hjaltadals yfir Þverárfjallsleið. (Stundum nefnd láglandisleiðin þar sem hún klippir fram hjá tveimur mögulegum höftum í samgöngum – Öxnadalsheiði og Vatnsskarðinu.
- Smærri styttingar s.s. Svínvetningabraut og stytting fram hjá Varmahlíð.
- Mikilvægt er að hafa í huga að árið 2016 er gert ráð fyrir að innanlandsflugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni og þá verður að huga að samgöngubótum á landi sem tækju við af innanlandsflugi sem myndi væntanlega minnka verulega.

Ábyrgð á framkvæmd:

Samgönguráðuneyti, Vegagerðin. Hugsanlega sveitarfélög á Norðurlandi.

Tímaáætlun:

Samkvæmt vegaáætlun ekki fyrr en 2006 en nauðsynlegt að hefjast þegar handa vegna endurskoðunar vegaáætlunar strax árið 2004.

Kostnaður:

Kostnaður við vegagerð t.d. "yfir Stórasand" er áætlaður u.þ.b. 5,5 milljarðar króna. Aðrar leiðir hafa mismunandi mikið unnar áætlanir á bak við hugmyndavinnuna og því er ekki hægt að bera slíkar áætlanir saman á þessu stigi.

Tillaga 2: Eyjafjarðarsvæðið verði öndvegisstaður vísinda og rannsókna á tilteknum sviðum.

Megin hugmynd:

Gerður verði a.m.k. 10 ára árangurssamningur við aðila á svæðinu um að vinna að tilteknum þróunarverkefnum á sviði vísinda og tæknimála sem hefði hagnýtt gildi á framþróun á viðkomandi sviði eða atvinnugrein.

Verkefni gætu verið á sviði matvæla, fiskeldis, líftækni, heilbrigðismála, þróun vara, tækja og annars búnaðar fyrir matvælaíðnað og sjávarútveg

Markmið:

Að á samningstímanum kæmu fram tilteknar nýjungar á völdum sviðum sem hefðu afgerandi áhrif á nýsköpun í viðkomandi greinum í formi aukinnar tækni, þekkingar og vara, sem bættu samkeppnistöðu greinanna til lengri tíma litið.

Ástæður og ávinningur:

Reynsla er fyrir því að verulega hagnýtur árangur næst þegar sett eru fram metnaðarfull markmið og verkefni á sviði rannsókna og þróunar og þeim fylgt eftir með fjármagni til framkvæmda. Drifkraftar bættrar samkeppnistöðu fyrirtækja, stofnana og skóla í dag er aukin þekking og tæknivæðing. Fjárfesting á þessu sviði skilur á milli árangurs og árangursleysis við uppbyggingu atvinnulífs. Eyjafjarðarsvæðið liggur vel við átaki á þessu sviði. Svæðið einkennist af hefðbundnum greinum sem þurfa að tæknivæðast, nálægð við háskóla og til staðar eru öflug og metnaðarfull fyrirtæki bæði stór og smá.

Ábyrgð á framkvæmd:

Fyrir verkefninu yrði valinn stýrihópur sem skipaði vinnuhópa til að greina tækifæri á einstaka sviðum og meta þau.

Innan stýrihópsins væru fulltrúar helstu hagsmuna- og áhrifavalda innan einstakra fagsviða og atvinnugreina. Vinnuhóparnir hefðu jafnframt á að skipa þverfaglegum aðilum sem störfuðu í umboði stýrihóps. Stýrihópur mundi samræma tillögur og leggja þær fyrir viðkomandi fagaðila og tæki síðan afstöðu um forgangsmál til rannsókna og þróunar.

Niðurstaðan yrði rammasamningur við fjölda svæðisbundinna aðila um rannsóknir og þróun á tilteknum sviðum þar sem skilgreindur árangur yrði tilgreindur.

Tímaáætlun:

Undirbúningur að slíku verkefni þyrfti að vera lágmark ár. Eftir það færi framkvæmdartíminn eftir efnisflokkum og áherslum í verkefnavali.

Kostnaður:

Gert er ráð fyrir að framlag til verkefnisins yrði á bilinu 200 til 350 milljónir kr. á ári. Til viðbótar þessu kæmi framlag til verkefnisins frá fyrirtækjum og stofnunum.

Annað:

Litið er á verkefni sem þetta sem viðbót við það fé sem fengist í gegnum Vísinda- og tæknisjóð. Hugmyndin gengur út á að fjárfesta í tækifærum á þeim sviðum sem þau eru tilgreind frekar en að tiltaka eitt eða tvö svið til að fjárfesta í án tillits til fyrirsjáanlegs árangurs.

Tillaga 3: Stóriðjuuppbygging verði á Eyjafjarðarsvæðinu og /eða Norðurlandi**Megin hugmynd:**

Forgangsráða stóriðjuuppbyggingu á Íslandi þannig að næsta nýja stóriðjuverkefni verði á Norðurlandi /Eyjafirði.

Markmið:

Stuðla að því að uppbygging næstu stóriðju verði á Norðurlandi og styrkja með því stoðir atvinnulífsins í þeim landshluta.

Ástæður og ávinningur:

Hefja markaðs- og kynningarátak á alþjóðagrundvelli til að vekja athygli á möguleikum til stóriðju á svæðinu sem byggir á orkugjöfum sem þar er að finna. Nú þegar búið er að taka ákvörðun um virkjun Kárahnjúka og Fjarðará, sem ekki síst er byggðaleg aðgerð, þá er eðlilegt að huga næst að uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Norðurlandi.

Nýting raforkukerfis landsmanna er þannig að meiri notkun vantar milli Kröflu og Blöndu til að hægt sé að keyra þar á fullum afköstum. Norðurland hefur mikla möguleika á frekari orkuvinnslu s.s. jarðgufuvirkjanir í Bjarnarflagi og Þeistareykjum ásamt stækkunarmöguleikum í Kröflu. Einnig eru frambærilegir vatnsaflsvirkjunarkostir svo sem Skatastaðavirkjun, virkjun Skjálfafljóts o.fl.

Stækkun núverandi stóriðju á suðvesturhorni landsins er ekki aðkallandi sé horft til byggðalegra, efnahagslegra eða orkulegra þátta. Eðlilegt er vegna byggðalegra áhrifa að nýr orkukræfur iðnaður fari af stað á Norðurlandi áður en stækkun núverandi stóriðjuvera kemur til. Efasemdir eru uppi um hvort hægt verði að ráðast í stóriðnað s.s. eins og byggingu álvers á Norðurlandi eftir að búið verður að fullstækka Straumsvík og Norðurál vegna takmarkana á útlosun á gróðurhúsalofttegundum skv. Kyoto bókunum.

Stóriðjuuppbyggingu þarf ekki að einskorða við hugmyndir um álver heldur getur verið um að ræða nokkur verkefni orkukræfra iðnferla með mikil samlegðaráhrif, tækniþörf og þjónustuþörf úr nágrenninu.

Ábyrgð á framkvæmd:

Landsvirkjun, Þeistareykir, Norðurorka, AFE, iðnaðar- og viðskiptar.

Tímaáætlun:

Starf þetta ætti að geta hafist strax en tæki a.m.k. 3 ár, því er tíminn 09.2003-09.2006.

Kostnaður:

Verkefnisstjóri ráðinn til að vinna að undirbúningnum og markaðsleit í samstarfi þátttakenda. Má ætla kostnað undirbúnings um 30 milljónir kr. yfir þriggja ára starfstíma.

Tillaga 4: Efla Fjórðungssjúkrahúsið og gera það að "stóriðju Eyjafjarðarsvæðisins".**Megin hugmynd:**

Að efla Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og gera því kleift að gera út á markaði í Evrópu og í Bandaríkjunum til þess að gera aðgerðir á fólki sem er tilbúið að greiða sjálft aðgerðarkostnaðinn. Í tengslum við slíka markaðssókn yrði byggð upp endurhæfingarmiðstöð í Eyjafirði sem væri bæði endurhæfing eftir aðgerðir á FSA og heilsuhæli til andlegrar endurhæfingar og afslöppunar.

Markmið:

Að gera FSA að miðstöð skurðaðgerða og heilsueflingar á Íslandi.

Efla fjórðungssjúkrahúsið – það verði “Stóriðja Eyjafjarðar”. Skapa stofnuninni rekstrarlega samkeppnisyfirburði. Markaðssetja yfirburðina og reyna að fá inn sjúklinga frá USA og Evrópu sem geta greitt fyrir aðgerðirnar. Á þann hátt skapast fjöldi starfa, hægt er að ráða fleiri sérhæfða lækna og starfslíð á sjúkrahúsið. Nýting á tækjum batnar og umsvif aukast.

Endurhæfing – Byggja upp endurhæfingarstöð í Eyjafirði, líkt og heilsuhælið í Hveragerði. Kristnes verði fyrir aldraða og langveika.

Hafa hugfasta möguleika á að ná þessum markmiðum með árangurstengdum þjónustusamningum við einkaaðila.

Ástæður og ávinningur:

Að ná fjármagni inn í heilsugeirann í Eyjafirði þannig að fjórðurinn yrði miðstöð þess málaflökks.

Ýmis nýtilkomin vandamál tengd heilsu fólks vaxa svo og fjölga lækningaaðgerðum til úrbóta, svo sem lýta- og fegrunaraðgerðum, offituaðgerðum, áfengis- og eiturlyfjameðferðum, liðskiptiaðgerðum, hjartapræðingum og tilheyrandi eftirmeðferðum. Heilsustofnun í Eyjafirði í víðri merkingu – fyrir þá sem vilja efla heilsuna í rólegu umhverfi. Við svona starfsemi mundu koma á svæðið fjöldi sérfræðinga sem ekki kæmu annars. Einnig mundi fjöldi fólks fá vinnu við að þjónusta svona heilsustofnun svo og þá sérfræðinga og einstaklinga sem henni tengdust.

Ábyrgð á framkvæmd:

Ríkisvaldið sérstaklega fjárveitingarvald og heilbrigðisráðuneytið, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

Aðrir þátttakendur:

Sveitarfélög á Norðurlandi.

Tímaáætlun:

Hægt væri að hefja undirbúningsvinnu strax en það er ljóst að sú vinna tæki a.m.k. eitt til tvö ár. Að því búnu væri hægt að fara að vinna að lagalegri hlið og reglugerðum. Það er því ljóst að svona verkefni verður ekki komið að fullu í framkvæmd fyrr en að 8 til 10 árum liðnum. Þó er ljóst að í sum verkefnanna væri hægt að fara með skömmum fyrirvara.

Tillaga 5: Höfuðstöðvar Matvælastofnunar Íslands á Akureyri.**Megin hugmynd:**

Fjölga og efla fjölbreytni starfa á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu með því að staðsetja stofnanir nátengdum atvinnulífinu ekki síst á sviði matvælaíðnaðar á Akureyri.

Markmið:

Höfuðstöðvar Matvælastofnunar Íslands verði staðsettar á Akureyri, verði af stofnun hennar, þar sem mikill hluti starfseminnar er nátengdur því umhverfi sem þar er s.s. landbúnaði, fiskveiðum, fiskeldi o.s.frv. Verði ekki af stofnun Matvælastofnunar, verði eigi að síður hugað að flutningi á hluta þeirra starfa þeirra stofnana sem gert var ráð fyrir að hún yfirtæki með starfsemi sinni.

Ástæður og ávinningur:

Ríkisvaldið hefur aðeins náð takmörkuðum árangri til þessa með að efla hlutfall opinberra starfa á landsbyggðinni. Ástæður fyrir því eru fjölmargar, en svo virðist sem ekki hafi nægjanlega markvisst starf verið unnið á þessu sviði, þegar tækifæri gefast s.s. við breytingar innan starfandi stofnana.

Einnig hefur komið í ljós að erfiðlega hefur oft gegnið að flytja stofnanir eða verkefni út á land vegna ýmissa þátta s.s. vegna erfiðleika við flutnings starfsfólks. Við hverskonar skipulagsbreytingar, nýrra eða eldri stofnana, er því afar mikilvægt að taka stefnumarkandi ákvarðanir um flutning starfa á sviði matvæla til Eyjafjarðarsvæðisins, þar sem það svæði byggir á mikilli þekkingu og reynslu á því sviði s.s. í sjávarútvegi, iðnaði sem landbúnaði.

Í frumvarpi um matvælastofnun segir:

“Matvælastofnun fer með stjórnsýslu og verkefni sem áður voru í umsjá matvælasviðs og rannsóknar- og prófunarstofu Hollustuverndar ríkisins, embættis yfirdýralæknis, gæðaeftirlits Fiskistofu, rannsóknar- og prófunarstofu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Aðfangaeftirlits,

Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (plöntueftirlits) og matvælaeftirlits heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.”

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra hafa um 31% íbúa Akureyrar tekjur af fiskveiðum, matvæla- og drykkjarvöruiðnaði. Á Akureyri eru tvö öflugustu sjávarútvegsfyrirtæki landsins staðsett, tvö af stærstu kjötvinnslufyrirtækjum landsins auk þess sem eina auðlindadeild háskóla á Íslandi er staðsett á Akureyri.

Undir þessa stofnun er gert ráð fyrir að heyrri 104–106 störf að miklu leyti í höfuðstöðvum en einnig í átta starfsstöðvum út um landið. Eðlilegt er að slíkur flutningur eigi sér stað á 2- 3 árum þar sem núverandi sérfræðingum sem hafa þetta með höndum verður gefið færi á að staðsetja sig á Akureyri, vinna í útibúi Matvælastofnunar í Reykjavík eða að nýtt fólk verði ráðið til þessara starfa á Akureyri.

Með staðsetningu Matvælastofnunar á Akureyri væri þannig unnið eftir samþykktari stefnu í byggðamálum, en ekki síður að stofnanir á þessu sviði séu staðsettar á þeim svæðum sem hafa mikla reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði.

Ábyrgð á framkvæmd:

Forsætisráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun:

Þegar ákveðið hefur verið hvaða ráðuneyti stofnunin heyrir undir er hægt að hefja verkefnið. Innleiðing verkefnisins tekur a.m.k. 3 ár.

Kostnaður:

Ekki hægt að segja til um á þessari stundu.

Tillaga 6: Opinberar aðgerðir til beinnar lækkunar flutningskostnaðar.

Megin hugmynd:

Opinber jöfnunaraðgerð á flutningskostnaði sem bætir samkeppnishæfni og styrkir eyfirskan og norðlenskan atvinnurekstur.

Markmið:

Iðnaður og fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni á undir högg að sækja. Fjarlægð frá megin markaðssvæði dregur úr samkeppnishæfni og kostnaður við flutninga aðfanga og fullunninna vara veikir einnig samkeppnishæfnina.

Tillögur eru nú uppi um að lækka flutningskostnað með óbeinni jöfnun eða með beinum niðurgreiðslum á flutningskostnaði sem snýr að flutningi á hráefnum og fullunnum vörum. Slíkar aðgerðir hafa verið stundaðar um árabil í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum með góðum árangri. Óþarfi er að finna upp hjólið heldur kynna sér vel hvað hefur gengið hjá þeim og aðlaga slík kerfi íslenskum aðstæðum.

Ástæður og ávinningur:

Með opinberum stuðningi og lækkun flutningskostnaðar mun samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni aukast og það mun skila fleiri atvinnutækifærum á landsbyggðinni bæði í viðkomandi atvinnugreinum sem og við þjónustustörf sem tengjast viðkomandi greinum.

Til að tryggja eðlilega byggðapróun og til að uppfylla búsetuskilyrði og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni þarf að ríkja jafnræði í því samkeppnisumhverfi sem ríkir hvort heldur er í rekstri fyrirtækja eða búsetuskilyrðum einstaklinga til að styðja við markmið hins opinbera í byggðamálum. Annars munu fólksflutningar af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins halda áfram og störfum mun fækka vegna tilfærslu fyrirtækja frá landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd:

Samgönguráðuneyti, Vegagerðin, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Byggðastofnun.

Tímaáætlun:

Könnun á beingreiðslukerfum til niðurgreiðslu á flutningi og tillögugerð því samfara ætti að vera lokið um áramót 2003-4. Þannig yrði hægt að koma á kerfi sem heimilaði fyrirtækjum að fá lækkun gjalda á móti flutningi á fullbúnum afurðum á markaði eða hráefnisöflun innanlands eða utan.

Kostnaður:

Kostnaður við jöfnunaraðgerðir er óviss á þessari stundu en víst er að með beinum styttingum á leiðinni mun stuðningur lækka ef flutningskostnaður lækkar.

2 FERÐAMÁLAÞJÓNUSTA, MENNINGARMÁL OG FÉLAGSMÁL.

Inngangur

Skýrsla þessi er unnin af starfshóp sem skipaður var af iðnaðar og viðskiptaráðuneyti og fjallaði um ferðapjónustu, menningarmál og félagsmál.

Hópin skipuðu:

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarfulltrúi, Akureyri, formaður
Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Skíðastaða, Akureyri
Hilda Jana Gísladóttir, fjölmiðlamaður, Akureyri
Kjartan Lárusson, framkvæmdastjóri, Ferðamálasamtök Norðurlands eystra, Akureyri
Marinó Sveinsson, framkvæmdastjóri, Akureyri
Hörður Sigurbjarnason, Hvalaskoðun, Húsavík
Pétur Snæbjörnsson, hóteltjóri, Reynihlíð, Mývatnssveit.

Megintillögur - ferðamálaþjónusta, menningarmál og félagsmál

1. Sameiginleg markaðsskrifstofa verði stofnuð á Norðurlandi.
2. Akureyri verði ákjósanlegur áningarstaður fyrir fjölskyldur og ferðatilboð og afþreyingarmöguleikar verði miðaðir að börnum t.d. með öflugum skemmtigarði.
3. Snjóframleiðslubúnaður verði settur upp í Hlíðarfjalli.
4. Demantshringur Norðursins skipulagður – Mývatn, Ásbyrgi og Húsavík með merktum gönguleiðum og áningarstöðum. Unnið verði vandað landakort af svæðinu sem dragi fram helstu perlur hringsins.
5. Tengja Norðurland alþjóðlegu samgönguneti með góðu tengiflugi á milli Akureyrar og Keflavíkur og eins beinu flugi frá Akureyri til útlanda.
6. Treysta rekstargrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar.

Tillaga 1: Sameiginleg markaðsskrifstofa verði stofnuð á Norðurlandi.**Megin hugmynd:**

Að samræma og samþætta markaðs- og kynningarstarf á Norðurlandi, þannig að markaðssetning á landshlutanum verði í framtíðinni unnin miðlægt af Markaðsskrifstofu Norðurlands. Ímynd svæðisins verði skilgreind og sterkar og veikar hliðar þess afmarkaðar. Allt kynningarefni og áherslur í markaðssetningu taki mið af þessu.

Markmið:

Markaðsskrifstofa Norðurlands taki yfir þann hluta af starfsemi Ferðamálaráðs Íslands sem lýtur að markaðssetningu landsbyggðarinnar eða a.m.k. þann hluta sem snýr að Norðurlandi. Sérkenni landshlutans í markaðssetningu erlendis verði betur dregin fram og ímynd Norðurlands sem vænlegs ferðamannasvæðis styrkt.

Skrifstofan á að aðstoða fyrirtæki við að bjóða fram þjónustu sem svarar eftirspurn markaðarins á hverjum tíma ársins með það að leiðarljósi að lengja nýtingartíma fjárfestinga í ferðapjónustu á svæðinu. Markaðsskrifstofan verði stjórnvöldum til ráðgjafar í skipulagi, uppbyggingu og opinberri fjárfestingu á svæðinu og haldi vöku fyrir sveitarfélögin hvað varðar nýjungar og þróun í ferðapjónustu á hverjum tíma.

Hlutverk / ávinningur:

Að annast almenna kynningu á Norðurlandi fyrir mismunandi hópa ferðamanna. Að framleiða og dreifa almennu kynningarefni. Að útbúa og uppfæra sameiginlega vefsíðu fyrir ferðapjónustu á

Norðurlandi. Að standa fyrir og taka þátt í kynningarátökum, ferðasölusýningum og námskeiðum fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu á svæðinu. Skrifstofan skipuleggur og annast móttöku fjölmiðlafólks til að auka rétta umfjöllun um svæðið. Þá kemur hún á samböndum á milli ferðaskipuleggjenda og þeirra aðila á starfssvæðinu sem geta þjónað þeim. Skrifstofan verður opinber móttökuaðili fyrir allt starfssvæðið.

Framkvæmd og ábyrgð.

Akureyrarbær er ábyrgur fyrir að ofangreind skrifstofa verði til. Stofna skal hlutafélag um starfsemina í eigu sveitarfélaga, fyrirtækja, Bygðastofnunar og ríkisins. Félagið gerir þjónustusamninga við ríki og sveitarfélögin og fjármagni þannig daglegan rekstur og almenna ímyndaruppbyggingu svæðisins. Félagið selur öðrum eigendum sínum auglýsingapláss, ráðgjöf og aðgang að kynningarstarfi og fjármagni þannig sértækar markaðsaðgerðir.

Sérstakir fjármunir verði settir í að styrkja beint flug á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar til að fjölga erlendum ferðamönnum inná Eyjafjarðarsvæðið.

Tímaáætlun

Reiknað er með að stofnun MN verði í júní 2003 og haldi hún áfram með þau verkefni sem þegar eru komin af stað og setji önnur í gang eftir því sem kostur er. Verkefnið er hugsað sem 3 ára tilraunaverkefni sem verður endurskoðað innan tímabilsins með hliðsjón af reynslu og áframhaldi á starfseminni.

Kostnaðaráætlun

Gera má ráð fyrir að það kosti um 10 milljónir króna að stofna skrifstofuna og verði hlutafé hennar notað til þess. Þá má gera ráð fyrir að fastur rekstrarkostnaður á ári verði ekki undir 30 milljónum kr., þ.e. laun, húsnæði og rekstur skrifstofu. Verði það fjármagnað með þjónustusamningum. Breytilegur kostnaður, þ.e. sértækar markaðsaðgerðir, heimsóknir á sýningar, útgáfa og þess háttar verður 40 –50 milljónir kr. á ári. Það verður fjármagnað með framlögum hins opinbera og mótfamlögum greinarinnar á starfssvæðinu.

Tillaga 2: Akureyri verði ákjósanlegur áningarstaður fyrir fjölskyldur og ferðatilboð og afþreyingarmöguleikar verði miðaðir að börnum t.d. með öflugum skemmtigarði.

Megin hugmynd:

Að Akureyri verði ákjósanlegasti áningastaður ferðamanna fyrir fjölskyldur á Íslandi.

Markmið:

Að fjölga ferðamönnum á svæðinu í lengri tíma og að halda heimafólki á staðnum. Unnið verði í samstarfi við sveitarfélagið að samræma afþreyingu og þjónustu á Akureyri sem valkost fyrir börn og fjölskyldufólk. Stefnt verður að því að haldnir verði sérstakir barnadagar eða hátíð að sumri.

Ákjósanlegt væri að halda úti „skemmtigarði“, sem næði yfir allt Akureyrarsvæðið. Þar yrði byggt á því sem fyrir er – starfi íþróttafélaganna og frjálsra félagasamtaka og samstarf aukið þeirra á milli. Ráðinn yrði einstaklingur og/eða stofnun sem yrði falið verkefnið til þriggja ára með það að markmiði að það beri sig sjálft að tilraunatímanum loknum. Á Akureyri myndi rísa tákn fjölskylduskemmtigarðsins Akureyri, t.a.m. Parísarhjól. Í framtíðinni verði hægt að þróa verkefni enn frekar sem samstarfsverkefni í öllum Eyjafirði.

Ástæður og ávinningur:

Lögð verði áhersla á að fá til Akureyrar fjölskyldufólk, þar sem það samræmist bæjarfélaginu best og myndi styrkja verslun og ímynd bæjarfélagsins. Að auka fjárstreymi inn í bæjarfélagið og styrkja með því stoðir verslunar og þjónustu á staðnum. Að fá fólk inn á Eyjafjarðarsvæðið og halda því þar lengur.

Ábyrgð á framkvæmd:

Ríki og sveitarfélag í samstarfi við verslunar- og þjónustufólk á staðnum. Ráðinn yrði verkefnisstjóri yfir verkefninu til þriggja ára.

Tímaáætlun:

Hefja fjölskyldusumar á Akureyri sumarið 2004/2005, það yrði síðan tilraunaverkefni til þriggja ára. Að þeim tíma liðnum yrði verkefnið metið og forsendur þess endurmetnar.

Tillaga 3: Snjóframleiðslubúnaður verði settur upp í Hlíðarfjalli.**Megin hugmynd:**

Að setja upp snjóframleiðslukerfi sem kemur til með að anna helstu skíðaleiðum við Fjarkann svo og Hólabraut.

Markmið

Að tryggja rekstrardaga skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli enn frekar yfir vetrarmánuðina og lengja tímabilið, þ.e. gera kleift að opna skíðasvæðið fyrir. Stefnt verði að því að opna helstu skíðaleiðir fyrir jól þannig að hægt verði að stunda skíði og snjóbretti um jól og áramót. Með snjóframleiðslu verður hægt að skapa skíðafélögum víðsvegar af landinu æfingaraðstöðu í Hlíðarfjalli fyrir en tíðkast hefur til þessa. Uppbygging Hlíðarfjalls skal miðast við að það svæði verði þjóðarleikvangur skíðaíþróttarinnar á Íslandi.

Ástæður og ávinningur

Sá möguleiki á að framleiða snjó mun styrkja starfsemi skíðasvæðisins og auka gæði skíðasvæðisins með stöðugri og betri snjó. Þessi framleiðsla er atvinnuskapandi og er þörf fyrir allt að þremur stöðugildum í a. m. k. þrjú mánuði á ári til að sinna þessu verkefni. Þetta verkefni rennir styrkari stoðum undir Akureyri sem Vetrariþróttamiðstöð Íslands og skilar sér í auknum fjölda innlendra ferðamanna og jafnvel erlendra í tengslum við beint millilandaflug til Danmerkur. Skíðasvæðið í Eyjafirði gæti verið áhugaverður kostur fyrir danska ferðamenn að vetri til.

Eins myndi þetta styðja við nám á skíðabraut í VMA.

Ábyrgð á framkvæmd

- Akureyrarbær sem rekstraraðili
- Iðnaðarráðuneytið – frumkvöðlastarf. Nýsköpunarmiðstöð
- Vetrariþróttamiðstöð Íslands.
- Menntamálaráðuneytið
- Samgönguráðuneytið- uppbygging á ferðamannastöðum

Tímaáætlun

Sumar 2004

Undirbúningur vegna snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli tæki um 2-3 mánuði og yrði að sinna á haustmánuðum.

Kostnaður

Stofnkostnaður:	60-90 milljónir
Rekstrarkostnaður:	
Launakostnaður:	3 milljónir
Rafmagnskostnaður	2 milljónir
Annað:	1 milljón
Samtals	6 milljónir á ári

Tillaga 4: Demantshringur Norðursins skipulagður – Mývatn, Ásbyrgi og Húsavík með merktum gönguleiðum og áningarstöðum. Unnið verði vandað landakort af svæðinu sem dragi fram helstu perlur hringsins.**Megin hugmynd:**

Skipulögð verði hringleið um eftirsóttustu svæði Norðausturlands sem yrði hæfileg dagsferð fyrir ferðamenn sem velja að gista á svæðinu. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði þannig aðgengilegur frá öllum fjórðungnum. Skipulag þjóðgarðsins ýti undir aukna atvinnustarfsemi svo sem á sviði gistingar og afþreyingar, t.d. fljótasiglinga.

Markmið

Að gera svæðið samkeppnishæfara á dagsferðamarkaði og tryggja aðgengi að Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og öðrum mikilvægum náttúruperlum. Þjóðgarðurinn þjóni betur hagsmunum heimafólks með eflingu atvinnustarfsemi þar.

Ástæður og ávinningur

Umrædd leið er mikið farin nú þegar og hefur svo verið undanfarin 60 ár a.m.k. Þrátt fyrir það hefur aldrei verið lagður vegur um leiðina, né hugað að aðgengi fyrir gesti með skipulögðum hætti. Ferðaþjónusta á öllu Norður- og Austurlandi mun njóta góðs af.

Ábyrgð á framkvæmd

Vegagerð ríkisins, Umhverfisstofnun og sveitarfélög á svæðinu.

Tímaáætlun

Verkið verði hafið nú þegar og ljúki á 3 árum.

Kostnaður

Nákvæmar kostaðaráætlanir hafa ekki verið gerðar, þó er vitað að kostnaður við verkefnið liggur á bilinu hálfur til heill milljarður. Auðvelt er að áfangaskipta verkefninu og skipta því í viðráðanlegar einingar.

Tillaga 5: Tengja Norðurland alþjóðlegu samgönguneti með góðu tengiflugi á milli Akureyrar og Keflavíkur og eins beinu flugi frá Akureyri til útlanda.

Megin hugmynd:

Stefna skal að því að auðvelda beinan aðgang ferðamanna inn á svæðið þannig að Íslandsferðin hefjist á Norðurlandi. Nauðsynlegt er einnig að efla bein tengsl heimamanna við umheiminn. Þetta er hægt að gera á tvennan hátt; annars vegar með beinu flugi frá Akureyri til útlanda og hins vegar með því að styrkja tengingu Akureyrarflugvallar við Keflavíkurflugvöll.

Markmið:

Að vinna að uppbyggingu beins leiguflugs frá Evrópu til Akureyrar yfir sumarmánuðina. Brýnt er að standa vörð um það beina flug sem til staðar er í dag.

Einnig að miðstöð almenningssamgangna (rútur) færast frá miðbæ Akureyrar til Akureyrarflugvallar og að þær taki mið af komum og brottfaratímum flugvéla á Akureyrarflugvelli.

Brýnt er að bæta aðstöðu innanlandsfarþega á Keflavíkurflugvelli og að almenningssamgöngur milli Reykjavíkurflugvallar og Keflavíkurflugvallar verði bættar verulega.

Ástæður og ávinningur

Aukin þægindi og styttri ferðatími til og frá Norðurlandi. Beint flug eykur fjölda ferðamanna á Norðurlandi.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneytið.
Sveitarfélög og sérleyfishafar.

Tímaáætlun

Sem fyrst.

Tillaga 6: Treysta rekstrargrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar.

Megin hugmynd:

Treysta þarf rekstur þessara tveggja meginstoða í menningarlífi Norðurlands til þess að tryggja atvinnumennsku í listum á Akureyri.

Markmið

Tryggja atvinnumennsku í listum á Akureyri. Festa Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í sessi sem sinfóníuhljómsveit landsbyggðarinnar. Renna styrkari stoðum undir rekstur Leikfélags Akureyrar sem eina atvinnuleikhússins utan höfuðborgarsvæðisins.

Ástæður og ávinningur

Sinfóníuhljómsveitin hefur sannað það í gegnum árin að tilvera hennar styður við búsetu tónlistarmanna í fjórðungnum. Fastur kjarni tónlistarmanna sem leikur með sveitinni kemur af öllu Norðurlandi og að auki frá Austurlandi. Hljómsveitin hefur gegnt þýðingarmiklu uppahlutverki með skólatónleikum sínum sem haldnir hafa verið í grunnskólum bæði á Norðurlandi eystra og vestra.

Leikfélag Akureyrar sem eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins skapar Akureyri gríðarmikla sérstöðu og gerir bæinn í raun að stærra samfélagi í huglægum skilningi. Leiklist er ein öflugasta listgrein á Íslandi og eru Íslendingar þekktir fyrir leikhúsheimsóknir sínar en miðað við íbúafjölda er aðsókn í leikhús hér á landi sú mesta sem um getur í heiminum. Leikfélag Akureyrar hefur einnig stutt dyggilega við starfsemi áhugamannafélaga víðsvegar á Norðurlandi og hefur þannig áhrif langt út fyrir mörk Eyjafjarðar.

Ábyrgð á framkvæmd

Akureyrarbær og menntamálaráðuneytið.

Tímaáætlun

Við gerð nýs þriggja ára menningarsamnings í haust á milli ráðuneytisins og Akureyrarbæjar verði framlög til starfsemi þessara meginstofnana margfölduð.

Kostnaður

Núverandi rekstrarframlag Akureyrarbæjar til þessara tveggja stofnana er 98 milljónir kr. á ári. Þetta framlag þarf að taka mið af aukinni starfsemi í væntanlegu menningarhúsi og hækka verulega.

3 BYGGÐATENGLS OG SVEITARFÉLÖG

Inngangur

Hópin skipuðu:

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar
Grétar Þór Eypórsson, forstöðumaður Byggðarannsóknastofnunar, formaður
Reinhard Reynisson, bæjarstjóri Húsavíkurbæjar
Sigmundur Ernir Rúnarsson, formaður VBE
Svanhildur Konráðsdóttir, framkvæmdastjóri Höfuðborgarstofu
Valdemar Bragason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar
Þóra Ákadóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar

Með hópnum starfaði Ingunn H. Bjarnadóttir, starfsmaður Byggðarannsóknastofnunar.

Megintillögur - Byggðatengsl og sveitarfélög

1. Samræmd atvinnustefna á svæðinu
2. Heildstætt markaðsátak í þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu með svæðið sem heild í huga
3. Sérstök athugun á hvernig samgöngubætur geta styrkt forsendur fyrir tengslum byggðarlaganna á Norðurlandi
4. Gerð verði sérstök greining á Norðurlandi sem svæði, með áherslu á ímynd þess, sérstök athugun á forsendum og skilyrðum fyrir frekari sameiningu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu

Tillaga 1: Samræmd atvinnustefna á svæðinu.

Mikilvægt er að atvinnulíf á Norðurlandi geti skapað eins mikil verðmæti og unnt er. Í því augnamiði leggur hópurinn til að lögð verði sérstök áhersla á samræmingu atvinnustefnu og sýn á atvinnuuppbyggingu með styrkleika og veikleika hvers svæðis um sig að leiðarljósi. Í slíkri stefnu er mikilvægt að hvert og eitt svæði eða sveitarfélag geti notið kosta sinna. Markmið slíkrar

stefnumótunar ætti að vera að við staðarval eða staðsetningu stærri atvinnutækifæra verði leitast við að hámarka margfeldisáhrif á svæðinu.

Atvinnuþróunarfélög og sveitarfélög á svæðinu gegna hér lykilhlutverki og því lagt til að þessir aðilar stofni með sér félag eða samtök sem vinni að samræmingu í málaflokknum, með ofangreind markmið að leiðarljósi.

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélögin á svæðinu og samtök þeirra, auk atvinnuþróunarfélaga í samráði við Byggingastofnun.

Tillaga 2: Heildstætt markaðsátak í þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu með svæðið sem heild í huga.

Telja má afar mikilvægt að heildstæð og samræmd hugsun ráði ferð í uppbyggingu ferðaþjónustu á Norðurlandi. Tengja þarf saman einstaka atburði, verkefni og staði, hvar svo sem er á svæðinu.

Með tilkomu Markaðsskrifstofu Norðurlands hefur verið stigið mikilvægt skref í þessa átt.

Lagt er til að verkefni sem þetta verði eftir enn frekar með tengingu við *Höfuðborgarstofu* annaðhvort með beinum hætti eða með þjónustusamningum um einstök verkefni. Höfuðborgarstofa hefur og getur gegnt lykilhlutverki í kynningarmálum er varða landið allt og því mikilvægt að nýta stöðu hennar í þessu tilliti um leið og slíkt myndi auðvelda heildstæða hugsun í markaðsmálunum.

Framkvæmdaraðilar: Aðilar ferðaþjónustunnar. Sveitarfélögin.

Tillaga 3: Sérstök athugun á hvernig samgöngubætur geta styrkt forsendur fyrir tengslum byggðarlaganna á Norðurlandi

Fyrir dyrum stendur gerð jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð, enda þótt verkefninu hafi verið frestað um eitt ár. Munu þau göng tengja Siglufjörð inn á Eyjafjarðarsvæðið og jafnframt opna möguleika á hringakstri um Tröllaskaga allt árið. Þannig er fyrirsjáanlegt að forsendur tengsla byggðanna munu aukast. Þá má nefna hugmyndir um Vaðlaheiðargöng milli Eyjafjarðar og Þingeyjasýslna auk hugmynda um göng milli Hörgárdals og Hóla í Hjaltadal. Á teikniborði Vegagerðarinnar má auk þessa finna tvær útfærslur á göngum undir Öxnadalshéið. Mikilvægt er að gerð verði athugun á því hvernig samgöngubætur af þessu tagi milli byggðarlaganna geta eftir tengsl þeirra og forsendur til viðtækara samstarfs en nú er. Rétt er að í því sambandi verði horft sérstaklega til þess hvernig efling almenningssamgangna getur styrkt forsendur þessa.

Sveitarfélögin eiga að beita sameiginlegum þrýstingi til að bæta grunngerð samgöngukerfisins á svæðinu sem hafi það að megin markmiði að styrkja og stækka atvinnu- og þjónustusvæði og styrkja þjónustuhlutverk Akureyrar fyrir "norðaustursvæðið" með sama hætti og Reykjavík fyrir "suðvestursvæðið".

Það er því lagt til hér að ráðist verði í athugun á þessu.

Framkvæmdaraðilar: Unnið í tengslum við athuganir á vegum samgönguhóps. Framkvæmdaraðili er þá sá sami og samgönguhópur nær niðurstöðu um.

Tillaga 4: Gerð verði sérstök greining á Norðurlandi sem svæði, með áherslu á ímynd þess

Hin almenna vinnuskilgreining hópsins, sem og VBE, á því svæði sem unnið er með er að Norðurland nái frá Vatnsskarði í vestri að Jökulsá á Fjöllum í austri, eða með öðrum orðum frá Sveitarfélaginu Skagafirði til og með Skútustaðahreppi.

Mikilvæg spurning í þessu samhengi er þó hvað svæðið sem verkefnið taki til geti verið stórt svo raunhæft sé. Athuga þarf hvenær slíkt svæði er orðið of stórt til að geta talist einsleitt og hvort hugsanlega séu einhverjar samgönguhindranir eða aðrar hindranir innan svæðisins sem hefðu áhrif á hversu stórt það sé og geti orðið.

Hópurinn leggur til að gerð verði greining á því að hve miklu leyti svæðið sé einsleitt og sundurleitt í samgöngulegum, menningarlegum, atvinnulegum og félagslegum skilningi. Greiningin tæki einnig til þess að skoða hvaða mynd af svæðinu hentaði best með sameiginlega ímynd þess í huga.

Framkvæmdaraðilar: Unnið að hluta í tengslum við athuganir á vegum samgönguhóps en að öðrum hluta sem sérstakt verkefni. Framkvæmdaraðili yrði því sá sami og samgönguhópur nær niðurstöðu um. Aukinheldur er nærtækt að leita til Byggðarannsóknastofnunar og Ferðamálaseturs. Eins mætti hugsa sér ímyndarráðgjöf frá Guðmundi Oddi Magnússyni, prófessor við listaháskólann.

Tillaga 5: Sérstök athugun á forsendum og skilyrðum fyrir frekari sameiningu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu

Ekki virðist vera víðtæk samstaða fyrir sameiningum sveitarfélaga á svæðinu. Viðræður sigldu í strand fyrir 3 árum og nú nýverið hefur afdráttarlaus yfirlýsing komið frá Ólafsfirði um að heildarsameining komi ekki til greina.

Hópurinn leggur áherslu á að það gæti orðið máli þessu til framdráttar að þriðji aðili kæmi að málinu. Kann því aðkoma frá Byggðaáætlun Eyjafjarðar að vera heppileg í því tilliti. Þá hefur Kaupfélag Eyfirðinga lýst yfir áhuga á að styðja framgang málsins.

Lögð er til sérstök athugun á forsendum sameininga eða sameiningar á svæðinu. Verði þar jafnframt reifaðir kostir þess og gallar að breyta skipan sveitarfélaganna á Eyjafjarðarsvæðinu. Hópurinn telur ekki ástæðu til að reifa víðtækari uppstokkun sveitarstjórnarkerfis á öllu norðursvæðinu. Rétt er að hópurinn nýti sér þekkingu og reynslu nefndarmanna úr Þingeyjar- og Skagafjarðarsýslum við umfjöllun um málið. Afurð athugunarinnar verði sett fram sem greinargerð þar sem staða og horfur málsins eru reifuð. Lagt verði mat á hverja þýðingu þetta mál getur haft fyrir framgang Byggðaáætlunar Eyjafjarðar.

Framkvæmdaraðilar: Lagt er til að Byggðarannsóknastofnun vinni verkið og skili greinargerð. Samráð verði haft við Eyþing og fleiri aðila í héraði, s.s. Héraðsnefnd Eyjafjarðar.

4 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Inngangur

Á Eyjafjarðarsvæðinu (Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur) er fjölbreytt og umfangsmikil heilbrigðisþjónusta. Ljóst er að mikil þörf er fyrir aukna þjónustu á komandi árum og möguleikar svæðisins eru miklir. Sérstaklega er bent á mikilvægi þess að núverandi starfsemi verði eflid með Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) sem stærstu og öflugustu stofnunina á þessu sviði. Nauðsynlegt er að stjórnvöld staðfesti hlutverk FSA sem aðalmiðstöð heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, með markvissri uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum. Ein af grundvallar forsendum fyrir auknu samstarfi heilbrigðisstofnana á þessu svæði er að tryggja bætta samgöngur innan þessa svæðis, bæði í lofti og á landi. Samstarf FSA, Háskólans á Akureyri, heilsugæslunnar og heilbrigðisstofnana á svæðinu þarf að efla enn frekar auk samvinnu við aðrar stofnanir og fyrirtæki um aukna þjónustu á heilbrigðissviði.

Eftirfarandi tillögur telur starfshópurinn að muni styrkja og efla heilbrigðisþjónustu á svæðinu, búsetu og mannlíf. Tillögum er ekki forgangsraðað.

Hópin skipuðu :

Halldór Jónsson, forstjóri FSA, Akureyri, formaður.

Brit Biældvedt, framkvæmdastjóri Öldrunarsviðs Akureyrarbæjar, Akureyri

Guðný Sverrisdóttir, formaður stjórnarnefndar Landspítala – Háskólasjúkrahúss, Grenivík

Jón Helgi Pétursson, sparisjóðsstjóri Grenivík

Þórarinn Sigurðsson, deildarforseti heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri.

Friðfinnur Hermannsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Húsavík

Rúnar Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Hornbrekku, Ólafsfirði

Megintillögur - Heilbrigðisþjónusta

1. Miðstöð neyðarþjónustu fyrir Norðurskautssvæðið.
2. Globodent – þekkingarfyrirtæki á sviði tannlækninga
3. Uppbygging heilbrigðistengdrar upplýsingatækni.
4. Uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu
5. Endurhæfing

Tillaga 1: Miðstöð neyðarþjónustu fyrir Norðurskautssvæðið.

Megin hugmynd:

Að á Akureyri verði miðstöð neyðarþjónustu fyrir norðurskautssvæðið, þ.e. lönd og héruð sem að því liggja. Miðstöðinni verði komið á fót og hún rekin í samvinnu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Háskólans á Akureyri og Rauða krossins með tilstyrk opinberra aðila landanna sem í hlut eiga. Á Íslandi þyrftu utanríkisráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti að vera aðilar að málinu.

Markmið:

Uppbygging miðstöðvar neyðarþjónustu fyrir norðurslóðir á Akureyri í samstarfi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Háskólans á Akureyri og Rauða krossins og með fulltingi Norðurskautsráðsins.

Ástæður og ávinningur:

Háskólinn á Akureyri er þegar aðili að mikilvægu samstarfi þeirra þjóða sem byggja norðurslóðir, einkum í gegnum stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Við skólann hefur byggst upp þekking í upplýsingatækni gegnum fjarkennslu og með sérstakri Upplýsingatæknideild. Á FSA er að byggjast upp reynsla í fjarlækningum auk þess sem þar er vilji fyrir að efla og þróa slíka þjónustu. Á Akureyri er miðstöð sjúkraflugs á Íslandi og þar hefur Sjúkraflutningaskólinn aðsetur. Vilji er fyrir því innan Norðurskautsráðsins, sem Ísland mun brátt taka við forstöðu í, að efla fjarlækningar (tele-medicine) á norðurslóðum. Rauði krossinn hefur þegar verið í sambandi við HA með það að markmiði að kanna samstarf um miðlun upplýsinga er varða fjarlækningar og slysavarnir, einkum á sviði neyðarhjálp. Á Akureyri koma því saman margir þættir sem tengjast „meginhugmyndinni“.

Neyðarmiðstöð myndi styrkja allar stofnanirnar sem að málinu koma, skapa þeim aukin verkefni og byggja upp þekkingu á sviði neyðarþjónustu og miðlunar upplýsinga. Auk beinna afskipta í neyðartilfellum sæi slík miðstöð um upplýsingagjöf, útbyggi fræðsluefni, stæði fyrir námskeiðum í bráðahjálp, slysavörnum o.s.frv. Þannig hefði miðstöðin töluverð áhrif á byggða- og atvinnuþróun á svæðinu.

Ábyrgð á framkvæmd:

Lagt er til að stofnaður verði undirbúningshópur með fulltrúum þeirra stofnana sem að framan greinir. Sá hópur útfæri hugmyndina og setji í þann búning að unnt sé að vinna að henni í fjölþjóðlegu umhverfi Norðurskautsráðsins. Tengsl Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Háskólans á Akureyri og Rauða krossins á þessum vettvangi eru afar mikilvæg fyrir þá framhaldsvinnu.

Aðrir þátttakendur:

Fulltrúar frá löndum sem standa að norðurslóðasamstarfinu (þegar þar að kemur).

Tímaáætlun:

Áætla má að heimavinnan taki eitt ár. Síðan þarf að vinna málinu fylgi í því fjölþjóðlega umhverfi sem um ræðir. Erfitt er að áætla þann tíma sem það tekur. Þó ber að geta þess að fjarlækningar eru eitt af viðfangsefnum norðurskautsráðsins um þessar mundir, og Rauði krossinn, sem alþjóðleg stofnun, leggur á það áherslu að efla fjarlækningar í sambandi við neyðarþjónustu og slysavarnir á jaðarsvæðum. Það kann því að vera, að þarna sé fundin nálgun til þess að málið fái greiðan framgang.

Kostnaður:

Áætlað er að undirbúningsvinna í eitt ár geti numið 2-3 milljónum króna.

Tillaga 2: Globodent – þekkingarfyrirtæki á sviði tannlækninga

Megin hugmynd:

Að byggja upp þekkingarfyrirtæki á sviði tannlækninga á Akureyri. Auk þróunarvinnu sem þekkingarfyrirtækið hefur með höndum er stefnt að því að byggja á Akureyri verksmiðju til framleiðslu postulínsfyllinga til tannviðgerða. Fyrirtækið vinnur að því að þróa tæki⁹ sem gerir það jafn einfalt og fljótlegt fyrir tannlækni að nota staðlaðar postulínsfyllingar og að nota silfur- eða plastfyllingar. Jafnframt er unnið að því að þróa staðlaðar fyllingar sem notaðar eru með bortækinu og henta til viðgerða á 85 – 90% allra tannskemmda í jöxlum, en allur megin þorri tannskemmda er í þeim.

⁹ Tækið er einkaleyfishæf uppfinning og hefur þegar farið í gegnum PCT ferlið

Markmið:

Að byggja upp þekkingarfyrirtæki á sviði tannlækninga á Akureyri ásamt verksmiðju sem framleiðir postulínsfyllingar.

Ástæður og ávinningur:

Viðskiptahugmyndin sem Globodent byggir á hlaut 1. verðlaun í samkeppni Nýsköpunarsjóðs árið 2000, en hugmyndin snýst um að nota við tannviðgerðir staðlaðar postulínsfyllingar í stað silfur- og plastfyllinga. Postulínsfyllingar eru eftirsóttar vegna endingartíma, en eru miðað við núverandi aðferðir mjög dýrar. Með því að nota staðlaðar fyllingar úr postulíni er mögulegt að lækka kostnað verulega og gera þær samkeppnisfærar við hefðbundnar silfurfyllingar. Postulínsfyllingar eru auk þess eftirsóttar vegna þess að þær eru hvítar og hafa sama lit og upprunalegar tennur. Plastfyllingar sem nokkuð hafa verið notaðar hafa takmarkaða endingu og vinna við þær er vandasöm og tímafrek.

Eftir því sem starfsemi Globodent vex ásmegin, mun framlag þess til rannsóknar- og þróunarsamfélagsins á Akureyrarsvæðinu aukast. Gera má ráð fyrir að fyrirtækið muni taka þátt í verkefnum með Háskólanum á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsinu. Einnig mun fyrirtækið nýta sér þjónustu auglýsingastofa, prentsmiðja og hugbúnaðarfyrirtækja á svæðinu við starfsemi sína.

Ábyrgð á framkvæmd:

Stjórn Globodent ber ábyrgð á framgangi fyrirtækisins. Hana skipa Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður, Baldur Guðnason, Egill Jónsson, Gísli Jónsson og Heimir Haraldsson meðstjórnendur.

Aðrir þátttakendur:

Globodent vinnur með danska fyrirtækinu Pinol að þróun tækisins, en hefur keypt þjónustu af Iðntæknistofnun vegna rannsóknar- og þróunarvinnu, A & P Árnasyni vegna einkaleyfa, KPMG vegna verkefnisstjórnunar, lögfræði- og skattaráðgjafar og af DGI, sem er ítalskt iðnhönnunarfyrirtæki. Öll þróunarvinna fer í gegnum faglega rýni hjá hópi tannlækna sem allir eiga það sameiginlegt að kenna eða hafa kennt við tannlæknaháskóla hér heima og/eða erlendis.

Tímaáætlun:

Gert er ráð fyrir að núverandi þróunarvinna¹⁰ byrji að skila af sér tekjum á miðju ári 2004. Fyrirtækið þarf að fjármagna sig fram að þeim tíma með sölu hlutafjár og styrkjum.

Kostnaður:

Gert er ráð fyrir að 50 milljónir króna þurfi til að „klára“ næsta skref í þróunarvinnu fyrirtækisins, en fyrirsjáanlegt er að frekari fjármögnun er þörf áður en fyrirtækið fer að skila tekjum. Globodent hefur þegar kostað yfir 100 milljónum króna til þróunarvinnu auk vinnuframlags frumkvöðuls og óreiknaðs vinnuframlags einstakra samstarfsaðila.

Tillaga 3: Uppbygging heilbrigðistengdrar upplýsingatækni.**Megin hugmynd:**

Að uppbygging á heilbrigðistengdri upplýsingatækni fari fram á Akureyri á næstu misserum. Þetta verði gert í samstarfi heilbrigðisstofnana á svæðinu, Háskólans á Akureyri og hugbúnaðarfyrirtækja.

Markmið:

Að á svæðinu eigi sér stað uppbygging hugbúnaðarþróunar fyrir heilbrigðiskerfið.

Ástæður og ávinningur:

Hagnýting upplýsingatækninnar er skammt á veg komin í heilbrigðiskerfinu. Með réttum hugbúnaði er hægt að leysa þörf heilbrigðisstofnana fyrir gagnaskráningu sem lýtur að klíniskri starfsemi. Talið er að slíkur hugbúnaður leiði af sér fjárhagslegan ávinning fyrir heilbrigðiskerfið og bætt öryggi sjúklinga.

Umtalsverð þekking er til staðar á viðfangsefninu á Eyjafjarðarsvæðinu bæði meðal hugbúnaðarfyrirtækja og innan heilbrigðisgeirans. Á svæðinu eru kjöraðstæður hvað varðar samstarfsaðila að slíku verkefni:

¹⁰ Sjá meðfylgjandi skýrslu Iðntæknistofnunar um endurtekningarnákvæmni og greinargerð rýnihóps um stöðu verkefnis

- FSA – næst stærsta sjúkrahús landsins með alla megin sjúkrahússtarfsemi.
- HAK – stærsta heilsugæslustöð landsins.
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga – sjúkrahús og heilsugæsla.
- Sjálfstæð sérfræðistarfsemi.
- Háskólinn á Akureyri – Heilbrigðisdeild og Upplýsingatæknideild.
- Hugbúnaðarfyrirtæki - sérhæfð í þessum geira.

Með því að beina þessu verkefni til Eyjafjarðarsvæðisins stuðla stjórnvöld að aukinni uppbyggingu þekkingarstarfa á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd:

Heilbrigðisráðuneyti, heilbrigðisstofnanir á Eyjafjarðarsvæðinu, aðrir hagsmunaaðilar.

Tímaáætlun:

Lagt er til að skilgreint verði þróunarverkefni til þriggja ára.

Kostnaður:

Umtalsvert fjármagn þarf til þess að þessi tillaga verði að veruleika, gera má ráð fyrir að fjárþörfin sé um 100 milljónir kr. á ári næstu þrjú árin. Lagt er til að stjórnvöld skilgreini Eyjafjarðarsvæðið sem þróunarsvæði í þessum geira. Tryggja þarf fjármagn sem stofnanir á svæðinu geti sótt í til verkefna á þessu sviði.

Tillaga 4: Uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu

Megin hugmynd:

Að búa til eftirsóttta „vöru“ (heilsutengda ferðaþjónustu) í samstarfi starfsmanna í ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu sem stuðlar að fjölgun atvinnutækifæra á svæðinu.

Markmið:

Að nýta þá fjárfestingu sem þegar hefur verið lögð í ferðaþjónustu og uppbyggingu heilbrigðisstofnana á svæðinu með því að tengja saman ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

Ástæður og ávinningur:

Margt bendir til þess að ýmis heilsutengd þjónusta verði sá atvinnuvegur sem vex hraðast á Vesturlöndum á næstu áratugum. Á Íslandi eru um margt einstæðar aðstæður til að byggja upp slíka starfsemi. Ferðaþjónusta er atvinnugrein í örum vexti á Íslandi en nýting fjárfestinga í greininni er enn þá allt of lítil. Sérstaklega á þetta við um landsbyggðina.

Með því að nýta náttúrulegar aðstæður á Norðurlandi, sérstaklega heita vatnið, og tengja við einstaka baðhefð Íslendinga, ásamt þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á svæðinu, skapast miklir möguleikar á því að bæta afkomu ferðaþjónustunnar og fjölga störfum fyrir heilbrigðisstarfsmenn.

Ábyrgð á framkvæmd:

Samgönguráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun:

Þetta er langtímaáætlun sem byggir á vöruþróun og öflugri markaðssetningu. Ekki væri óeðlilegt að horfa til 10 ára.

Kostnaður:

Markaðssetning heilsutengdrar ferðaþjónustu þyrfti að vera á landsvísu og lagt er til að stjórnvöld leggi fjármagn í að kynna Ísland sem heilsuland 21. aldarinnar. Mikilvægt er að hafa náðið samstarf við þá sem framast standa á Íslandi í dag í þessum efnunum.

Lagt er til að 10 milljónir kr. á ári verði varið í markaðssetningu á heilsutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi í gegnum Markaðsskrifstofa Norðurlands.

Annað:

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hefur í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og með stuðningi löntæknistofnunar og Kísilgúrsjóðs lagt mikla vinnu í skoðun á þessum málum. Fyrir liggja tvær skýrslur sem sjálfsgagt er að leggja fram með þessu erindi ef áhugi er fyrir hendi.

Tillaga 5: Endurhæfing

Megin hugmynd:

Að efla endurhæfingu á Norður- og Austurlandi með Kristnes sem höfuðstöðvar.

Markmið:

Að sem flestir sem þurfa á endurhæfingu að halda á Norður- og Austurlandi geti fengið þá þjónustu á sínum heimaslóðum.

Ástæður og ávinningur:

Margir íbúar á Norður- og Austurlandi sem þurfa á endurhæfingu að halda, sækja þá þjónustu til Reykjavíkur. Það er hagur allra að þetta fólk geti fengið þá endurhæfingarþjónustu sem raunhæft og eðlilegt er að veita, á sínum heimaslóðum. Það liggur beinast við að efla Kristnes sem miðstöð slíkrar endurhæfingar á Norður- og Austurlandi. Öflug endurhæfing er þjóðfélaginu afar verðmæt því að hún stuðlar að því að fólk geti snúið aftur til fullrar þátttöku í þjóðfélaginu. Það að færa þjónustuna nær fólkinu, sparar tíma og kostnað. Efling endurhæfingar á Eyjafjarðarsvæðinu styrkir heilbrigðisþjónustuna og er um leið stuðningur við heilsutengda þjónustu af ýmsu tagi. Þá er eðlilegt að gerður verði samningur á milli heilbrigðisstofnana á svæðinu og Tryggingastofnunar ríkisins, hliðstæðan þeim sem gerður hefur verið í Hveragerði. Þannig er hægt að fá samþykkt af Tryggingastofnun ríkisins ýmis námskeið í lífstílsbreytingum sem lækna vísa til.

Ábyrgð á framkvæmd:

Heilbrigðisráðuneyti, FSA og aðrar heilbrigðisstofnanir á svæðinu.

Aðrir þátttakendur:

Tryggingastofnun og lífeyrissjóðir.

Tímaáætlun:

Verkefni verði unnið á næstu þremur árum.

Kostnaður:

Stutt verði við áætlanir sem FSA hefur lagt fram um uppbyggingu endurhæfingar á svæðinu.

Annað:

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga og Framhaldsskólinn á Húsavík munu fara af stað með starfsendurmenntun fyrir fólk sem er á endurhæfingarlífeyri eða er að sækja um endurhæfingu nú í haust. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í eitt ár og er styrkt af fjárlaganefnd Alþingis. Markmiðið er að endurhæfa í framtíðinni fólk sem býr við skerta vinnugetu, fólk sem er á örorku og fólk sem er á endurhæfingarörorku til þess að það komist á ný út í atvinnulífið. Þetta er verkefni sem er mjög þarft og spennandi og afar mikilvægt þjóðfélaginu ef vel tekst til. Þetta framtak er vert að styðja og hægt er að leggja fram skýrslu, námsskrá og kynningarbækling ef óskað er nánari kynningar.

5 SKÓLA OG FRÆÐSLUMÁL

Inngangur

Starfshópur um skóla- og fræðslumál er skipaður af iðnaðarráðherra vorið 2003 til að vinna tillögur í þessum málaflokki fyrir byggðaáætlun sem unnið er að fyrir Eyjafjörð. Í skipunarbréfi eru settar fram þrjár spurningar sem hópnun er falið að svara:

- Hvaða námsleiðir kæmi til greina að stofna til á hverju skólastigi fyrir sig í nánustu framtíð?
- Hvaða aðgerðir væru best til þess fallnar að styðja enn frekar við þær námsleiðir sem þegar eru til staðar á svæðinu?
- Hvaða aðgerðir gætu helst stuðlað að frekari uppbyggingu fjarnáms, sí- og endurmenntun og fullorðinsfræðslu á svæðinu?

Skilgreining á Eyjafjarðarsvæðinu hefur ekki verið nákvæmlega gefin en hópurinn hefur valið að styðjast við landfræðilega skilgreiningu svæðisins en jafnframt reynt að hafa í huga samstarf við nálæg svæði. Hópurinn leggur áherslu á að koma fram með fáar en vel ígrundaðar og raunhæfar tillögur sem ekki taka of langan tíma í framkvæmd.

Hópurinn hefur safnað töluvert af gögnum um menntun og menntunarstig á svæðinu. Í þessari stuttu greinargerð verður í fyrsta lagi gerð grein fyrir þeim gögnum sem hópurinn hefur skoðað og í öðru lagi settar fram fjórar tillögur þar sem leitast er við að svara þeim spurningum sem settar eru fram í skipunarbréfi ráðherra. Undir tillögnum fjórum voru gerðar tillögur að allt frá einni og upp í þremur framkvæmdaleiðum. Ljóst er að skoða þarf þessar leiðir betur áður en farið verður í framkvæmdir en til þess þarf bæði meiri tíma og fjármagn en þessi hópur hefur til umræða.

Hópurinn skipuðu :

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, formaður, framkvst. Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, Akureyri,
Hermann Tómasson, áfangastjóri VMA, Akureyri
Laufey Petrea Magnúsdóttir, áfangastjóri MA, Akureyri
Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri.
Stefán Stefánsson, deildarstjóri, menntamálaráðuneyti, Reykjavík
Guðmundur Birkir Þorkelsson, skólastjóri framhaldsskólans, Húsavík
Hadda Hreiðarsdóttir, form. Félags stúdenta í Háskóla Akureyrar.

Megintillaga - Skóla og fræðslumál

1. Skipuleg vinna gegn brottfalli úr námi
2. Aukið námsframboð til einstaklinga með stutta formlega menntun
 - Bjóða styttri námsbrautir með "brúm"
 - Stofnað verði námsver til eflingar fjarnáms
 - Stofna Lýðháskóla á Eyjafjarðarsvæðinu
3. Aukið framboð formlegs framhaldsskólanáms
 - Sérstakt átak til að auka framboð starfsnáms
 - Framhaldsnám við utanverðan Eyjafjörð
 - Átak í fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Kennsluaðferðir og nemendajónusta
4. Efling náms og rannsókna á háskólastigi
 - Þróa nýtt nám á háskólastigi
 - Efla framhaldsmenntun við Háskólann á Akureyri
 - Efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri

Tillaga 1 - Skipuleg vinna gegn brottfalli úr námi

Tillaga 2 - Aukið námsframboð til einstaklinga með stutta formlega menntun

1. Bjóða styttri námsbrautir með "brúm"
2. Stofnað verði námsver til eflingar fjarnáms
3. Stofna Lýðháskóla á Eyjafjarðarsvæðinu

Tillaga 3 - Aukið framboð formlegs framhaldsskólanáms


1. Sérstakt átak til að auka framboð starfsnáms
2. Framhaldsnám við utanverðan Eyjafjörð
3. Átak í fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Kennsluaðferðir og nemendajónusta

Tillaga 4 - Efling náms og rannsókna á háskólastigi

1. Þróa nýtt nám á háskólastigi
2. Efla framhaldsmenntun við Háskólann á Akureyri
3. Efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri

Tölfræðin – Eyjafjarðarsvæðið í dag


Hópurinn nálgast tölur um menntunarstig á Eyjafjarðarsvæðinu sem unnar voru úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands árið 2001.



Mynd 1 Menntunarstig á Eyjafjarðarsvæðinu árið 2001

Heimild: Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands 2001

Tölur um menntunarstig sýna að um tæpur helmingur vinnuafslsins¹¹ á Eyjafjarðarsvæðinu hefur aðeins grunnmenntun eða starfsnám/gagnfræðapróf. Rétt um þriðjungur vinnuafslsins hefur framhaldsskólamenntun, 11% hefur sérskólamenntun¹² en aðeins 12% vinnuafslsins hefur háskólamenntun (1. mynd).



Mynd 2. Hlutfall háskólamenntunar á Eyjafjarðarsvæðinu samanborið við önnur landssvæði árið 2001.


Heimild. Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands 2001

Nánari athugun á hlutfalli háskólamenntunar samanborið við önnur landssvæði sýnir að hlutfall háskólamenntaðra er mun lægra á Eyjafjarðarsvæðinu en t.a.m. á höfuðborgarsvæðinu þar sem

¹¹ Fólk á aldrinum 16-74 ára.

¹² Sérskólamenntun er t.d. myndlistaskólar, kennaraskólar, tónlistaskólar, þ.e. skólar sem lúta námskrá frá menntamálaráðuneytinu.

hlutfall háskólamenntaðra er um 23% af vinnuaflinu. Landsmeðaltalið er tæplega 19% en á landsbyggðinni er hlutfallið aðeins lægra en á Eyjafjarðarsvæðinu eða 11,4% (2. mynd).



Mynd 3. Menntunarstig á Eyjafjarðarsvæðinu og landinu öllu árið 2001.
Heimild: Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands 2001.

Með því að bera saman menntunarstig á Eyjafjarðarsvæðinu við landsmeðaltalið kemur í ljós að mun algengara er að fólk hafi aðeins grunnmenntun á Eyjafjarðarsvæðinu en á landinu öllu, þar sem hlutfall vinnuafls með grunnmenntun er 33% á Eyjafjarðarsvæðinu en 21% á landinu öllu. Hlutfall fólks með sérskólamenntun og háskólamenntun er að sama skapi lægra á Eyjafjarðarsvæðinu heldur en á landinu öllu (3. mynd).

Framhaldsskólar

Hópurinn skoðaði sérstaklega hve hátt hlutfall 16 ára íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu verða nýnemar við VMA og MA. Í ljós kom að um 80-90% hvers árgangs á Akureyri og í dreifbýli Akureyrar sækir nám í þessa skóla. Hlutfall nýnema frá Ólafsfirði og Dalvík virðist fara vaxandi en rokkar þó töluvert á milli ára. Ljóst er að unglingar frá Dalvík og Ólafsfirði sækja skóla víðar að en einungis til Akureyrar. En tölurnar gætu þó bent til þess að sókn í framhaldsskólanám sé minni frá þessum stöðum en frá Akureyri. Fáir nýnemar eru frá Siglufirði í dag en búast má við að það breytist með byggingu jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar (1. tafla).

Tafla 1. Hlutfall 16 ára íbúa í eftirfarandi sveitarfélögum/póstnúmerum sem eru nýnemar í MA og VMA

	Póstnúmer	1998	1999	2000	2001	2002
Akureyri	600 og 603	93,3%	89,0%	93,8%	92,9%	93,2%
Akureyri dreifbýli*	601	81,6%	89,2%	117,1%**	95,0%	84,6%
Ólafsfjörður	625	26,7%	55,6%	66,7%	57,1%	81,8%
Dalvíkurbyggð	620-621	48,6%	63,2%	76,5%	82,4%	66,7%
Grimsey	611	100,0%	0,0%	0,0%	50,0%	100,0%
Hrísey	630	16,7%	100,0%	100,0%	100,0%	33,3%
Grýtubakkahreppur	610	71,4%	80,0%	100,0%	80,0%	33,3%
Siglufjörður	580	18,2%	30,8%	21,4%	17,2%	16,7%
Sv.f. Skagafjörður	550-571	19,0%	11,9%	4,1%	10,2%	4,9%
Húsavík	640	10,4%	3,1%	8,9%	0%	15,2%***

* Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandarhreppur.

** Þessi tala gæti skýrst af nokkrum mögulegum þáttum, t.d. misræmi milli pósthúsa og sveitarfélaganúmera eða flutningi á lögheimili vegna dreifbýlisstyrks. Þess ber að geta að fáir einstaklingar liggja á bak við þessa tölu.

*** Árið 2002 sameinast Húsavíkurbær og Reykjahreppur í Húsavíkurbæ - pósthúsi 640 og 641 að hluta.

Heimild: VMA og MA, Hagstofa Íslands 2003.

Skoðaðar voru tölur frá Hagstofu Íslands sem sýna hve hátt hlutfall af hverjum árgangi (skólasókn) sækir dagskóla í framhaldsskólum eftir landssvæðum haustið 2001. Í ljós kom að skólasókn á Norðurlandi eystra er svipuð og á höfuðborgarsvæðinu en skólasókn er nokkuð lægri í öðrum landshlutum. Suðurnes skera sig úr en þar er skólasókn lægst á landinu. Brottfall virðist vera meira hjá körlum en konum, sérstaklega á landsbyggðinni. Sá munur sem er á skólasókn 17 og 18 ára nemenda vekur sérstaka athygli sem bendir til þess að brottfall verði talsvert á þessu aldursbili (2. tafla).

Tafla 2. Skólasókn (hlutfall af árgangi) í dagskóla haustið 2001 eftir kyni, aldri og landsvæði.

		Alls	RVK	Hbsv utan Rvk	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur- land	Suður- land
Alls	16 ára	89	90	92	80	86	89	86	90	89	87
	17 ára	80	80	84	69	72	78	85	82	83	79
	18 ára	70	73	74	58	70	68	75	65	65	67
	19 ára	64	66	70	49	60	59	60	62	58	61
	20 ára	48	51	52	34	44	37	51	42	49	47
Kk	16 ára	88	90	93	75	80	82	83	89	87	88
	17 ára	78	79	82	65	70	75	87	82	80	78
	18 ára	67	71	70	50	66	61	70	58	58	63
	19 ára	59	62	64	43	56	53	55	59	48	60
	20 ára	50	51	53	38	47	44	50	44	54	50
Kvk	16 ára	90	90	91	87	91	97	89	90	92	87
	17 ára	82	82	86	74	75	81	83	82	85	80
	18 ára	74	74	77	65	75	74	82	72	72	71
	19 ára	69	69	77	56	66	65	65	67	68	63
	20 ára	46	50	51	29	40	30	52	39	43	43

Heimild: Hagstofa Íslands 2003.

Háskólar

Háskólinn á Akureyri er eina háskólastofnunin á Eyjafjarðarsvæðinu. Skoðaðar voru tölur um hlutfall nemenda við skólann frá Eyjafjarðarsvæðinu (3.tafla).

Tafla 3. Hlutfall nemenda frá Eyjafjarðarsvæðinu við HA

	1998	1999	2000	2001	2002
Hlutfall nemenda af Eyjafj.sv	64,6%	61,6%	57,5%	51,8%	48,6%
Þar af utan Akureyrar	4,4%	5,0%	6,2%	6,6%	6,1%

Heimild: Háskólinn á Akureyri

Nemendur frá Eyjafjarðarsvæðinu voru um 50% nemenda árið 2002, flestir komu frá Akureyri en aðeins 6,1% utan Akureyrar. Hlutfall nemenda af Eyjafjarðarsvæðinu af heildarfjölda nemenda við HA hefur farið lækkandi sem væntanlega kemur til vegna fjölgunar nemenda við skólann og þá sérstaklega fjölgunar fjarnemenda. Mun fleiri konur en karlar eru nemendur við Háskólann á Akureyri. Árið 2002 voru kvenkyns nemendur alls 769 en aðeins 273 karlkyns (Hagstofa Íslands, 2003). Fram hefur komið að fleiri stúdentar frá VMA fara í nám í Háskólann á Akureyri en fleiri stúdentar frá MA fara í Háskóla Íslands.

Sérskólar

Sérskólar á Eyjafjarðarsvæðinu eru Myndlistarskólinn og Tónlistarskólinn á Akureyri og Tónlistarskóli Eyjafjarðar.

Nemendur í Myndlistarskólanum voru árið 2002 alls 51. Nemendur á framhaldsskólastigi við Tónlistarskólann á Akureyri voru árið 2002 alls 16 en aðeins einn nemandi á framhaldsskólastigi var í Tónlistarskóla Eyjafjarðar árið 2002 (Hagstofa Íslands, 2003).

Tillaga 1: Skipuleg vinna gegn brottfalli úr námi.

Ástæður:

Eins og fram kemur í greinargerð starfshópsins er brottfall úr framhaldsskóla verulegt á Íslandi. Þær upplýsingar sem hópurinn hafði benda ekki til annars en að svipaða sögu sé að segja hér á Eyjafjarðarsvæðinu. Á Akureyri hefur þessi vandi t.d. birst sem aukning ungra karla með litla eða enga framhaldsmenntun á atvinnuleysisrá. Ýmislegt bendir einnig til þess að töluvert brottfall úr námi sé á milli framhaldsskóla- og háskólastigsins. Það er af flestum talið æskilegt og forsenda samfélagslegra framfara að sem flestir ljúki a.m.k. formlegu framhaldsnámi. Persónulegur ávinningur er einnig augljós.

Ávinningur:

Minnkar atvinnuleysi
Bætir stöðu og framtíðarmöguleika einstaklinga á svæðinu
Styrkir innviði samfélagsins
Eykur líkur á nýsköpun og framþróun atvinnulífs

Aðferð:

Hrundið verði af stað þróunarverkefni í samráði við framhaldsskólana á Akureyri og Háskólann á Akureyri, sem hefur það meginmarkmið að vinna gegn brottfalli nemenda á svæðinu. Verkefnið verður í senn rannsóknar- og þróunarverkefni. Upplýsinga um brottfallsástæður verður aflað, unnið er með skipulegum hætti gegn brottfalli með ráðgjöf og nemendaþjónustu, breyttum og sveigjanlegri kennsluháttum, skipulegri úttekt á þörfum fyrir nýtt námsframboð og e.t.v. skipulagsbreytingum á starfi skóla. Stofnað verði til formlegs samstarfs framhaldsskólastigsins og háskólastigsins til að gera uppbyggingu skólanna markvissari hér á svæðinu.

Ábyrgðaraðilar:

Starfshópur skipaður fulltrúum framhaldsskólanna, Háskólans á Akureyri og e.t.v. sveitarfélaganna á svæðinu. Hópurinn ræður starfsmenn eftir þörfum til þess að vinna að framgangi einstakra hluta verkefnisins.

Kostnaður:

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir á þessari stundu en ætti að liggja fyrir fljótlega eftir að verkefninu væri ýtt úr vör.

Tími:

Ræðst af uppleggi starfshóps en eðlilegt er að gera ráð fyrir að verkefnið spanni þrjú til fjögur ár.

Annað:

Ef vel tekst til með verkefni eins og þetta má gera ráð fyrir að hægt væri að nýta sambærilegar aðferðir annars staðar á landinu.

Tillaga 2: Aukið námsframboð til einstaklinga með stutta formlega menntun

1. Þjóða styttri námsbrautir með "brúm".
2. Stofnað verði námsver til eflingar fjarnáms.
3. Stofna Lýðháskóla á Eyjafjarðarsvæðinu.

Ástæður:

Markmiðið er að hækka þekkingarstig svæðisins og til þess að það sé framkvæmanlegt er nauðsynlegt að ná til þess hóps sem oft er kallaður 42% hópurinn á landsvísu, þ.e.a.s. sá hópur fólks sem ekki hefur lokið formlegu framhaldsskólanámi. Eins og kemur fram í stöðugreiningu starfshópsins má ætla að hann sé 49% á Eyjafjarðarsvæðinu.

Ávinningur:

Hækkar menntunarstig fólks á svæðinu.
Dregur úr atvinnuleysi.
Styrkir framtíðarmöguleika viðkomandi einstaklinga.
Styrkir framtíðarmöguleika svæðisins.

Aðferð:

Til að tryggja markvissa og góða þjónustu við þann hóp sem um ræðir þarf að efla formlegt samstarf þeirra aðila sem vinna að sí- og endurmenntun á Eyjafjarðarsvæðinu. Mikilvægt er að námsleiðirnar, kennsluumhverfið og kennslufræðin séu sniðin að þörfum þessa fjölbreytta hóps. Námsfyrirkomulagið þarf að einhverju leyti að taka tillit til fólks sem er í vinnu og hefur skyldur gagnvart fjölskyldu.

Þjóða styttri námsbrautir “með brúm”

Það eru til fordæmi fyrir styttingu námsbrauta fyrir ákveðna hópa sem hafa langa starfsreynslu og/eða hafa tekið þau óformlegu námskeið sem boðið hefur verið upp á fyrir viðkomandi starfsstétt. Þetta er kallað að “smíða brýr” og er leið til að hvetja þá sem ekki hafa menntun til að afla sér formlegrar viðurkenningar án þess að sitja alla þá áfanga sem krafist er af hefðbundnum framhaldsskólanemum. Námsbrautirnar þarf að þróa í nánú samstarfi við atvinnulífið á svæðinu.

Ábyrgðaraðilar:

Verkmenntaskólinn á Akureyri í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og viðkomandi fag- og stéttafélög.

Stofnað verði námsver til eflingar fjarnáms

Með námsveri er átt við miðstöð þar sem boðið er upp á góða aðstöðu til náms, tölvuaðgengi, bókakost og ráðgjöf auk félagslegrar samveru. Fjarkennsla er áhugaverður kostur bæði til að auka fjölbreytni framboðs og eins fyrir þá sem eiga erfitt með að stunda nám á hefðbundnum kennslutíma. Fjarkennsla er hægt að útfæra á ýmsan hátt tæknilega og kennslufræðilega séð. Fyrir þann hóp sem hér um ræðir geta námsleiðir sem byggjast á “sjálfsnámi” eða “tölvufærni” reynst þungar í skauti.

Ábyrgðaraðilar:

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Stofna lýðháskóla

Lýðháskólar eru hugsaðir fyrir fólk á öllum aldri. Fólk sem stætt er á tímamótun í lífinu þarf oft á tíðum að fá innblástur til að velja næstu skref, ekki síst ef grunnmenntun þess er lítil. Þetta er róttækasta tillagan en Lýðháskólar eru þekktir í Skandínavía.

Ábyrgðaraðilar:

Menntamálaráðuneytið, Samstarfsverkefni framhalds- og háskóla, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Akureyrarbær og sveitafélög við Eyjafjörð.

Annað:

Hugmyndirnar sem hér eru fram settar þarfnast frekari skoðunar til að hægt sé að setja fram kostnaðar- og tímaáætlun. Mikilvægt er að Eyjafjarðarsvæðið nái að nýta sér þá þjónustu sem nýstofnaðri Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er ætlað að sinna fyrir menntamálaráðuneytið en þeirra hlutverk er einmitt að sinna þessum “42%” hópi.

Tillaga 3: Aukið framboð formlegs framhaldsskólanáms.

1. Sérstakt átak til að auka framboð starfsnáms.
2. Framhaldsnám við utanverðan Eyjafjörð.
3. Átak í fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Kennsluaðferðir og nemendþjónusta.

Ástæður:

Með því að auka framboð formlegs náms á framhaldsskólastigi er stefnt að því að flestir þeir sem búa á Eyjafjarðarsvæðinu geti þar fundið nám við hæfi og þurfi ekki að flytja búferlum með ærnum tilkostnaði til þess að geta stundað nám í framhaldsskóla. Nú er svo komið að um 90% hvers árgangs hefur framhaldsskólanám og þess vegna hlýtur það að vera mikilvægt verkefni að tryggja íbúum hvar sem er á landinu eins greiðan aðgang að því eins og kostur er. Á sama tíma verður auðvitað að taka tillit til hagkvæmnissjónarmiða. Mikilvægt er einnig að hafa í huga það atvinnulíf sem leiðir beint og óbeint af menntastofnunum og þá möguleika sem felast í því að laða að fólk með því að bjóða upp á nám sem þykir áhugavert fyrir fleiri en bara þá sem á svæðinu búa. Loks eru það enn og aftur hagsmunir atvinnulífs svæðisins að í boði sé fjölbreytt framhaldsnám sem leiðir til þess að íbúarnir hafa fjölbreytta þekkingu og færni sem nýtist þeim fyrirtækjum sem þegar eru á svæðinu og til nýsköpunar í atvinnulífi.

Ávinningur:

- Aukin fjölbreytni leiðir til þess að fleiri sækja í nám og stunda það á Eyjafjarðarsvæðinu.
- Styrkur fyrir sveitarfélögin á svæðinu.
- Þjónusta sem eykur líkur á að íbúar vilji búa í sveitarfélögunum.
- Fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi er leið til þess að laða fleiri til svæðisins.
- Aukin fjölbreytni styður með ýmsu móti við atvinnulíf t.d. með því að auka líkur á nýsköpun.

Aðferð:

Sérstakt átak til að auka framboð starfsnáms

Sérstakt átak hvað varðar framboð starfsnáms á framhaldsskólastigi. VMA fái sérstakan stuðning til þess að halda úti enn fjölbreyttara starfsnámi en nú er.

Ábyrgðaraðilar:

Samstarfshópur fulltrúa atvinnulífsins og VMA.

Framhaldsnám við utanverðan Eyjafjörð

Framhaldsnám við utanverðan Eyjafjörð. Unnið verði með heimamönnum að því að skoða áfram hugmyndir um framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Verkefninu fylgi vilyrði um það að stofnað verði til slíkrar starfsemi ef það er talið heppilegt fyrir þá sem þar búa.

Ábyrgðaraðilar:

Starfshópur um framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð í samstarfi við fulltrúa menntamálaráðuneytis.

Átak í fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Kennsluaðferðir og nemendapjónusta

Þróun fjarnáms á framhaldsskólastigi. Unnið verði að því að þróa fjarkennsluaðferðir þannig að kennslan verði fjölbreyttari og henti ennþá fleirum en hún gerir nú þegar. Jafnframt verði unnið að því að auka þjónustu og stuðning við nemendur í fjarnámi.

Ábyrgðaraðilar:

Hópur skipaður fulltrúum framhalds- og háskóla á Akureyri.

Kostnaðar- og tímaáætlun:

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir á þessari stundu en ætti að liggja fyrir fljótlega eftir að verkefnunum væri ýtt úr vör. Sömu sögu er að segja um tímaáætlun.

Tillaga 4: Efling náms og rannsókna á háskólastigi.

1. Þróa nýtt nám á háskólastigi.
2. Efla framhaldsmenntun við Háskólann á Akureyri.
3. Efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri.

Ástæður:

Hækka hlutfall háskólamenntaðra á Eyjafjarðarsvæðinu sem er nú 12,1% til samræmis þeim svæðum sem við erum að keppa við svo sem höfuðborgarsvæðið sem er 22,9% eða svæði erlendis. Munurinn er í dag 10,8% og því að nokkru að stefna. Fjölgun háskólamenntaðra á Eyjafjarðarsvæðinu er mikilvæg til að efla þekkingariðnað sem og nýsköpun á svæðinu. Önnur markmið eru að halda ungu fólki á Eyjafjarðarsvæðinu sem og laða að nýtt fólk sem kæmi hingað til að leita menntunar.

Ávinningur:

Hækkar hlutfall háskólamenntaðra á Eyjafjarðarsvæðinu. Heldur ungu fólki á Eyjafjarðarsvæðinu og laðar að fleira ungt fólk. Auknar rannsóknir í tengslum við atvinnulífið eykur líkur á nýsköpun.

Aðferð:

Þróa nýtt nám á háskólastigi

Eitt af því mikilvægasta til að halda ungu fólki á svæðinu er að bjóða upp á fjölbreytt nám á háskólastigi. Starfshópurinn leggur til að skoðað verði sérstaklega með eflingu námsframboðs HA á sviði verk- og tæknigreina og listnáms. Við uppbyggingu verk- og tæknigreina telur starfshópurinn mikilvægt að unnið verði í nánú samstarfi við framhaldsskólana og atvinnulífið.

Nokkrar ástæður eru fyrir uppbyggingu listnáms á háskólastigi, en þar má nefna að nú þegar eru kenndar listgreinar sem liggja mjög nálægt háskólastigi svo sem málaraþraut og grafísk hönnun í Myndlistarskólanum á Akureyri. Einnig hefur verið aukning í listnámi á framhaldsskólastigi og því ekki óeðlilegt að ætla að aukin ásókn verði hjá framhaldsskólanemum í nám í listum. Hópurinn leggur einnig til að horft verði til fleiri greina í listnámi svo sem ljósmyndunar, kvikmyndunar, margmiðlunar o.s.frv.

Ábyrgðaraðilar:

Háskólinn á Akureyri í samstarfi við aðra skóla og atvinnulífið.

Efla framhaldsmenntun við Háskólann á Akureyri

Framhaldsnám er sífellt að verða mikilvægara í nútíma þjóðfélagi og nemendum í framhaldsnámi hefur fjölgað mjög. Starfshópurinn telur mikilvægt að háskólinn þróa framhaldsnám þar sem hann hefur sérstöðu og styrk. Aukið framhaldsnám styrkir rannsóknarþáttinn en framhaldsnámsrannsóknir eru oft unnar í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og því efla slíkar rannsóknir samstarf atvinnulífs og HA með hagsmuni beggja í huga.

Ábyrgðaraðili:

Háskólinn á Akureyri.

Efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri

Starfshópurinn telur mikilvægt að rannsóknir við Háskólann á Akureyri verði eflar til að hvetja til aukinnar nýsköpunar á Eyjafjarðarsvæðinu. Mikilvægt er að rannsóknir þessar tengist þróun atvinnulífs á svæðinu sem og búi til ný tækifæri fyrir frekari uppbyggingu svæðisins. Með rannsóknum er þá átt við rannsóknir kennara, nemenda (sérstaklega framhaldsnemenda) og samstarfstofnana. Mikilvægt er að efla enn frekar tengsl HA við aðrar rannsóknastofnanir og atvinnulífið til að efla rannsóknir og nýsköpun á svæðinu.

Ábyrgðaraðilar:

Háskólinn á Akureyri, samstarfsstofnanir og atvinnulífið.

6 SAMGÖNGUR

Inngangur

Hópin skipuðu :

Tryggvi Finnsson, formaður, framkvstj. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf, Húsavík,
Guðmundur Guðmundsson, Byggðastofnun Sauðárkróki
Guðmundur Heiðreksson, Vegagerðinni Akureyri
Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SBA-Norðurlandi Akureyri
Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA, Akureyri.
Jón Karl Ólafsson, framkvstj., Flugfélags Íslands Reykjavík
Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri Siglufirði.

Almennt um samgöngur og Eyjafjarðarsvæðið

Þýðing bættra samgangna fyrir Eyjafjarðarsvæðið

Bættar samgöngur eru ein mikilvægasta forsenda þess að vel takist til um styrkingu Eyjafjarðarsvæðisins samkvæmt ályktun Alþingis um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. Eitt megin markmið ályktunarinnar er „að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafli fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu“. Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið hefur þarna sérstöðu meðal annarra svæða á landinu skv. meirihlutaálitni iðnaðarnefndar Alþingis.

Í kjölfar bættra samgangna verða íbúar svæðisins, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki í betri tengslum bæði innbyrðis sem og út á við auk þess sem stærra svæði nýtur ávinningsins af

uppbyggingu á svæðinu. Því má segja að góðar samgöngur séu forsenda þess að Akureyri geti verið sá byggðakjarni sem stefnt er að í þjónustu- og atvinnulegu tilliti.

Stytting ferðatíma og sú breyting sem hún getur haft á búsetu og efnahag svæðisins er lykilatriði í augum starfshópsins. Stytting milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins er þannig mikilvæg bæði fyrir fyrirtækjarekstur á svæðinu, sem og til þess að íbúar svæðisins geti notið þeirrar margvíslegu þjónustu sem eingöngu er að hafa á höfuðborgarsvæðinu. Stytting ferðatíma getur bæði orðið með *styttingu vegalengda* og með því að *minnka tafir*.

Öryggi í samgöngum er mikilvægt fyrir íbúa Eyjafjarðarsvæðisins líkt og aðra landsmenn. Því er jafnframt lögð áhersla á samgöngur sem hafa það sem megin markmið. Bætt farsímasamband meðfram þjóðvegum er m.a. liður í því að gera ferðir, sérstaklega að vetrarlagi, öruggari og áhættuminni. Þetta á ekki hvað síst við um ferðir fjölskyldna til þess að sækja þjónustu og verslun. Aukið öryggi og öryggistilfinning vegfarenda veldur því að ferðir verða *fyrirvaralausari* og tíðni þeirra eykst og leggur starfshópurinn mikla áherslu á þann þátt.

Tillögur starfshópsins eru settar upp á hefðbundinn hátt þannig að með hverri tillögu fylgir greinargerð þar sem það þótti henta betur fyrir þann málaflokk sem hér um ræðir. Hvað ábyrgð á framkvæmd tillagna varðar er í flestum tilvikum um að ræða ríkisstofnanir sem bera ábyrgð á viðkomandi málaflokki. Í sumum tilvikum er þó starfshópnum kunnugt um að ákveðin verkefni hafa komið til umfjöllunar milli tveggja stofnana og þær hafi ekki komist að niðurstöðu um málið. Þá er samgönguráðuneytið sá aðili sem viðkomandi stofnanir heyra undir í flestum tilvikum. Hvað kostnað varðar er slíkt mjög óljóst fyrir sumar tillögur starfshópsins meðan slíkt liggur fyrir í öðrum tilvikum, gjarnan í samgönguáætlun.

Starfshópurinn hefur ekki forgangsraðað öllum sínum tillögum innbyrðis, t.a.m. í vegamálum, en áður en hægt er að koma þeim í framkvæmd þarf forgangsraðun að hafa farið fram. Samanburður einstakra kosta væri því æskilegur.

Stytting ferðatíma í samgöngukerfinu

Stytting ferðatíma í vegakerfinu felst annars vegar í styttingu vegalengda og hins vegar í því að gera vegi greiðfærari með því að minnka tafir. Stytting ferðatíma er bæði mikilvæg *út á við*, þ.e. gagnvart höfuðborgarsvæðinu og hins vegar *inn á við* þ.e. á nærsvæði eða upplandi Akureyrar á norðan- og austanverðu landinu.

Stysti mögulegi ferðatími milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins fæst hins vegar með því að nota áætlunarflug og hlýtur það áfram að verða besti kostur fyrir þá sem vilja eyða sem minnstum tíma í ferðalög á milli þessara staða.

Stytting ferðatíma í vegakerfinu er misjafnlega mikilvæg eftir tilgangi ferðar og einstökum hópum. Þannig má gera ráð fyrir að sú stytting sé sérstaklega mikilvæg fyrir almenningssamgöngur á vegum, vöruflutninga og ferðir fjölskyldunnar í einkabílum. Fyrir þá sem ferðast vegna vinnu sinnar, s.s. í viðskiptaferðum og í öðrum tilvikum þar sem lítil fyrirhöfn við ferðalagið og tímasparnaður skiptir mestu máli, mun áætlunarflugið að öllum líkindum áfram verða fyrsti valkostur.

Stytting vegalengda milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins

Stytting vegalengda milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins er mikilvæg vegna þess sparnaðar sem slík stytting hefur í för með sér fyrir fólk og fyrirtæki. Þannig mun samkeppnisstaða svæðisins að mati starfshópsins batna gagnvart svæðum sem nú eru innan þægilegrar þjónustusóknar frá höfuðborgarsvæðinu. Verði sú fólksfjöldun á svæðinu sem stefnt er að og atvinnuuppbygging á sviðum þar sem krafist er menntunar má vænta þess að stór hluti þess fólks komi frá höfuðborgarsvæðinu eða eigi þar fjölskyldutengsl. Hafa greiðar samgöngur milli þessara landssvæða einnig gildi í þessu samhengi.

Til umræðu er að jafna flutningskostnað fyrirtækja sem liggja fjarri höfuðborgarsvæðinu. Starfshópurinn telur styttingu vegalengda ágæta leið *samhliða* jöfnun flutningskostnaðar, enda sparar samfélagið niðurgreiðslur eftir því sem leiðin styttest.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld hugi að mótvægisáðgerðum þar sem staðir verða ekki lengur við aðalþjóðveg milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Tillaga 1: Styttingar á núverandi leið um Þjóðveg 1

Starfshópurinn leggur til að gerðar verði sem fyrst þær styttingar á Þjóðvegi 1 milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins sem skila mestri arðsemi fyrir vegfarendur skv. útreikningum Vegagerðarinnar.

Greinargerð

Í svari samgönguráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar á Alþingi veturinn 2002-2003 kom fram að tvær styttingar á þessari leið eru afar hagkvæmar. Í fyrra lagi er mesta mögulega stytting á þessum hluta Þjóðvegarins sunnan Blönduóss meðfram Svínavatni. Þar má ná fram um 15,5 km styttingu. Í öðru lagi er hagkvæmt að stytta Þjóðveginn um 3,5 km í Skagafirði sunnan Varmahlíðar. Í fyrra tilvikinu er, auk styttingar og hraðalækkunar um þéttbýli, verið er að sneiða hjá vegarkafli í utanverðum Langadal sem getur verið erfiður veðurfarslega. Að teknu tilliti til umferðar á þessari leið skilar stytting vegarins um hvern km 20 milljón kr. sparnaði árlega fyrir vegfarendur og er þá ekki tekið tillit til Þjóðhagslegs sparnaðar. Sú 19 km stytting sem hér er nefnd myndi kosta u.þ.b. 1.400 milljónir kr. og myndi borga sig upp á rúmlega þremur og hálfu ári. Með þetta í huga má sjá að arðbært er að fara í þessar framkvæmdir jafnvel þótt lagður yrði síðar nýr hálendisvegur milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins. Hægt er að líta á styttingu sem þessa sem sjálfstæða aðgerð til þess að auka arðsemi vegakerfisins ekki síður en aðgerð til þess að styrkja byggð á Eyjafjarðarsvæðinu.

Tillaga 2: Nýr valkostur á vegi milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins

Starfshópurinn telur rétt að könnuð verði til hlítar áhrif þess að leggja nýjan hálendisveg til viðbótar við Þjóðveg 1 sem stytting mjög vegalengdir milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins. Athugað verði t.d. hvaða félags- og efnahagsleg áhrif slík vegtenging gæti haft bæði fyrir Eyjafjarðarsvæðið og austanvert landið, svo og fyrir byggðarlög sem ekki verða lengur við Þjóðveginn, veðurskilyrði og snjóþungi í hugsanlegu vegarstæði o.fl.

Greinargerð

Nýr hálendisvegur sem þessi gæti stytta leiðina milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins um allt að 85 km eða rúmlega 20% miðað við núverandi vegalengd. Nýlega hefur Halldór Blöndal, alþingismaður, komið á framfæri hugmyndum að slíkum vegi og áætlanadeild Vegagerðarinnar hefur sett fram í skýrslu hugmyndir að fjórum mismunandi leiðum. Miðað við mestu styttingu yrði aðeins rúmlega 3ja tíma akstur milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Þar sem vegurinn færi, skv. einni tillögunni, mest í tæplega 800 m hæð yfir sjó þarf að kanna veðuraðstæður til hlítar. Starfshópurinn telur það þó alls ekki útiloka gerð slíks vegar ef væntanlegar rannsóknir myndu leiða í ljós að ástæða væri til að hafa hann lokaðan þegar vænta má verstu vetrarveðra. Fordæmi eru fyrir því erlendis frá að slíkt sé gert og vegurinn myndi engu að síður hafa afar þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Landflutningar hafa að miklu leyti tekið við af sjóflutningum. Mun stærri og fleiri flutningabílar fara um Þjóðveg 1 daglega en ráð var fyrir gert þegar stór hluti þessarar leiðar var hannaður. Þar sem mest af þungaumferðinni á leiðinni milli Eyjafjarðarsvæðisins og höfuðborgarsvæðisins á upphaf og endi á þessum stöðum mun sú umferð færast á hinn nýja veg. Hægt verður frá upphafi að hanna veginn með tilliti til slíkrar umferðar bæði hvað varðar breidd og burðarþunga. Hin mikla umferð flutningabíla eykur mjög viðhaldsþörf vega, skapar aukna slyshættu og eykur óöryggi annarra vegfarenda.

Aðrar úrbætur á leiðinni milli Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins

Starfshópurinn telur nokkrar aðgerðir á Þjóðvegi 1 til þess fallnar að gera umferð um hann greiðari og stytta ferðatíma.

Starfshópurinn telur nauðsynlegt að kannað verði mikilvægi jarðganga og breytinga á Þjóðveginum í Bakkaselsbrekku og á hábungu Öxnadalshéiðar vegna aukinnar og breyttrar umferðar auk hækkanði hlutfalls stórra flutningabíla frá því sem var þegar vegurinn var hannaður.

Lagt er til að þar sem Þjóðvegurinn liggur um þéttbýli verði skoðað hvort ástæða sé til að gerðar verði hjáleir til þess að minnka tafir vegfarenda og auka jafnframt umferðaröryggi þeirra og íbúa viðkomandi þéttbýlis.

Starfshópurinn leggur áherslu á að Þjóðvegur 1 uppfylli þær hönnunarkröfur sem gerðar eru til vega með 90 km hámarkshraða.

Lögð er áhersla á þýðingu Sundabrautar til þess að gera aðkomu að höfuðborgarsvæðinu frá norðri aðgengilegri.

Greinargerð

Tröllaskaginn, eitt mesta fjalllendi á Íslandi, skilur að Eyjafjarðarsvæðið og vestanvert landið. Vegtengingun yfir fjallendið, sem má í raun kalla lífæð Eyjafjarðarsvæðisins, liggur um Öxnadalshéiði sem er einn hæsti fjallvegur á Íslandi í 540 m h.y.s. Á tiltölulega stuttum kafla á hábungu heiðarinnar og í Bakkaselsbrekku ber oft svo við á vetrum að vegfarendur eiga í erfiðleikum vegna ófærðar og óveðurs. Frá því að vegurinn um Bakkaselsbrekku og Öxnadalshéiði var hannaður og lagður, hefur umferð aukist mjög, sér í lagi þungra vöruflutningabíla. Þessir flutningabílar eru að jafnaði mun stærri og þyngri en þá tíðkaðist og sjóflutningar hafa einnig að mestu lagst af. Þá er þjónustusókn til Akureyrar meiri frá vestanverðu Norðurlandi en var fyrir nokkrum árum og gæti aukist enn frekar með úrbótum á þessari leið. Með þetta í huga telur hópurinn nauðsynlegt að kannað verði hvort ástæða sé til aðgerða á þessum slóðum.

Ljóst er að samsöfnuð áhrif margra stærri og „smærri“ aðgerða í þjóðvegakerfinu geta stýtt ferðatíma talsvert á langri leið og eru hér því nefnd nokkur dæmi um slíkt.

Nýleg rannsókn sem styrkt var af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar hefur leitt í ljós að margar beygjur á þjóðveginum, þ.á.m. á leiðinni milli Eyjafjarðarsvæðisins og höfuðborgarsvæðisins bera ekki 90 km hámarkshraða. Fleiri þættir sem tengjast gerð vegarins geta einnig haft svipuð áhrif. Lagfæring á þessu er bæði umferðaröryggismál og gerir umferð greiðari.

Starfshópurinn telur rétt að benda á að ýmsar aðgerðir, þótt þær séu langt frá Eyjafjarðarsvæðinu, koma íbúum þar til góða. Vart þarf að nefna mikilvægi Hvalfjarðarganga í þessu sambandi. Lagning Sundabrautar er gott dæmi um áformaða framkvæmd sem hefur áhrif í þessa veru. Fyrir þá sem aka Vesturlandsveg nú verða nokkrar tafir við að aka um þéttbýli í Mosfellsbæ, auk þess sem slyshætta er mikil á þessum kafla.

Auðveldari aðkoma nærsvæða á norðan- og austanverðu landinu að Eyjafjarðarsvæðinu

Starfshópurinn leggur áherslu á aðgerðir í vegamálum sem eru til þess fallnar að gera Akureyri sem aðgengilegasta fyrir íbúa á norðan- og austanverðu landinu. Gott dæmi um framkvæmd sem þessa eru Héðinsfjarðargöng en með þeim verða Siglfirðingar innan atvinnu- og þjónustusvæðis í Eyjafirði.

Starfshópurinn leggur áherslu á að áfram verði unnið að undirbúningi Vaðlaheiðarganga sem lið í að tengja betur saman Eyjafjörð, Þingeyjarsýslur og austanvert landið. Ljóst er að ríkisvaldið þarf að koma að þeirri framkvæmd eigi hún að verða að veruleika.

Starfshópurinn fagnar því að nú sér fyrir endann á uppbyggingu hálendisvegarins milli Norður- og Austurlands sem hefur leitt til þess að samskipti þessara landshluta eru sífellt að aukast og mikilvægt er að aðgengi að framkvæmdasvæðinu á Austurlandi sé sem best.

Starfshópurinn leggur til að vetrarþjónusta á veginum milli Norður- og Austurlands verði aukin þannig að honum verði haldið opnum alla daga í stað sex daga vikunnar nú.

Lagt er til að kannaðir verði þeir samgöngukostir sem færir eru til þess að tengja betur byggðirnar vestan Tröllaskaga við Eyjafjarðarsvæðið.

Greinargerð

Stytting vegalengda frá nærsvæðum til Akureyrar sem langstærsta þjónustukjarna á norðan- og austanverðu landinu er afar mikilvæg til þess að markmið byggðaáætlunar um styrkingu byggðar á svæðinu ná fram að ganga. Í greinargerð með þingsályktunartillögu um byggðaáætlun fyrir árin 2002-2005 kom fram að „ef svo öflugur þéttbýlisstaður er innan t.d. 2–3 klst. akstursfjarlægðar fá íbúar á grannsvæðum betri aðgang að þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi, menntun og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og þar með batna búsetuskilyrði þeirra. Skilyrði til atvinnurekstrar batna líka vegna nálægðar við þjónustu, þekkingu, stærri markað og fleiri viðskiptatækifæri, auk þess sem ferðamannastraumur eykst“.

Ástand vegakerfisins á Eyjafjarðarsvæðinu og nálægum svæðum verður að teljast allgott á íslenskan mælikvarða en auknar kröfur um samskipti og breytt notkun vegakerfisins, s.s. aukin atvinnusókn, þjónustusókn og vöruflutningar knýja sífellt á um endurbætur.

Í skýrslu Eyþings um Vaðlaheiðargöng frá desember 2002 kemur m.a. fram að göngin séu tæknilega einföld framkvæmd og fjárhagslega vel framkvæmanleg. Gert er ráð fyrir að göngin séu fjármögnuð sem einkaframkvæmd á mótí framlagi ríkisins. Innheimt veggjöld, u.þ.b. helmingur af því

sem innheimt er í Hvalfjarðargöngum, yrðu notuð til að greiða niður skuldir af framkvæmdinni. Í skýrslunni kemur fram að ekki sé hægt að ráðast í verkið án verulegrar þátttöku ríkisins. Sú þátttaka geti verið af ýmsum toga, s.s. að Vegagerðin leggi til kostnað við undirbúning og rannsóknir sem hlutafé, ríkisábyrgð á lánum til að fá sem hagstæðasta vexti, aðkomuvegir kostaðir af ríkinu, niðurfelling virðisaukaskatts og síðast en ekki síst fyrrgreint fjárframlag úr ríkissjóði.

Samskipti til nágrannabyggðarlaga Eyjafjarðarsvæðisins í vestri eru minni en nágrannabyggðarlaga í austri. Því er eðlilegt að kannaðar verði leiðir til þess að bæta samgöngur og stytta leiðir milli byggðarlaga sitt hvorum megin Tröllaskagans.

Ýmsar samgöngubætur á austanverðu Norðurlandi eru mikilvægar m.a. til að bæta aðgengi að þessu kjarnasvæði landshlutans. Dæmi um framkvæmdir sem þessar er ný brú yfir Skjálfandafliót sem styttr leiðina milli Húsavíkur og Akureyrar nokkuð, nýr vegur um Tjörnes sem lokið verður við árið 2003 og nýr vegur yfir Öxarfjarðarheiði, en mikilvægt er að áætlanir um gerð hans standist.

Aðrar aðgerðir til að bæta samgöngur

Tillaga 3: Bætt símasamband á þjóðvegum

Lagt er til að GSM-símasamband verði bætt meðfram þjóðvegum landsins.

Greinargerð

Tillagan er liður í því að gera ferðir, sérstaklega að vetrarlagi, öruggari og áhættuminni. Samkvæmt kortum frá Landssíma Íslands sem sýna útbreiðslu GSM-dreifikerfisins er símasambandslaust á stórum köflum á þjóðvegum landsins sem eykur þá áhættu sem fylgir vetrarferðum. Þetta á ekki hvað síst við um ferðir fjölskyldna til þess að sækja þjónustu og verslun. Starfshópurinn álfur að þetta hafi þau áhrif að ferðir innan svæðisins verði fyrirvaralausari jafnframt því sem áhætta við ferðalög minnkar.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni voru viðræður við Landssímamann um að bæta þetta ástand í tengslum við gerð samgönguáætlunar. Kom í ljós að þar sem mörg göt eru í dreifikerfinu á þjóðvegi 1 er kostnaður við þetta mjög mikill og ekki ljóst hvernig hann myndi skiptast milli Vegagerðarinnar og símafyrirtækjanna. Þessi vinna mun hafa legið niðri síðan haustið 2002.

Tillaga 4: Bættar merkingar á vegum í óbyggðum

Starfshópurinn leggur til að merkingar verði bættar á vegum sem liggja um óbyggðir s.s. milli Mývatnssveitar og Jökuldals.

Greinargerð

Ferðir um hálendisvegi eru frábrugðnar ferðum um vegi í byggð, kennileyti og önnur viðmið um staðsetningu eru á köflum af skornum skammti og öryggisleysi fylgir því fyrir marga vegfarendur að langt er til næsta áningarstaðar. Til þess að auðvelda ferðir fólks um slíka vegi geta góðar merkingar meðfram veginum haft hlutverki að gegna og geta gert ferðir um slíkan veg áhættuminni og auðveldari fyrir vegfarendur. Dæmi um slíkar upplýsingar geta verið staðsetning og fjarlægð frá helstu áfangastöðum og staðsetning næsta neyðarsíma ef til eru. Þá er símasamband á þeim svæðum sem vegirnir liggja um, auk neyðarsíma, mikilvægt.

Tillaga 5: Almennings­samgöngur

Almennings­samgöngur á landi

Starfshópurinn leggur til að gerð verði tilraun með almennings­samgöngukerfi til a.m.k. fimm ára innan svæðisins, eða allt frá Siglufirði í vestri til Húsavíkur og Mývatnssveitar í austri. Ljóst er að slík tilraun verður ekki gerð nema til komi stuðningur við verkefnið frá ríki og sveitarfélögum.

Greinargerð

Hliðstæð tillaga hefur verið lögð fram af Árna Steinari Jóhannssyni á Alþingi en ekki hlotið þar afgreiðslu. Tillaga starfshópsins er að því leyti víðtækari að starfssvæðið er stærra. Rekstrargrundvöllur almennings­samgöngukerfis í Eyjafirði var kannaður af Rekstri og ráðgjöf Norðurlandi ehf. árið 1999. Þar kom fram að helstu viðskiptavinir slíks almennings­samgöngukerfis yrðu framhalds- og háskólanemar, fólk sem sækir vinnu út fyrir heimabyggð og ferðamenn, auk almennings. Gert var ráð fyrir að rekstrarkostnaður slíks kerfis yrði á bilinu 34-37 milljónir kr. árlega. Ekki var lagt mat á rekstrartekjur en samt gert ráð fyrir að greiða þyrfti með rekstrinum líkt og nær algilt er með rekstur sem þennan. Í skýrslunni kemur fram að almennings­samgöngukerfi um Eyjafjarðarsvæðið sé skref í átt til mótunar öflugrar heildar sem skapi sterkari valkost við höfuðborgarsvæðið enda hafi fólk þá fjölbreyttara atvinnuúrval, öflugri og betri þjónustu og meira frelsi til búsetuvals innan svæðisins.

Tillagan sem hér er lögð fram tekur tillit til breyttra aðstæðna á svæðinu. Áætlunarflug hefur verið lagt niður frá Húsavík og almennings­samgöngur í tengslum við það yrðu samþættar svona kerfi. Þegar Héðinsfjarðargöng verða komin í notkun gildir svipað um flugfarþega þaðan. Sókn í Háskólann á Akureyri t.d. frá Húsavík hefur verið að aukast. Nokkuð er um að búið sé á Húsavík meðan á námi stendur og ekið á milli, m.a. hefur verið gerð tilraun með að laga rútuferðir milli staðanna að slíkri notkun.

Áætlunarferðir eru milli Austurlands og Eyjafjarðarsvæðisins á sumrin en þörfin á slíkum samgöngum allt árið hlýtur að aukast með virkjana- og stóriðjuframkvæmdum, uppbyggingu Háskólans á Akureyri og annarra menntastofnana og aukinni sérhæfingu heilbrigðisstofnana. Hvort þær samgöngur komast á hlýtur þó endanlega að ráðast af því hvort rekstrargrundvöllur verður til staðar.

Flugsamgöngur

Starfshópurinn leggur áherslu á að miðstöð innanlandsflugs verði áfram staðsett í Reykjavík. Æskilegt er að bæta aðstöðu til að taka á móti farþegum þar, t.d. með umferðarmiðstöð sem gæti boðið upp á bættu tengingu við aðrar almennings­samgöngur. Tilfærsla innanlandsflugs til Keflavíkur myndi kollvarpa því kerfi innanlandsflugs sem við búum við nú.

Starfshópurinn fagnar því að hafið er á ný millilandaflug frá Akureyri og leggur áherslu á að yfirvöld geri það sem í þeirra valdi stendur til þess að framhald verði þar á.

Starfshópurinn leggur til að Akureyrarflugvöllur verði bættur hvað varðar tækjabúnað (radar, aðflugstæki) og öryggisbúnað ásamt því að aðstaða á flugvöllinum verði þannig að hún henti til móttöku stærri hópa ferðamanna.

Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að áætlunarflug verði áfram stundað frá Akureyri til minni staða á norðanverðu landinu og slíkt flug verði styrkt þar sem þess gerist þörf. Tíðni flugsins þarf að auka frá því sem nú er til að gera þetta flug að raunhæfari valkosti fyrir almennig.

Greinargerð.

Starfshópurinn telur ljóst að innanlandsflug muni ávallt halda talsverðri markaðshlutdeild þrátt fyrir að ferðatími til höfuðborgarsvæðisins eftir vegakerfinu styttest. Flugferð milli Akureyrar og Reykjavíkur mun alltaf taka innan við 1/3 þess tíma sem stysta mögulega ferð eftir vegum milli þessara staða tekur. Þau þægindi og tímasparnaður sem flugið býður upp á hentar ákveðnum hópum mjög vel. Miðað við ferð fram og til baka verður tímasparnaður þeirra sem fljúga alltaf 4-5 klst. umfram mestu hugsanlegu styttingu ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins eftir vegakerfinu sem er mikill munur, sérstaklega fyrir þá sem fara í stuttar og/eða tíðar ferðir. Verði áætlunarflugið hins vegar flutt frá Reykjavík til Keflavíkur verður tímasparnaðurinn mun minni og flugið mun síðri valkostur en ella.

Það áætlunarflug sem nú er nýhafið á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar er ákaflega þýðingarmikið fyrir þróun svæðisins. Má þar nefna tímasparnað í ferðum, aukinn ferðamannastraum inn á Norðurland, valkost fyrir íbúana á styttri ferð til erlendar borgar o.fl.

Aðstaða á Akureyrarflugvelli getur gert erfitt um vik að taka á móti stórum hópi ferðamanna samtímis. Til þess að völlumurinn geti enn betur sinnt hlutverki sínu er einnig æskilegt að huga ávallt að endurbótum á honum og búnaði hans til að taka á móti sem flestum gerðum flugvéla eftir því sem þörf er á hverju sinni.

Til þess að halda úti áætlunarferðum til minni staða hafa yfirvöld veitt styrki til þeirra flugleiða, þetta gildir m.a. um flug til nokkurra staða út frá Akureyri. Mikilvægt er að haldið verði áfram að styrkja þetta flug þar sem þess gerist þörf. Til þess að flug sem þetta verði raunhæfur valkostur við bílinn telur starfshópurinn mikilvægt að tíðni ferða sé nægilega mikil, t.d. möguleiki á flugi fram og til baka sama daginn.

Ýmislegt bendir til þess að aukin þörf geti orðið á áætlunarflugi milli Akureyrar og Egilsstaða, sér í lagi ef ekki verður boðið upp á rútuferðir milli staðanna.

Tillaga 6: Hafnir og flutningar á sjó

Starfshópurinn leggur til að bættar landssamgöngur verði nýttar til þess að auka samstarf og verkaskiptingur hafna á mið-Norðurlandi.

Starfshópurinn telur mikilvægt að við flutningsjöfnun á ýmsum vörum milli landshluta verði jafnræðis gætt hvort sem um er að ræða flutninga á sjó eða landi.

1.1.1 Greinargerð.

Þegar eru starfandi tvö hafnasamlög á Eyjafjarðarsvæðinu, annars vegar Hafnasamlag Eyjafjarðar með starfssvæði við utanverðan Eyjafjörð að vestan og hins vegar Hafnasamlag Norðurlands við innanverðan og austanverðan Eyjafjörð. Þegar landssamgöngur batna enn frekar og vegalengdir styttest með jarðgöngum skapast möguleikar á ákveðinni hagræðingu á þessu sviði.

Eins og staðan er í dag er ekki jafnræði milli sjó- og landflutninga hvað varðar flutningsjöfnun á ýmsum vörum milli landshluta. Það er ein ástæða þess að sífellt stærri hluti vöruflutninga hefur verið að færast yfir á vegakerfið með tilheyrandi slyshættu fyrir vegfarendur, óhóflegu sliti á umferðarmannvirkjum, minnkandi notkun hafnarmannvirkja og tekjumissi fyrir hafnarsjóði. Ef snúið verður af þessari braut má eining sjá fyrir sér að aftur skapist möguleikar á aukinni starfsemi á svæðinu, t.d. í sambandi við birgðahald eða rekstur s.k. vöruhótela.

7 ERLEND RÁÐGJÖF UM BYGGÐAMÁL

Inngangur

Í skipunarbréfi stafshópsins segir m.a.: “Auk áður nefndra atriða er starfshópnum m.a. ætlað að vinna að því að fá erlenda ráðgjöf um byggðamál sérstaklega frá OECD, sem miði að því að treysta Eyjafjarðarsvæðið sem byggðakjarna, sem byggi á heildrænum tengslum dreifbýlis og þéttbýlis í byggða- og efnahagsmálum. Athugun nái bæði til Eyjafjarðarsvæðisins og höfuðborgarsvæðisins, sem og landsins alls og byggi á sjálfbærri þróun og stöðugleika. Byggt verði á reynslu og aðferðafræði OECD í þessu sambandi. Einnig verði höfð hliðsjón af ráðgjöf frá öðrum aðilum s.s. Nordregio og verkefnum innan ESB”.

Til að fjalla um þetta verkefni stafshópsins hélt hann 4 fundi, auk þess sem aðilar öfluðu gagna á milli funda með ýmsum hætti. Á fund nefndarinnar kom m.a. Seppo Heikkilä, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu Lapplands í Brussel og fulltrúi í sveitarstjórn Kempele í Finnlandi, en hann gerði grein fyrir helstu áherslum Finnlands á sviði byggðamála.

Nefndin fjallaði nokkuð ítarlega um ýmis atriði er snúa að erlendri ráðgjöf á sviði byggðamála, ekki síst atriðum er snúa að ráðgjöf OECD á sviði byggðamála.

Segja má að nefndin hafi lagt áherslu á 5 megin atriði í sinni niðurstöðu, en þessi atriði eru:

- Aukin alþjóðavæðing og breyttar aðstæður kalla á nýjar áherslur.
- OECD verði fengið til ráðgjafa á sviði byggðamála, er nái bæði til dreifbýlis og þéttbýlis.
- Auka samstarf við erlenda aðila á sviði byggðamála.
- Auka upplýsingaöflun um erlendar áherslur á sviði byggðamála.
- Tengja þarf í auknum mæli málefni landsbyggðar og höfuðborgarinnar.

Í störfum nefndarinnar var lögð mest vinna og áhersla í að fjalla um hugsanlega vinnu OECD á sviði byggðamála, þar sem stofnunin hefur á umliðnum árum sinnt þessum málaflokki í vaxandi mæli, og tengt umfjöllun og greiningu á sviði almennra efnahagsmála. Í störfum OECD er því umfjöllun um byggðamál ekki eitthvað gamaldags eða úrelt, heldur hluti af skipulegri og markvissri umfjöllun á sviði efnahagsmála. Með aukinni alþjóðavæðingu hefur mikilvægi svæðisbundinnar umfjöllunar um hagþróun og byggðamál einnig aukist.

Hóþinn skipuðu :

Baldur Pétursson, formaður, deildarstjóri, iðnaðarráðuneyti, Reykjavík
Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri þróunarsviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík,
Ari Skúlason, framkvæmdastjóri Aflvaka, Reykjavík
Guðmundur Guðmundsson, Byggðastofnun, Sauðárkróki
Gunnar Frímansson, verkefnastjóri þjónustusviðs bæjarskrifstofu Akureyrar, Akureyri
Sigmundur Ernir Rúnarsson, ritstjóri, Reykjavík
Stefán Ólafsson prófessor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.

Tillögum nefndarinnar verður nú lýst nánar.

Tillaga 1: Aukin alþjóðavæðing og breyttar aðstæður kalla á nýjar áherslur.

Alþjóðavæðing skapar nýjar og breyttar ógnanir og tækifæri fyrir fyrirtæki, samtök, sveitarfélög, stjórnvöld og einstök lönd. Vaxandi alþjóðavæðing krefst aukins mannafla og fjármagns til að sinna þeim málum, eigi að vera mögulegt að bregðast við breyttum aðstæðum, nýta þau tækifæri og forðast ógnanir. Aukin alþjóðavæðing hefur gert auknar kröfur á hendur fyrirtækjum, sveitarfélögum og löndum. Við þessum breyttu aðstæðum verður að bregðast ætli fyrirtæki og sveitarfélög að halda í og/eða auka hlut sinn í samkeppni um fólk og fyrirtæki.

Mikilvægt er að auka almennt ýmsa starfsemi er snýr að þessum breyttu aðstæðum. Þetta á ekki síst við um ýmsa starfsemi á sviði byggðamála innan sveitarfélaga bæði í dreifbýli og þéttbýli. Áherslur og verkefni á sviði Verkefnisstjórnar um byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð verða að taka mið af þessu.

Í umfjöllun um erlenda ráðgjöf á sviði byggðamála kom fram að almennt þyrfti að tengja umfjöllun og starf á sviði byggðamála betur erlendri ráðgjöf en verið hefur. Þetta stafar m.a. af áhrifum alþjóðavæðingar á byggðapróun og viðskipti og atvinnulíf almennt, þar sem alþjóðavæðing hefur mun meiri áhrif á þessi atriði nú og í framtíð en áður. Aðstæður á Íslandi m.a. á sviði byggðamála eru mun háðari alþjóðavæðingu nú og því er mikilvægt að greina þróun og strauma á þessu sviði erlendis og miðla þeirri þekkingu til landsins. OECD verði fengið til ráðgjafar á sviði byggðamála, er nái bæði til dreifbýlis og þéttbýlis.

OECD verði fengið til að vinna að úttekt um sjálfbæra byggðastefnu, þar sem Eyjafjarðarsvæðið verði einn af megin þáttum athugunarinnar, en könnunin myndi einnig ná til höfuðborgarsvæðisins og landsins alls, þar sem fjallað verði um samspil þéttbýlis og dreifbýlis sem og samstarf opinberra aðila og einkaaðila (public private partnership) á sviði byggðamála. Meðfylgjandi fylgir nánar útfærð tillaga hvað þetta varðar.

Tillaga 2: OECD verði fengið til að vinna að úttekt um sjálfbæra byggðastefnu, þar sem Eyjafjarðarsvæðið væri einn af megin þáttum athugunarinnar, en könnunin myndi einnig ná til höfuðborgarsvæðisins og landsins alls, þar sem fjallað væri um samspil þéttbýlis og dreifbýlis sem og samstarf opinberra aðila og einkaaðila (public private partnership) á sviði byggðamála.¹³

Greinargerð

Meginhugmynd:

Á grunni mikillar reynslu og þekkingar OECD á þessu sviði, er talið mikilvægt að verkefni sem þetta verði unnið hér á landi. OECD hefur aukið rannsóknir, athuganir og ráðgjöf á sviði byggðamála frá því sem áður var. Þetta gefur sterka vísbendingu um að byggðamál eru ekki eitthvað sem er "úrelt eða gamaldags" - heldur er starf á þessu sviði mikilvægur hlekkur í samræmdri og skilvirkri efnahags-, skipulags- og hagbróun einstakra svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Eins og þekkt er, þá er starf OECD ekki bundið við Evrópu - heldur einnig aðildarlönd í Ameríku og Asíu m.a. á sviði byggðamála og hafa sambærilegar kannanir nýlega farið fram í nálægum löndum, m.a. Finnlandi og Danmörku. Talið er mikilvægt að í umfjöllun um byggðamál verði ekki einungis horft á innlend atriði, heldur einnig á þætti, verkefni og vinnuferli sem tekist hafa vel í okkar nágranna- og samkeppnislöndum. Þessar áherslur eru einnig í samræmi við umfjöllun starfshóps um byggðamál frá árinu 2002.

Markmið:

Verkefnisstjórnin telur mikilvægt, að nýta eins og kostur er þá erlendu þekkingu sem til staðar er á sviði byggðamála erlendis, ekki síst innan OECD, til að treysta sem best þau grunnöggn, vinnubrögð, tillögur og umfjöllun sem fram fer innan nefndarinnar. Þetta er mikilsvert til að læra af mikilli reynslu og starfi erlendis á þessu sviði, í Bandaríkjunum, Evrópu, Asíu sem og Ástralíu - sem forðað getur því að Ísland geri mistök sem önnur lönd hafa gert, en þó fyrst og fremst til að læra af því sem best hefur tekist til erlendis, til að treysta starf á þessu sviði sem best. Með aðkomu OECD eru miklar líkur á því að hægt sé að byggja upp jákvæða ímynd af umfjöllun um byggðamál – sem talið er mikilvægt til að vinna þessum málum aukið almennt fylgi. Með verkefninu er einnig stefnt að því að innlendir aðilar taki sem mestan þátt í framkvæmd þess, í þeim tilgangi að byggja upp og yfirfæra þekkingu í verkefnum sem þessum til innlendra aðila.

Ábyrgð á framkvæmd:

Sett verði upp sérstök verkefnisstjórn þeirra aðila sem að starfinu koma.

Þátttakendur:

Verkefnisstjórn um byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð; iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Akureyrarbær, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Byggðastofnun og Háskóli Íslands. Einnig gæti verið æskilegt að félagsmálaráðuneyti, sem ráðuneyti sveitarstjórnarmála, komi að starfi þessu og samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Tímaáætlun:

2003-2004. Mikilvægt er að sem fyrst sé hægt að setja þetta mál af stað sökum vaxandi álags hjá OECD í verkefnum sem þessum. Vegna mikilla anna OECD, þarf staðfestingu frá Íslandi vegna þessa sem fyrst.

Kostnaður:

Fulltrúar OECD hafa sagt að kostnaður yrði sá sami og gert var í fyrra tilboði þeirra til IVR vegna sambærilegs verkefnis árið 2002. Samkvæmt því mati er kostnaður um 12,5 m.kr (140.000 Euro), fyrir allt verkið bæði hvað varðar úttekt á Eyjafjarðarsvæðinu og einnig landinu öllu. Aðilar að verkefninu beri allir hluta kostnaðar.

Annað:

Mikilvægt er að innleiða nýjungar í umfjöllun um byggðamál – og markaðssetja þá umfjöllun í samræmi við það – en við slík vinnubrögð eru miklar líkur á að hægt sé að byggja upp mun

¹³ Tillagan er byggð á umfjöllun verkefnisstjórnar um þetta efni, sem og vinnu og tillögu starfshóps um erlenda ráðgjöf um byggðamál til verkefnisstjórnar, en í honum sitja fulltrúar Reykjavíkur, Akureyrar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnunar, Háskóla Íslands, IVR og formaður Verkefnisstjórnar byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð.

jákvæðari ímynd af umfjöllun um byggðamál en verið hefur – sérstaklega í þéttbýli. OECD hefur óumdeilt sterka og jákvæða ímynd á öðrum sviðum hagkerfis / þjóðmála sem þeir hafa komið að hér á landi – og tímabært er að það sé einnig nýtt á sviði byggðamála. Þetta getur skapað ný og sterk sóknarfæri í umfjöllun, verkefnum og árangri á sviði byggðamála.

Tillaga 3: Aukið samstarf við erlenda aðila á sviði byggðamála.

Lagt er til markvissara og aukið samstarf innlendra aðila við erlenda á sviði byggðamála – hvað varðar uppbyggingu á kjarnasvæði eins og Eyjafjarðarsvæðinu. Þetta á við um opinbera aðila og einkaaðila sem koma að slíku verkefni.

Ísland og Eyjafjarðarsvæðið taki aukinn þátt í verkefnum innan OECD og ESB, sem talin eru arðbær og hagnýt. Í þessu sambandi má sérstaklega nefna LEED verkefni OECD sem líklegt er að henti ýmsum aðilum hér á landi, svo sem rannsóknaraðilum, bæjar- eða sveitarstjórnnum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og öðrum aðilum sem koma að umfjöllun um byggðamál. Lagt er til að aðilar á Eyjafjarðarsvæðinu gerist aðilar að LEED verkefni OECD.

Sama á við um einstaka verkefni innan ESB, s.s. innan INTERREG sem opin eru löndum utan ESB. Lönd eins og Sviss, Noregur, Grænland og Færeyjar hafa nýtt sér þetta í auknum mæli – s.s. með verkefninu Norðurslóðaáætluninni, NPP (Northern Periphery Programme), en Ísland hefur nú í rúmt ár tekið þátt í því verkefni með góðum árangri og hafa fjölmörg verkefni víðsvegar um landið notið góðs af því samstarfi. Sama má segja um verkefnið NORA sem er verkefni á sviði norrænnar samvinnu og hefur einnig gefið góða raun.

Tillaga 4: Aukin upplýsingamiðlun um erlendar áherslur á sviði byggðamála.

Aukin verði upplýsingamiðlun um erlendar áherslur á sviði byggðamála. Þetta verði m.a. gert með reglulegum ráðstefnum, heimsóknum viðkomandi aðila til erlendra aðila sem og heimsóknum erlendra aðila á sviði byggðamála til Íslands og Eyjafjarðar. Lagt er til að fengnir verði aðilar er m.a. fjalli um hlutverk klasa við að auka samkeppnishæfni svæða og fyrirtækja.

Tengja þarf í auknum mæli málefni landsbyggðar og höfuðborgarinnar.

Í umfjöllun kom fram að svo virtist sem það torvelldaði þróun á sviði byggðamála að mismunandi skilningur er á umfjöllun um byggðamál í þéttbýli og dreifbýli. Klárlega vantar meiri upplýsingar og umfjöllun um svokallað public - private, partnership og hvernig starfi á því sviði er háttað.

Einnig vantar meiri upplýsingar og umfjöllun um samspil á milli þéttbýlis og dreifbýlis í umfjöllun um byggðamál – sérstaklega hvað varðar hlut þéttbýlis í slíkri umfjöllun. Ein aðferð til að auka umfjöllun um hlut þéttbýlis í umfjöllun um byggðamál, er að efna til sérstakrar umfjöllunar um samspil þéttbýlis og dreifbýlis – m.a. með aðkomu erlendra aðila.

Tillaga 5: Tengja þarf í auknum mæli málefni landsbyggðar og höfuðborgarinnar.

Í umfjöllun kom fram að svo virtist sem það torvelldaði þróun á sviði byggðamála að mismunandi skilningur er á umfjöllun um byggðamál í þéttbýli og dreifbýli. Klárlega vantar meiri upplýsingar og umfjöllun um svokallað public - private, partnership og hvernig starfi á því sviði er háttað. Byggt verði á ráðgjöf OECD á sviði byggðamála, er varðar tengsl dreifbýlis og þéttbýlis.

Einnig vantar meiri upplýsingar og umfjöllun um samspil á milli þéttbýlis og dreifbýlis í umfjöllun um byggðamál – sérstaklega hvað varðar hlut þéttbýlis í slíkri umfjöllun. Ein aðferð til að auka umfjöllun um hlut þéttbýlis í umfjöllun um byggðamál, er að efna til sérstakrar umfjöllunar um samspil þéttbýlis og dreifbýlis – m.a. með aðkomu erlendra aðila.

Lagt er til að haldin verði ráðstefna er fjalli sérstaklega um samspil þéttbýlis og dreifbýlis.

8 AÐRAR TILLÖGUR - VERKEFNISSTJÓRNAR

Tillaga 1: Háskóli Sameinuðu þjóðanna (HSp) starfræki sérstakan skóla á sviði auðlindalíftækni við Háskólann á Akureyri (HA)

Megin hugmynd: Við auðlindadeild HA starfi sérstakur skóli HSp á sviði auðlindalíftækni. Skólinn veiti nemendum frá þróunarríkjunum starfstengt nám í líftæknilegum aðferðum við auðlindanýtingu. Unnið yrði að verkefnum með fjölþjóðlega skírskotun við auðlindanýtingu. Lögð yrði áhersla á líftæknileg rannsóknarverkefni í anda sjálfbærrar þróunar. Mikilvægt er að nemendum kynnist ólíkum líftæknilegum aðferðum frá matvælaframleiðslu til lyfjaframleiðslu. Á umliðnum árum hefur stuðningur og áhersla á þróunarsamvinnu víða farið vaxandi á alþjóðavettvangi sem og hér á landi. Framlög Íslands til þróunarsamvinnu hafa verið að aukast og boðuð hefur verið enn meiri aukning á komandi árum. Ísland byggir afkomu sína að stórum hluta á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og Ísland hefur aflað sér mikillar reynslu og þekkingar á því sviði. Svo nýta megi fjármuni sem best og tryggja árangur af þróunarsamvinnu er mikilvægt að horft sé til þeirrar sérstöðu og þekkingar sem er í landinu. Tillaga að nýjum skóla HSp á Íslandi í auðlindalíftækni við HA fellur vel að stefnumörkun Íslands á sviði þróunarmála og er til þess fallin að styrkja það starf sem fyrir er hér á landi. Um er að ræða viðbótarstarfsemi sem ekki yrði í samkeppni við það sem fyrir er á því sviði.

Markmið: Skóli HSp við HA starfi á þeim þremur sviðum auðlindalíftækni sem fyrir eru hjá HA; umhverfis- og orkulíftækni, fiskeldi og á sviði lífvirkra auk- og bætiefna. Innan umhverfis- og orku er megináherslan lögð á niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna (vetni, metan, etanol). Á svið fiskeldis verður lögð áhersla á heilbrigði og fóður. Á sviði lífvirkra efna verður lögð áhersla á framleiðslu efna sem bæta heilsu manna, t.d. efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukefni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið. Megináhersla verður á kennslutengdum rannsóknum á líftæknilegum aðferðum við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Það er því um tvenns konar svið að ræða, þekkingarmiðlun um líftæknilega auðlindanýtingu og hins vegar markaðstengd verkefni um mögulega afurðasölu.

Ábyrgð á framkvæmd: Þverfaglegur vinnuhópur skipuðum fulltrúum HA, utanríkisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis undirbúi tillögur að framkvæmd málsins, með hliðsjón af kröfum HSp í Tókýó um starfshætti.

Tími: Starfshópur verði skipaður 2004 og skili tillögum að framkvæmd sem fyrst.

Kostnaður: Reikna má með að kostnaður verði svipaður pr. nemenda og þegar er hjá öðrum sambærilegum skólum HSp hér á landi, sjávarútvegs- og jarðhitaskólunum.

Tillaga 2. Líftækninet á Akureyri

Megin hugmynd:

Komið verði á fót líftækninetsamstarfi með líftækniyrirtækjunum á Íslandi til að samþætta betur rannsóknarstarf og markaðsáherslur. Lagt er til að yfirstjórn samstarfsins verði á Akureyri í tengslum við það rannsóknar- og þróunarmhverfi sem þar er að byggjast upp kringum Háskólann á Akureyri og rannsóknarstofnanir atvinnuveganna.

Markmið Öndvegisnets í auðlindalíftækni er að vinna að:

- samhæfingu rannsóknartengdra þróunarverkefna og hagnýtum markaðsdrifnum verkefnum
- með starfandi líftækniyrirtækjum, fyrirtækjum í skyldum greinum eða þekkingarfrumkvöðlum
- í samstarfi við innlenda og erlenda aðila
- með það markmiði að efla hag- og farsæld lands og þjóðar.

Á samningstímanum komi fram afurðir og þekking sem hefur afgerandi áhrif á nýsköpun og samkeppnishæfni líftæknigeirans á Íslandi.

Ástæður og ávinningur:

Reynsla er fyrir því að verulega hagnýtur árangur næst þegar sett eru fram metnaðarfull markmið og verkefni á sviði rannsókna og þróunar og þeim fylgt eftir með fjármagni til framkvæmda.

Ábyrgð á framkvæmd:

Fyrir verkefninu yrði valin stjórn sem réði forstöðumann. Stjórn verkefnisins yrði skipuð fulltrúum líftækniðnaðarins á Íslandi sem mun samræma tillögur og taka afstöðu um forgangsmál til rannsóknar og þróunar.

Kostnaður:

Gert er ráð fyrir að framlag til verkefnisins yrði á bilinu 30 til 40 milljónir kr. á ári. Til viðbótar þessu kæmi framlag til verkefna frá fyrirtækjum, stofnunum og samkeppnissjóðum.

Tillaga 3: Vestnorrænt samstarf - verkefni með skrifstofu á Akureyri

Megin hugmynd:

Komið verði á fót sameiginlegu verkefni vestnorrænu landanna til að efla samstarf milli þeirra á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Á vegum verkefnisins verði sett upp skrifstofa vestnorræns samstarfs á Akureyri sem vinni í samvinnu við stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga. Reynslan hefur sýnt þörfina fyrir ákveðna forustu í samstarfi sem snýr að hinum venjulegu samskiptum þess fólks sem byggir svæðið. Hjálpa þarf verkefnum af stað fyrstu 2-3 árin en á þeim tíma tekst yfirleitt að skapa þau tengsl sem nauðsynleg eru til að verkefni haldi áfram vegna þess að öll löndin sjá sér hag í því.

Markmið.

Að hjálpa þeim sem eru með raunhæf og áhugaverð samstarfsverkefni og búa til ný og sjá um framkvæmd á þeim fyrst í stað meðan verið er að festa þau í sessi. Með þessu móti fengist betri nýting á fjármuni sem varið er til ýmissa verkefna og á það bæði við um lán og styrki sem ýmsir sjóðir veita. Jafnframt verði gerður samningur við skrifstofuna á Akureyri um framkvæmd á samstarfssamningi sem í gildi er milli menntamálaráðuneyta landanna til næstu þriggja ára. Hann er góðra gjalda verður en tiltekna forystu vantar til að einstök verkefni nái fram að ganga.

Ábyrgð á framkvæmd.

Stjórn verkefnisins skal skipuð 4 mönnum, einum frá hverju landi en fulltrúi Akureyrarbæjar verði formaður stjórnar þessi reynsluár, skipaður í samráði við iðnaðarráðherra, enda fari iðnaðaráðuneytið með forystu verkefnisins gagnvart stjórnvöldum hinna landanna. Í svona tilraunaverkefni er nauðsynlegt að starfsmaður og formaður stjórnar séu á sama stað til þess að tryggja gott samráð.

Tími.

Frá 1. júlí 2004 til 31. des 2008.

Kostnaður.

1. Ríkistjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands leggi fram Dkk 1.000.000 á ári í 4 ár sem skiptast á eftirfarandi hátt milli landanna: Ísland Dkk 500.000 og Færeyjar og Grænland Dkk 250.000 hvort land.
2. Akureyrarbær leggi til skrifstofuáðstöðu fyrir starfsmanninn og sjái um bókhald verkefnisins auk þess sem Akureyrarbær leggi fram Dkk 100.000 árlega sem styrk til verkefna.

Tillaga 4. Stjórnsýsla fiskeldis flutt til Akureyrar

Megin hugmynd / markmið:

Margt mælir með Akureyrarbæ sem álitlegum stað fyrir stjórnsýslu fiskeldismála á Íslandi. Á Akureyri starfa öflug fyrirtæki á sviði fiskeldis sem eru leiðandi á sínu sviði hér á landi og fyrirhuga þau umfangsmikinn rekstur í fiskeldi. Stjórnsýsla fiskeldis (Eldisstofa) á Akureyri myndi starfa í náinni samvinnu við Háskólann á Akureyri, en þar er fyrir sérhæfð þekking á líftækni og auðlindamálum. Starfsemi sem þessi yrði því einnig frekari stoð undir starfsemi auðlindadeildar Háskólans á Akureyri (HA). Meðal samstarfsstofnana HA eru Hafrannsóknastofnun, Matvælasetur og rannsóknastofnanir fiskiðnaðar og landbúnaðar. Jafnframt skal á það bent að stjórnsýsla fiskeldismála á Íslandi virðist í mörgum tilvikum flókin og ekki nægjanlega skilvirk. Það er mat þeirra sem til þekkinga í greininni að einfalda þyrfti ferlið við leyfisveitingar og hafa öll leyfi og eftirlit tengt eldi undir einum hatt. Atvinnugreinin er í örum vexti og eftirlit með eldisstöðvum á eftir að aukast.

Ástæður og ávinningur:

Auka skilvirkni og hagkvæmni, fyrir hið opinbera og atvinnulífið. Samlegðaráhrif að staðsetja þetta á Akureyri þar sem fyrir er veruleg þekking og starfsemi á tengdum málum.

Ábyrgð á framkvæmd:

Skipaður verði sem fyrst starfshópur iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og Akureyrarbæjar, sem taki málið til greiningar og komi með tillögur sem að málinu snúa fyrir október 2004.

Kostnaður: Hagæðing til lengri tíma fyrir opinbera aðila og einkaaðila.

Tillaga 5. Bætt gagnavinnsla er varðar, vinnumarkað og atvinnulíf á einstaka svæðum landsins**Megin hugmynd / markmið:**

Megin hugmynd með þessari tillögu er að auka gagnavinnslu og upplýsingamiðlun er varðar vinnumarkaðsmál, efnahagsmál og atvinnulíf eftir svæðum hér á landi. Markmiðið er að einstök svæði hafi betri stöðumat á áðurnefndum sviðum, til að geta betur brugðist við þróun á sviði efnahags- og atvinnumála en verið hefur. Í þessu sambandi má nefna atriði s.s. fjölda ársverka eftir atvinnugreinum, kyni, aldri o.fl.- eftir svæðum og sveitarfélögum.

Ástæður og ávinningur:

Þetta er nauðsynlegt þar sem einstök svæði og sveitarfélög eru sí vaxandi mæli að öðlast meiri og meiri ábyrgð á stjórnun og þróun efnahags- og atvinnumála á viðkomandi svæði. Grunnur að stefnumótun sem og viðbrögðum innan fyrirtækja sem einstakra svæða er að fyrir hendi séu skilvirkar og nýjar upplýsingar um atvinnu- og efnahagsmál viðkomandi svæðis. Þar sem Byggðastofnun hefur hætt fyrri gagnasöfnun á þessu sviði er mikilvægt að þeir aðilar sem sjá eiga um síka vinnslu geti annast slíkt á skjótvirkan og öruggan hátt. Byggðastofnun hafði áður komið sambærilegri beiðni á framfæri á fundum með Hagstofunni án niðurstöðu. Þetta er nú farið að hamlá því að hægt sé að fylgjast með þróun byggðar og atvinnulífs í landinu, en þess má geta að stofnunin hafði á árabílinu 1988 til 1997 haft slíkar upplýsingar og unnið greiningar sem hér að framan er lýst

Ábyrgð á framkvæmd:

Hagstofan í samráði við viðeigandi stofnanir.

Kostnaður:

Ekki verið metinn.

Tillaga 6. Áhersla verði lögð á sameiningu og samstarf sveitarfélaga**Megin hugmynd / markmið:**

Miklar breytingar eiga sér nú stað víðs vegar um heim, m.a. á sviði byggðamála. Alþjóðavæðing hefur gert það að verkum að samstarf á milli svæða, ekki síst stórra og smárra, er mun mikilvægara en áður, þar sem þau stærri virka oft sem aðgangur þeirra smærri að enn stærri markaði, á sama tíma og þau smærri eru mikilvæg undirstaða þeirra stærri.

Aukið samstarf, samskipti sem og aðgangur er því bæði mikilvægur innávið innan einstakra svæða sem landa, en ekki síður útávið. Mikilvægt er að greina stöðu og þróun einstakra svæða ef stefnumörkun hjá þeim á að bera árangur á sama hátt og í hverju öðru fyrirtæki. Á sama tíma eru verkefni og völd að færast í auknum mæli til sveitarfélaga á ýmsum sviðum, hér á landi sem í nálægum löndum. Þessi verkefni eru oft of viðamikil til að lítil sveitarfélög ráði vel við slíkt. Einnig má nefna verkefni og atriði er varða aukin alþjóðleg samskipti og eftirlit s.s. hagsmunagæslu vegna EES-málefna, en margar EES-tilskipanir koma til framkvæmda hjá sveitarfélögum. Öll þessi þróun, vaxandi umfang og ábyrgð sveitarfélaga vegna ýmissa mála, krefst nýrra áherslna af hálfu þeirra, ekki síst til aukinnar samvinnu og / eða sameiningar - þar sem þá er oft hægt að vinna að viðkomandi málefnum með hagkvæmari hætti en áður.

Ástæður og ávinningur:

Ástæður fyrir auknu samstarfi og / eða sameiningu er að smæð sveitarfélaga torveldar þeim í mörgum tilvikum að vinna að málum er varða hagsmuni þeirra á mörgum sviðum.

Ábyrgð á framkvæmd:

Aðilar á Eyjafjarðarsvæðinu sem að sveitarstjórnarmálum koma, svo og stjórnvöld hvað varðar almenna þróun í þessum málum hér á landi.

Kostnaður:

Ekki verið metinn, en líkleg hagræðing vegna samlegðaráhrifa.

Tillaga 7. Fjölgað verði störfum á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu - skipan starfshóps.**Megin hugmynd / markmið:**

Fjölgað verði störfum á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu, þar sem hlutfall slíkra starfa er fyrir neðan hlutfall íbúafjölda svæðisins. Mikilvægt er að gera þetta að stefnumarkandi atriði þar sem Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið en annar stærsti byggðakjarni landsins. Sérstaklega skal í þessu sambandi horft til starfa er tengjast matvælastarfsemi, enda mikil reynsla og sérfræðipækning á því sviði á svæðinu. Sérstök áhersla skal á þetta lögð þegar um breytingar er að ræða, s.s. vegna nýrra stofnana og/eða ýmissa nýrra verkefna innan starfandi stofnana eða þegar um nýráðningar er að ræða.

Ástæður og ávinningur:

Nýlega birti Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar athyglisverða skýrslu¹⁴ sem ber heitið “Staðsetning starfa á vegum ríkisvaldsins - Höfuðborgarsvæðið og Eyjafjörður” (sjá nánar kafla IV, bls. 19). Megin niðurstaða skýrslunnar er að ef jafnvægi væri á milli íbúafjölda og fjölda starfa á vegum ríkisins á Eyjafjarðarsvæðinu annarsvegar (7,6% af íbúafjölda) og höfuðborgarsvæðisins hins vegar (62,4% af íbúafjölda), þá þyrfti að fjölga störfum ríkisins um 380 á Eyjafjarðarsvæðinu.

Helstu möguleikar til fjölgunar opinberra starfa á Eyjafjarðarsvæðinu eru líklega á sviði rannsóknna tengdum sjávarútvegi og annarri matvælavinnslu. Þekking í sjávarútvegi á Eyjafjarðarsvæðinu er mjög góð og aukning ríkisstarfa á því sviði myndi bæði styrkja atvinnugreinina á svæðinu og auka áhrif þeirra starfa á greinina í heild umfram það sem nú er. Störf í eftirliti með öðrum matvælum og rannsóknum myndi einnig henta vel í ljósi mikilvægis svæðisins sem matvælaframleiðslusvæðis fyrir landið. Þau störf myndu hafa mikil áhrif á svæðið, einnig í ljósi tengingar við Háskólann á Akureyri. Einnig eru möguleikar á fjölgun starfa á vegum ríkisins á öðrum sviðum, s.s. tölfræði- og gagnavinnslu, o.fl.

Ábyrgð á framkvæmd:

Forsætisráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og viðeigandi ráðuneyti – skipaður verði starfshópur til að útfæra nánari tillögur í málinu.

Kostnaður:

Ekki verið metinn.

¹⁴ Staðsetning starfa á vegum ríkisvaldsins - Höfuðborgarsvæðið og Eyjafjörður.
<http://afe.is/files/2004031112130062.pdf>

